



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. mars 2006 — 82. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Hættur á Séð&Heyrt



Kristján Þorvaldsson, annar af ritstjórum Séð&Heyrt, er hættur á blaðinu. Hann segist hlakka til að takast á við ný verkefni.

FÓLK 50

Ærnar á Lóni fara í sónar

Nýjustu tækni og vísindum er beitt við fjárbúskapinn á Lóni II í Kelduhverfi. Bóndinn veit því hve von er á mörgum lömbum í vor.



TILVERAN 16

Ísland horfi austur

Ýmislegt bendir til að Ísland muni snúa sér að Evrópusambandinu og NATO eftir aðstoð í varnarmálum, segir Birgir Guðmundsson. Gangi það eftir myndi það marka mikilvæg tímamót.

Í DAG 26


KR stofnar akademíu

KR er að setja á fót knattspyrnuakademíu þar sem efnilegustu leikmenn félagsins munu geta ræktað hæfileika sína. Hugmyndin er að gera góða leikmenn enn betri.



ÍÞRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG



FROSTLAUST ALLRA SYÐST - Í dag verður norðaustan hvasssviðri við suður- og vesturströndina. Hægari vindur norðaustan til. Eljagangur á landinu norðan- og austanverðu en þurrt og skýjað syðra.

VEÐUR 4

Alltaf að vinna?

Kynntu þér Vildarþjónustu fyrirtækja



sph
550 2000 | www.sph.is

Verður að kaupa vatn þó hann fari

Bandaríkjaher er skuldbundinn til að kaupa heitt vatn af Hitaveitu Suðurnesja þó að hann hætti starfsemi sinni á Keflavíkurflugvelli. Varnarliðið er stærsti einstaki viðskiptavinur Hitaveitunnar og getur ekki hætt kaupum skyndilega.

VARNARMÁLIN Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli verður að halda áfram að kaupa heitt vatn af Hitaveitu Suðurnesja þó að það hætti allri starfsemi í Keflavík og flytji herinn brott.

Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitunnar, segir að Varnarliðið sé skuldbundið um ótilgreindan tíma og þurfi að semja sig frá þessum samningi vilji það hætta að kaupa heitt vatn.

Varnarliðið er stærsti einstaki kaupandinn að heitu vatni hjá Hitaveitu Suðurnesja, kaupir um 13 þúsund mínútulítra á ári á meðan sveitarfélögin á Suðurnesjum kaupa samtals tæpa 17 þúsund mínútulítra. Samkvæmt samningnum má Varnarliðið aðeins

minnka vatnskaupin um fjögur prósent á ári og getur því ekki hætt vatnskaupunum skyndilega.

„Það er ekkert tiltekið í samningnum sem gefur tilefni til þess að hann verði endurskoðaður í ljósi þess að varnarliðið er að fara,“ segir Júlíus og bendir á að ekkert sé vitað hvort húsin verði hituð áfram eða ekki.

„Við erum búnir að koma þeim skilaboðum á framfæri við utanríkisráðherra að það þurfi að taka á þessum heitavatnskaupum en þetta er bara hluti af stóru myndinni og er ekki í forgangi í samningaviðræðunum,“ segir hann en leggur um leið áherslu á að aðilar þurfi að virða samninga. Núverandi samningur hafi verið gerður

árið 1998 og í honum hafi verið settar skorður á hvað megi minnka vatnskaupin mikið í einu.

„Þetta var gert vegna þess að við töldum að Varnarliðið væri ótryggur viðskiptavinur sem gæti látið sér detta í hug að hlaupa burt hvenær sem væri,“ segir Júlíus. Stjórnarfundur verður haldinn í Hitaveitunni í dag og verður stjórninni gerð grein fyrir stöðu mála.

Varnarliðið byrjaði að kaupa heitt vatn af Hitaveitu Suðurnesja árið 1981. Það hefur einnig keypt rafmagn af Hitaveitunni en í samningum um rafmagnskaupin er þriggja mánaða uppsagnarfrestur.

- ghs/mh



ÓKÁTUR FORSETI Á tali við Wolfgang Schäussel, kanslara Austurríkis. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Chirac Frakklandsforseti:

Strunsaði út af leiðtogafundi

BRUSSEL, AP Jacques Chirac Frakklandsforseti gekk út af leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel í gær þegar Ernest-Antoine Seilliere, fyrrverandi formaður samtaka franska atvinnurekenda, tók að tala ensku.

„Ég ætla mér að tala ensku, tungumál viðskiptaheimsins,“ sagði Seilliere, sem nú er formaður samtaka evrópskra atvinnurekenda.

Chirac kom aftur inn í salinn strax og Seilliere hafði lokið ræðu sinni. Venjan er sú að embættismenn tala eigin tungumál á fundum Evrópusambandsins.

- gb

Lánasýsla ríkisins:

Tilboðum í bréf hafnað

VIÐSKIPTI Ekki var tekið tilboðum í útboði ríkisbréfa hjá Lánasýslu ríkisins á miðvikudag. Áætlað var að selja bréf fyrir 1,5 til 5 milljarða króna og bárust 13 gild tilboð fyrir 3,7 milljarða króna. Tilboðum var síðast tekið í útboði 18. janúar og þá með meðalávöxtunarkröfu upp á 8,11 prósent. Ávöxtunarkrafa í útboðinu nú nam 8,52 prósentum og þótti hún of há.

Bloomberg og Financial Times segja útboðið endurspeglar ríkjandi óvissu í þöndu hagkerfi. Þessu mótmælir Lánasýslan. Slík útboð séu grunn á markaði og þegar tímabundið álag sé vegna neikvæðrar umræðu hafi ekki þótt ástæða til að taka tilboðum með álagi sem endurspeglar tímabundna vantrú á efnahagslífinu.

- óká



ALDREI FÓR ÉG SUÐUR Það fór vel á með aðstandendum hátíðarinnar Aldrei fór ég suður og bakhjörum hennar næstu þrjú árin, þegar skrifað var undir samning á Reykjavíkurflugvelli í gær. Jón Þór Þorleifsson og Greipur Gíslason beygja sig í baki til þess að hjálpa fulltrúum bakhjarlanna að skrifa undir. Á myndinni eru einnig Eva Magnúsdóttir, fyrir hönd Símans, Örn Elías Guðmundsson, Mugison, Halldóra Björnsdóttir frá Glitni, og Gróa Ásgeirsdóttir fulltrúi Flugfélags Íslands.

-sjá síðu 40 FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Danskur múslimi hvetur til sprengjuárásar gegn þingmanni:

Segist hafa verið að grínast

PARÍS, AP Ahmed Akkari, talsmaður hóps múslimakerlka í Danmörku, virðist hafa hvatt til þess að gerð yrði sprengjuárás á danskan þingmann, Naser Khader, sem sjálfur er múslimi.

Akkari var kvikmyndaður á laun af frönskum sjónvarpsmönnum þar sem hann tekur til máls gegn teiknimyndunum af Múhammed spámanni, þegar lætin út af þeim voru hvað mest fyrr á þessu ári.

„Ef hann verður ráðherra útlendingamála,“ sagði Akkari um



AHMED AKKARI Í gær var hann staddur á alþjóðlegri ráðstefnu íslamskra fræðimanna í Barein.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þingmanninn, „ættu þá ekki tveir náungar að fara að hitta hann til að sprengja hann í loft upp, hann og

ráðuneyti hans?“ sagði Akkari, þar sem hann sat í bifreið ásamt félögum sínum. Þeir voru á leiðinni í viðtal í Danmörku.

Akkari sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann sagðist „engan veginn“ taka þessi ummæli alvarlega, hann hafi bara verið að grínast.

Fjallað var um ummæli Akkaris í dönskum fjölmiðlum í gær. Anders Fogh Rasmussen forsætisráðherra sagði það vera alvarlegt mál ef hann væri í raun að hvetja til hryðjuverka gegn þingmanni.

- gb

Oregið í dog

Átt þú miðo?

HAPPDRETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings





SPURNING DAGSINS

Jóhann, á ekki að setja AFA á stofnun?

Nei, það á að stofna AFA og sá afi fer seint á stofnun.

Stofnfundur Aðstandendafélags aldraðra, AFA, verður haldinn á sunnudag. Jóhann G. Bergþórsson er einn af hvatamönnum félagsins.



FAGNAÐARFUNDIR Cortez Stewart, í miðrið, var kát þegar hún hitti fjölskyldu sína á ný.

Fellibylurinn Katrín:

Síðasta týnda barnið finnst

BANDARÍKIN, AP Síðasta barnið sem týndist þegar fellibyljirnir Ríta og Katrín ríðu yfir suðurhluta Bandaríkjanna í fyrrahaust, komst heil og höldnu til fjölskyldu sinnar í síðustu viku.

Cortez Stewart, fjögurra ára, var ein af 5.192 börnum sem týndust þegar náttúruhamfarirnar gengu yfir, og hafa barnaverndar-yfirvöld unnið með Alríkislögreglunni, pósthjónustunni og öðrum aðilum við að koma þeim til fjölskyldna sinna. Flest voru börnin frá New Orleans, þar sem mikil flóð og örvæntingarfullar björgunaraðgerðir skildu fjölskyldu-meðlimi hvern frá öðrum. Öll nema tólf fundust á lífi.

- smk

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slys á Kárahnjúkum Maður slasaðist á hendi við vinnu í aðgöngum 2 á Fljótsdalsheiði í fyrrið. Var hann fluttur til rannsóknar í aðalbúðir Kárahnjúka og þaðan á sjúkrahúsið á Egilsstöðum en meiðsli hans reyndust ekki alvarleg.

Fíkniefnafundur í Reykjavík Lögregla í höfuðborginni gerði upptækt lítið magn af hassi við leit í tveimur bílum í fyrrið. Viðkomandi voru yfirheyrdir og sleppt að yfirheyrslum loknum.

Klippt af ótrygðum bílum Sérstakt átak er hjá lögreglu í Reykjavík að klippa númer af ökutækjum sem ekki hefur verið greitt af lögbundnar tryggingar. Sex bileigendur komu að tækjum sínum í gærmorgun númerslausum vegna þessa.

Fjórði hver Suðurnesjamaður sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið:

Innan sama atvinnusvæðis

ATVINNULÍFIÐ Tæplega fjórðungur heimamanna á Suðurnesjum, eða 23 prósent, vinnur á höfuðborgarsvæðinu. Þrettán prósent þeirra sækja vinnu í Reykjavík og rúm níu prósent í sveitarfélögum í kring. Rúmlega tvö prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins vinna á Suðurnesjum.

Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífisins, segir samtökin líta á Suðurnesin og höfuðborgarsvæðið sem sama atvinnusvæðið. Því þurfi að ígrunda aðgerðir vegna brottflutnings Varnarliðsins vel. Gera þurfi veigamikla úttekt á því hve mörg starfanna



RAGNAR ÁRNASON Samtök atvinnulífisins segja höfuðborgarsvæðið og Suðurnesin sama atvinnusvæði. Flutningur ríkisstofnana suður eftir sé ekki skynsamlegur þótt hægt sé að flytja nokkur starfanna til.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

600 verði áfram á Keflavíkurflugvelli og hve mörg muni tapast áður en ráðist verði í flutning rík-

isstofnana til Suðurnesja. „Ekki á að hlaupa til og lofa aðgerðum fyrr en menn hafa sett niður með greinargóðum hætti hvaða störf munu tapast varanlega. Einnig þarf að sjá hvort vandinn leysist ekki þar sem eftirspurn er eftir starfsmönnum á Keflavíkur-svæðinu.“

Ragnar segir að veigamikil rök þurfi fyrir því að færa ríkisstofnun frá Reykjavík til Keflavíkur: „Við lítum ekki á það sem skynsamlega ráðstöfun að færa örfá störf milli staðanna þar sem þeir eru innan sama atvinnusvæðis.“

Hagstofa Íslands rýndi í tölurnar að beiðni Fréttablaðsins.

- gag

Sveitarfélög endurskoði áætlanir sínar

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson telur að sveitarfélög þurfi að endurskoða áætlanir sínar í kjölfar mikilla launahækkana. Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu stýra rekstrarumhverfi landsbyggðarsveitarfélaga, segir bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.


SVEITARFÉLÖG Launahækkanir sveitarfélaga munu reyna á þolmörk rekstrar sveitarfélaganna í landinu, svo háar eru þær.

Þetta segir Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, formaður Sambands sveitarfélaga, en hann telur að sveitarfélögin verði að taka fjárhagsáætlanir til endurskoðunar vegna þeirra. „Ég hef bent á það að launahækkanirnar sem samþykktar voru yrðu íþyngjandi fyrir sveitarfélögin í landinu og að þetta myndi þýða það að sveitarfélögin í landinu þyrftu að forgangsraða í rekstri sínum. Að auki felur þetta í sér töluverða skuldasöfnun, sem mun reyna á þolmörk sveitarfélaganna.“

Samkvæmt tölum sem kynntar voru hjá félagsmálanefnd Alþingis fyrr í vikunni, munu launahækkanir sem samþykktar voru á launamálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitafélaga, kosta sveitarfélögin í landinu 3,6 milljarða króna.

Starfsmenn sveitarfélaga

FJÁRHAGSÁÆTLANIR FYRIR OG EFTIR LAUNAHÆKKANIR



FRÁ HÖFUDBORGARSVÆÐINU Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefur áhyggjur af launahækkunum starfsmanna sveitarfélaga. Hann segir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu bera ábyrgð á þeirri erfiðu rekstrarstöðu sem komin er upp vegna mikilla launahækkana.

hækkuðu umtalsvert í laununum á síðasta ári en mesta hækkunin nam 22 prósentum.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa mótað þann farveg sem öll sveitarfélög í landinu eru nú með rekstur sinn í. Þensla á höfuðborgarsvæðinu hafi komið landsbyggðinni illa og launahækkanirnar komi fyrst og fremst niður á íbúum sveitarfélaganna. „Á höfuðborgarsvæðinu var byrjað að gefa undan og semja um miklar launahækkanir. Þar hefur verið mikil þensla og lítið atvinnuleysi, og landsbyggðin hefur sogast inn í þessa atburðarás. Sveitarfélögin á landsbyggðinni hafa ekki eins miklar tekjur og eiga því í meiri erfiðleikum með að standa undir þessum hækkunum en sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Í mínum huga er ljóst að hækkun-



HALLDÓR HALLDÓRSSON

VILHJÁLMMUR P. VILHJÁLMSOON

irnar verða borgaðar af íbúum sveitarfélaganna á endanum.“

Halldór segir íbúa sveitarfélaga alls staðar á landinu gera sambærilegar kröfur um þjónustu. Þess vegna geti miklar launahækkanir ýtt undir versnandi þjónustu sveitarfélaga á landsbyggðinni. „Þessi aukni kostnaður breytir engu um þær kröfur sem íbúarnir gera. Þeir vilja góða þjónustu og við verðum að geta sinnt henni.“

magnush@frettabladid.is

Slysið á Hofsjökli:

Pilturinn er á batavegi

SLYS Líðan Jónasar Kristjánssonar, píltsins unga sem lifði af þegar jeppabifreið sem hann var farþegi í steyptist ofan í sprungu á Hofsjökli fyrir tæpum mánuði síðan, er eftir atvikum.

Jónas slasaðist töluvert í slysinu en hefur náð sér að mestu. Hann hefur þó enn skerta tilfinningu í fótum.

Jónas dvelur nú á Kristnesspítala í Eyjafjarðarsveit þar sem hann er í endurhæfingu. Læknar telja að hann muni ná fullum bata innan nokkurra vikna.

Náinn vinur hans og félagi, Tómas Ýmir Óskarsson, lést í slysinu.

- aðe

Banahögg fyrir Hæstarétti:

Fékk þriggja mánaða dóm

DÓMSMÁL Scott Ramsay var í gær dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir að veita dönskum hermanni, Fleming Tolstrup að nafni, hnefahögg inni á skemmtistað í Keflavík, með þeim afleiðingum að hann lést. Fimmtán mánuðir af refsingunni eru skilorðsbundnir.

Ramsay var dæmdur til þess að greiða foreldrum Tolstrup 65 þúsund danskar krónur í bætur vegna höggsins, auk einnar og hálftrar milljónar íslenskra króna.

Réttarmeinafræðingur sagði í vitnisburði sínum í héraðsdómi að áverkar Tolstrup sem hefði fengið við höggið væru afar sjaldgæfir, en hann lést snögglega vegna höfuðáverka.

Ramsay játaði brot sitt strax og var samvinnufús við lögreglu.

- mh

Faðir á skilorði:

Fór án leyfis til Frakklands

DÓMSMÁL Faðir barns sem fór með það til Frakklands án samþykkis móður þess situr inni í tíu mánuði rjúfi hann skilorð næstu tvö ár. Hæstiréttur dæmdi manninn einnig til að greiða milljón í málskostnað.

Samkvæmt dómsúrskurði máttu foreldrarinn ekki fara með barnið úr landi eins og faðirinn gerði í septemberbyrjun 2001. Þá var móðirin með forsjá yfir barninu en faðirinn var með barnið í Frakklandi til 26. mars 2002.

Ferðalagið hafði ekki áhrif á andlega heilsu barnsins.

- gag

BRASILÍA

Fangar deyja Sjö fangar dóu úr reyktrun eftir að samfangar þeirra í uppreisnarhug báru eld að dýnu í fangelsi í Brasilíu í gær. Fangarnir hófu uppreisn sína á miðvikudag, en yfirvöld höfðu náð stjórni í fangelsinu í gærmorgun og fundu þá lík mannanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skýrslutökur hjá saksóknara í Baugsmálinu:

Jóhannes svaraði ekki neinu

BAUGSMÁL Jóhannes Jónsson mætti í gær í skýrslutöku hjá ríkislögreglustjóra vegna ásakana Jóns Gerald Sullenbergers.

„Ég sagði ekki neitt,“ sagði Jóhannes þegar hann kom úr skýrslutökunni. „Álit mitt á yfirmönnum þessarar stofnunar er fyrir neðan allt sem hægt er að flokka svo ég svara ekki neinu.“

Hann afhenti ríkislögreglustjóra yfirlýsingu þar sem hann gerir meðal annars grein fyrir kaupum Tryggva Jónssonar á sláttuvélatriktor og segir þau viðskipti hafa verið eðlileg.

„Það sem þeir voru að spyrja út í núna var 70 þúsund króna sláttuvélatriktor. Það er svo þegar ekkert bitastætt finnst þá tína menn allt til.“

Einar Þór Sverrisson, lögmaður Jóhannesar, segir að enn vanti gögn til að útbúa bréfið til umboðsmanns



JÓHANNES JÓNSSON Í BÓNUM Hér er Jóhannes á leið til skýrslutökunnar. Hann rétti fram yfirlýsingu en sagði annars ekki neitt.

Alþingis en það verði sent í næstu viku. Þar verður kvartað yfir embættisfærslum Jóns H.B. Snorrasonar og Haraldr Johannessen sem

ákæra Jóhannes og börn hans en ekki Jón Gerald Sullenberger þó frambuður hans gefi telfni til þess að mati Jóhannesar.

- jse

Herinn burt – og hvað svo?



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar og Jóhann Geirald bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ tala á umræðufundi SffR á laugardaginn um framtíðina í varnarmálum og um uppbyggingu á vallasvæðinu og annarstaðar á Suðurnesjum.



Fundurinn er haldinn í Samfylkingarmiðstöðinni Hallveigarstíg 1 og hefst kl. 12.30.

– Auk umræðu um hermálið segir Magnús Orri Schram frá undirbúningi borgarstjórnarkosninganna.

Fundarstjóri: Jóhanna Eyjólfsdóttir, formaður SffR

Allir velkomnir.

Sjá nánar á www.sffr.is



Samfylkingarfélagið í Reykjavík

VAXTAHRUN!

3.19%

LÆGSTU VEXTIR Í BÍLASAMNINGUM*

Léttari greiðslubyrði:

VW Golf 4MOTION
árg. 03 ek. 50.000
verð 1.290.000 kr.
afb. í 72 mán. 20.900 kr.

VW Passat 4Motion 2,0
árg. 02 ek. 83.000
verð 1.350.000 kr.
afb. í 60 mán. 24.670 kr.

VW Passat
árg. 04 ek. 15.000
verð 2.070.000 kr.
afb. í 78 mán. 29.800 kr.

Opel Zafira
árg. 00 ek. 77.000
verð 790.000 kr.
afb. í 48 mán. 17.600 kr.

Skoda Octavia 2,0
árg. 03 ek. 38.000
verð 1.320.000 kr.
afb. í 72 mán. 20.600 kr.

MMC Pajero Sport
árg. 04 ek. 51.000
verð 2.390.000 kr.
afb. í 72 mán. 37.000 kr.

Vaxtahrún Bílapinga Heklu:
Kletthálsi, Laugavegi og hjá
umboðsmönnum um land allt.

Greiðslur miðast við að aðeins lántökugjaldið sé borgað út.

*Miðað við gengistryggðan bílasamning.

ÓTRÚLEGT
ÚRVAL
BÍLA

ALLT AÐ
100%
LÁNSEJÁRMÖGNUN

TILBOÐ
á völdum
bílum



Laugavegi 174
Sími 590 5040
www.bilathing.is

BÍLAPING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Kletthálsi 11
Sími 590 5760
bilathing@bilathing.is

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 23.3.2006

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	71,07	71,41
	Sterlingspund	123,89	124,49
	Evra	85,7	86,18
	Dönsk króna	11,485	11,553
	Norsk króna	10,757	10,821
	Sænsk króna	9,163	9,217
	Japanskt jen	0,6071	0,6107

SDR

102,37

102,99

Gengisvísitala krónunnar

119,9668

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



HINN DÆMDI OG HUNDURINN

Skelfingarsvipurinn á fanganum leynir sér ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hundamaður frá Írak:

Fær þriggja ára fangelsisdóm

BANDARÍKIN, AP Bandaríski hermaðurinn Michael J. Smith hlaut á miðvikudag sex mánaða fangelsisdóm fyrir að hafa beitt grimmum hundi til að skelfa og kvelja íraska fanga í Abu Ghraib-fangelsinu í Bagdad.

Smith fær ekkert kaup meðan hann situr í fangelsi, og síðan verður honum vísað úr hernum fyrir slæma hegðun.

Smith, sem er 24 ára, er tíundi bandaríski hermaðurinn sem hlýtur dóm fyrir að fara illa með fanga í þessu illræmda fangelsi, þar sem fangar voru einnig bardir og niðurlægðir. Þyngsti dómurinn var tíu ára fangelsi.

- gb

VARNARMÁLIN

Stjórnsýslan óbreytt Stjórnsýslan á Keflavíkurflugvelli verður óbreytt þar til niðurstaða er komin úr samningaviðræðum Íslendinga og Bandaríkjanna. Íslendingar munu ekki velta fyrir sér breytingum á henni fyrr en niðurstaða viðræðanna liggur fyrir. Þetta kom fram hjá Jóni Egilssyni, skrifstofustjóra hjá Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

LEIÐRÉTTING

Röng mynd birtist af Baldvini Halldórssyni leikara í blaðinu í gær.



Geir H. Haarde utanríkisráðherra fer til fundar við rússneskan starfsbróður sinn:

Ræða um aukin viðskipti

UTANRÍKISMÁL Opinber heimsókn Geirs H. Haarde utanríkisráðherra til Rússlands hefst í dag, en hann er þar í boði Sergeis V. Lavrov utanríkisráðherra Rússlands. Gert er ráð fyrir að viðræður þeirra fari fram í rússneska utanríkisráðuneytinu í Moskvu.

Heimsóknin er meðal annars liður í undirbúningi að leiðtoga-fundi Eystrasaltsríkjanna sem verður í Reykjavík dagana 7. og 8. júní næstkomandi, en Ísland veitir Eystrasaltsráðinu forystu um þessar mundir.

Í tilkynningu rússneskra yfirvalda vegna heimsóknarinnar kemur fram að utanríkisráðherr-

arnir hyggist ræða alþjóðamál, öryggismál í Evrópu, baráttu gegn alþjóðlegum hryðjuverkum og tengsl þjóðanna við Evrópusambandið. Vilji standi til þess að auka samskipti þjóðanna á sviði efnahagsmála og viðskipta. Þau nema nú nærri fjórum milljörðum króna árlega og telja Rússar að það endurspeglar þá möguleika sem þjóðunum tveimur bjóðist í þeim efnum, til dæmis um auknið samstarf á sviði orkumála, fiskvinnslu, samgangna og nýsköpunar. Lýst er sérstökum áhuga á arðbærum sjávarútvegi Íslendinga, nýtingu jarðhita og vetnisframleiðslu og er vænst jákvæðrar útkomu í



SERGEI V. LAVROV UTANRÍKISRÁÐHERRA RÚSSLANDS Rússar hafa áhuga á auknum viðskiptum og samstarfi, meðal annars um orkumál.

nokkrum sameiginlegum verkefnum þjóðanna í Rússlandi.

- jh

Frelsaðir úr prísund mannræningjanna

Engu skoti var hleypt af þegar bandarískir og breskir hermenn frelsuðu þrjá gísila í Bagdad árla morguns í gær. Þeir höfðu verið í haldi mannræningja í fjóra mánuði. Gíslarnir voru allir við góða heilsu þegar þeir fundust.

BAGDAD, AP Bandarískum og breskum hermönnum tókst í gærmorgun að frelsa þrjá gísila í Írak án þess að hleypa af einu einasta skoti. Gíslarnir þrír höfðu verið í haldi í Bagdad í fjóra mánuði.

Tveir þeirra eru Bretar og sá þriðji Kanadamaður en fjórði maðurinn í hópnum, sem var Bandaríkjamadur, fannst látinn fyrr í þessum mánuði. Hann hafði verið skotinn og honum síðan hent út á götu í Bagdad.

Rick Lynch, bandarískur herforingi, sagði að gíslarnir hefðu verið í haldi „mannræningjaklíka“, en upplýsingar sem leiddu til frelsunar þeirra fengust frá manni sem bandarískir hermenn handtóku á miðvikudagskvöld.

Lynch sagði að gíslarnir hefðu fundist í húsi í vesturhluta Bagdad. „Þeir voru bundnir, þeir voru saman, það voru engir mannræningjar á svæðinu“, sagði Lynch, en bandarísku hermennirnir mættu engri mótsöðu þegar þeir brutust inn í húsið snemma í gærmorgun.

Gíslarnir þrír voru við góða heilsu þegar þeir fundust. Allir eru þeir kristnir friðarsinnar sem sinntu hjálparstörfum í Írak. Mannræningjar námu þá á brott 26. nóvember síðastliðinn.

Samtök sem nefna sig Sverð rétt-sýnnar lýstu yfir ábyrgð á mannránunum, en þau samtök voru þá óþekkt. Lynch segir að svo virðist sem „mannræningjaklíka“ hafi verið þarna á ferðinni og hún hafi verið býsna kraftmikil síðustu mánuði.

Sannkölluð ofbeldisalda hefur staðið yfir í Írak undanfarnar vikur.

Erlendir gíslar í Írak

Að minnsta kosti 250 útlendingar og þúsundir Íraka hafa lent annaðhvort í höndum mannræningja í Írak sem krefjast lausnargjalds eða uppreisnarmanna sem reyna að knýja það fram að erlent herlið hverfi frá Írak.



1, 2, 3, 4 Félagar í samtökunum Christian Peacemaker Teams. Þeim var rænt 26. nóvember. Frá vinstri: Harmmeet Singh Sooden, kanadískur, 32 ára; James Loney, kanadískur, 41 ára; Norman Kember, breskur, 74 ára - frelsaðir í gær í vesturhluta Bagdad. Tom Fox, bandarískur, 54 ára, myrtur - fannst látinn 10. mars.

Myndir:AssociatedPress

5 Jill Carroll, bandarísk, 28 ára. Blaðamaður í lausamennsku fyrir dagblaðið Christian Science Monitor. Rænt 7. janúar - er önnur tveggja Bandaríkjanna sem enn eru í haldi.

Fjöldi erlendra gísla í Írak

Enn í haldi/saknað:

28

Myrtir:

55

Sleppt úr haldi eða flúið:

161

© GRAPHICNEWS

Í gær fórust tugir manna í átökum, meðal annars af völdum bíla-sprengju í höfuðborginni sem varð tíu óbreyttum borgurum og 15 lögregluþjónum að bana. Sprengjan sprakk fyrir utan lögreglustöð þar sem um tuttugu grunaðir uppreisnarmenn voru hafðir í haldi, og er talið að tilgangurinn hafi verið að ná þeim út. Þetta er þriðja stóra árásin sem gerð er á þessa lögreglustöð á þremur dögum.

Önnur sprengja sprakk í gær á markaðssvæði fyrir utan sjá-mosku í suðvesturhluta Bagdad. Að minnsta kosti sex manns fórust þar og meira en 20 slösuðust, þar á meðal mörg börn.

gudsteinn@frettabladid.is



RICK LYNCH Talsmaður Bandaríkjahers skýrði frá frelsun gíslanna þriggja á blaðamannafundi í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn á fangaflugi CIA:

Þingmenn fara til Washington

EVROÞUSAMBANDIÐ, AP Hópur þingmanna á Evrópuþinginu ætlar í leiðangur til Washington D.C. í maí til að ræða við ráðamenn um meint fangaflug og leynifangelsi CIA í Evrópu.

Carlos Coelho, sem á sæti í sérskipaðri nefnd þingsins sem rannsakar ásakanirnar, greindi frá því að nefndin hefði sett saman lista yfir fólk sem hún vill hitta vestanhafs. Áður hafði komið fram vilji hjá nefndarmönnum til að yfirheyra Dick Cheney varaforseta og Donald Rumsfeld varnarmálaráðherra, en þar sem nefndin hefur ekki vald til að stefna þeim er óljóst hvað úr verður.

- aa

Hæstiréttur Íslands:

Frávísunarkröfu hafnað

DÓMSMÁL Mál manns sem stefndi ríkinu og vildi bætur eftir að honum var hafnað um starf í afgreiðslu Héraðsdóms Reykjavíkur var tekið fyrir í Hæstarétti í gær.

Maðurinn fór fram á að dómara þeim er skipaður var af dómsstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur til að dæma mál hans yrði víkið frá þar sem sá kom frá Héraðsdómi Reykjaness. Þar hafði þá hafið störf fyrrverandi skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur. Krafðist ákærandi að viðkomandi dómari viki því sæti en á það féllst Hæstiréttur ekki þar sem hver dómari er sjálfstæður í störfum sínum og ekki var talið að starfstengsl þau sem myndast hefðu væru nægjanleg til að draga óhlutdrægni umrædds dómara í efa.

- aõe

Stjórnsmál á Indlandi:

Sonia Gandhi segir af sér

INDLAND, AP Sonia Gandhi, leiðtogi Kongressflokksins á Indlandi sem fer nú með stjórn landsins, sagði af sér þingstjórnir í gær. Flokksfélagar hennar hafa undanfarið gagnrýnt hana fyrir að gegna öðrum launuðum störfum samhliða þingmennsku, en lög frá 1959 banna þingmönnum að sinna öðrum launuðum störfum innan ríkisstjórnarinnar.

Gandhi sagðist þó ætla að bjóða sig aftur fram til þings fyrir Kongressflokkinn í næstu þingkosningum.

Gandhi, sem er fædd á Ítalíu, er ekkja fyrrverandi forsætisráðherra Indlands, Rajiv Gandhi. Hún var fyrst kosin á þing 1999.

- smk



SONIA GANDHI

Opið allan sólarhringinn - alla helgina!

Wim Werwaal, sölustjóri Campo World, stærsta söluðila Hollands á flestum gerðum af hjólhýsa og húsbíla verður viðskiptavinum okkar innan handar við val á hjólhýsum og húsbílum um helgina.

OPIÐ STANSLAUST frá kl. 10 á laugardagsmorgni til kl. 16 á sunnudag.

Tíjaldvagnaland

SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

Allhvað með ströndum sunnan til og vestan, annars hægari.

» sunnudagur

Yfirleitt hæg norðaustlæg átt.

Stað	Veður	Hitastigið
Kaupmannahöfn	4°C heiðskirt	13°C heiðskirt
Oslo	-5°C heiðskirt	5°C heiðskirt
Stokkhólmur	-2°C heiðskirt	8°C heiðskirt
Helsinki	-3°C heiðskirt	12°C heiðskirt
London	10°C skúrir	19°C heiðskirt
Paris	4°C heiðskirt	13°C heiðskirt
Berlin	5°C heiðskirt	7°C skúrir
Frankfurt	8°C heiðskirt	8°C skúrir
Madrid	12°C heiðskirt	16°C skúrir
Barcelona	19°C heiðskirt	21°C heiðskirt
Alicante	19°C heiðskirt	19°C heiðskirt
Milano	7°C skúrir	7°C skúrir
New York	8°C skúrir	8°C skúrir
San Francisco	16°C skúrir	16°C skúrir
Orlando/Florida	21°C heiðskirt	21°C heiðskirt

Allt í steik



Ragnar Ómarsson
Yfirmatreiðslumaður
á Salt, Radisson 1919
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara



Frosnar nýsjálenskar
Nautalundir

TILBOÐ
2.387 kr/kg
Merkt verð 3.979,-



Frosinn
kalkúnn

TILBOÐ
599 kr/kg
Verð áður 885,-



Helgarlamb
með sérvöldu kryddi fyrir
íslenskt lambakjöt

TILBOÐ
1.049 kr/kg
Merkt verð 1.748,-


NAUTALUNDIR heilsteiktar

700-800 g nautalundur (sinuhreinsaðar)
salt og pipar
2 msk. smjör
1 stk. hvítlauksgeiri (kraminn)

Aðferð:

Steikið nautalundina í smjörinu og hvítlauknum á heitri pönnu á öllum hliðum þannig að hún lokist alveg. Hún er síðan sett inní 200°C heitan ofn í u.þ.b. 15 mínútur eða þar til kjarnhtinn verði 65° (medium) þá er lykilatriði að hún fái að standa á borði í lágmark 15 mínútur áður en hún er skorin í sneiðar.

NÝTT LÍFRÆNT MORGUNKORN



Nammiland í öllum verslunum



Idol ís frá Kjörís
- hver er þitt idol?



Idol nammið fæst í Hagkaupum
- ómissandi með Idolinu

Gildir til 26. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



KJÖRKASSINN

Á að leyfa vísindamönnum að flytja inn fuglaflensuveirur?

Já	51%
Nei	49%

SPURNING DAGSINS Í DAG
Stafar okkur ógn af erlendum glæpagengjum?

Segðu skoðun þína á [visir.is](#)



6

FRÉTTABLAÐIÐ

24. mars 2006 FÖSTUDAGUR

Glitnir og Landsbankinn fjalla um greinargerð Danske Bank:

Segja að spáin sé hrakspá

VÍÐSKIPTI Greining Glitnis kallar nýlega umfjöllun Danske Bank um íslenskt efnahagslíf dómsdagsspá. Í Vegvísi greiningardeildar Landsbankans er spáin kölluð hrakspá.

Glitnir segir umfjöllunina virðast skrifaða með það fyrir augum að sýna framtíð hagkerfisins í eins dökku ljósi og mögulegt er og með ólkindum hvernig Danske Bank takist að fara með tölulegar staðreyndir. „Tölur eru ýktar og stundum hreinlega skáldaðar,“ segir greiningardeild Glitnis.

Landsbankinn bendir á að spá um 5 til 10 prósentu samdrátt í landsframleiðslu á árunum 2006

tekning sé þó efnahagskreppan árið 1968, en það ár hafi sildarstofninn hrunið, Nígeríumarkaður lokað fyrir skreið og verðfall orðið á fiskmörkuðum í Bandaríkjunum. „Hagspár Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, OECD og Seðlabanka Íslands gera ekki ráð fyrir efnahagssamdrætti á Íslandi næstu árin. Þessar spár taka tillit til þess að núverandi stjóriðjufjárfestingum er að ljúka, en horfa jafnframt til þess að framundan eru fjárfestingar hins opinbera og einkaaðila, sem hafa verið settar í bið. Þar á meðal eru frekari stjóriðjufjárfestingar,“ segir greiningardeild Landsbankans.

- óká

FATAKAUP Í KRINGLUNNI Íslensku bankarnir hafa nú allir blásið á spá Danske Bank um að hér sé í vændum efnahagskreppa.

til 2007 myndi þýða dýpri efnahagssamdrátt en hér hafi þekkt frá því mælingar hófust. Undan-

Rannsókn á fjársvikamáli:

Tveir Íslendingar yfirheyrdir

LÖGREGLUMÁL Tveir Íslendingar voru í fyrrakvöld handteknir í tengslum við fjársvikastarfsemi tveggja Nígeríumanna, en mennirnir voru stöðvaðir við eftirlit á Keflavíkurflugvelli fyrir viku og fundust í fórum þeirra 100 þúsund evrur, eða 8,7 milljónir íslenskra króna.

Íslendingunum var sleppt að lokinni yfirheyrslu.

Gæsluvarðhald yfir Nígeríumönnum tveimur rennur út í dag en að sögn fulltrúa sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli er líklegt að óskað verði eftir lengra gæsluvarðhaldi.

- mh



Íslandsmót

Íþróttasambands Fatlaðra 2006

Boccia - Íþróttahúsið Austurberg

Laugardagurinn 25. mars kl. 11:00 - 19:30 - riðlakeppni
Sunnudagur 26. mars kl. 11:00 - 14:00 - úrslit

Bogfimi og lyftingar - Íþróttahúsi ÍFR

Laugardagur 25. mars kl. 13:00 - 16:00 - lyftingar
Laugardagur 25. mars kl. 17:00 - 19:30 - bogfimi
Sunnudagur 26. mars kl. 13:00 - 17:00 - bogfimi

Sund - 50 m innilaugin í Laugardal

Laugardagurinn 25. mars kl. 15:00 - 18:00
Sunnudagurinn 26. mars kl. 11:00 - 14:00





2 fyrir 1 til Barcelona 30. mars.

frá kr. 19.990

Helgarferð – örfá sæti



Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástfóstri við. Heimsferðir bjóða þér nú tækifæri til að njóta vorsins í þessari einstöku borg á frábærum kjörum. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir eitt. Fjölbreytt gisting í boði í hjarta Barcelona.

Verð kr. 19.990

Flugsæti báðar leiðir með sköttum. Tveir fyrir einn tilboð, út 30. mars og heim 3. apríl. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 4.600

Netverð á mann pr. nótt, m.v. gistingu í tvíþýli á Hotel NH Condor *** með morgunverði.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 401 1099 • [www.heimsferdir.is](#)



VARNARLIÐIÐ Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir margt benda til þess að bandarísku varnarliðsmennirnir á Keflavíkurvelli séu að fara á næstu vikum eða mánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/É.ÓL

Varnarliðið byrjað að pakka saman

Margt bendir til þess að brotthvarf Varnarliðsins verði á næstu vikum eða mánuðum, segir bæjarstjóri Reykjanesbæjar. Biðlaun eru ekki inni í myndinni.

VARNARMÁL Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir margt benda til þess að bandarísku varnarliðsmennirnir séu að fara á næstu vikum eða mánuðum.

„Það bendir allt til þess, af þeim tilkynningum sem fjölskyldur Bandaríkjamannanna eru að fá, að þeir séu að pakka niður og fara,“ segir Árni. „Svo er það hitt að það er greinilega ekki verið að kaupa inn birgðir og það gefur augaleið að ef menn eiga að vinna ákveðin verk en efni til þess er ekki keypt að þá á ekki að vinna það. Og þá leiðir maður hugann að því hvort það bitni ekki á varnarmættinum við þessar aðstæður.“

Friðþór Eydal, upplýsingafulltrúi Varnarliðsins, segir að vissulega verði bandarísku fjölskyldurnar fluttar fyrst á brott og verið sé að gera áætlun um þá flutninga. Ákvörðun um það hvenær varnarliðið fari eða hversu margir varnarliðsmenn fari liggja hins vegar ekki fyrir fyrr en eftir viðræður íslenskra yfirvalda og bandarísku sendinefndarinnar, segir hann. „Áhyggjur um birgðaleyfi okkar held ég að séu frekar til marks um það aðhald sem við búum við,“ segir Friðþór.

Hópur starfsmanna varnarliðsins hefur tilkynnt að hann muni safna undirskriftum og krefjast sex mánaða biðlauna. Eins hefur Árni Sigfússon lagt til að starfsmenn 60 ára og eldri njóti slíkra réttinda við starfslok. „Það hefur verið rétt um biðlaun en það hefur verið slegið af borðinu jafnöldum svo það er ekki inni í myndinni, því miður,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður Verkálýðs- og sjómannafélags Keflavíkur. „Ég skil þessar kröfur fólksins mjög vel því það hefur horft upp á dæmi þess að fólk í efri geirum sé leyst út með rándýrum starfslokasamningum og það spyr einfaldlega af hverju það eigi ekki rétt á slíku.“



ÁRNI SIGFÚSSON Á FUNDI MEÐ STARFSFÓLKI VARNARLIÐSINS Ekki er útlit fyrir það að starfsmenn Varnarliðsins fái sex mánaða biðlaun en hópur þeirra ætlar að safna undirskriftum með þeirri kröfu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Friðþór segir að starfslokasamningar séu gerðir við starfsfólk sem hafi ákvæði um slíkt í samningum sínum en svo er ekki í tilfellum starfsmanna varnarliðsins. Því telur hann afar ólíklegt að þeir muni njóta slíkra réttinda.

jse@frettablaðið

Umboðsmaður Alþingis gagnrýnir félagsmálaráðherra:

Óvönduð vinnubrögð

STÖÐUVEITING „Umboðsmaður Alþingis segir í áliti sínu að ályktanir sem félagsmálaráðherra dró séu ekki forsvanlegar,“ segir Helga Jónsdóttir, en hún taldi framhjá sér gengið þegar félagsmálaráðherra skipaði Ragnhildi Arnljótsdóttur lögfræðing í stöðu ráðuneytisstjóra.

Helga Jónsdóttir, sem starfaði áður sem borgarritari segir umboðsmann Alþingis staðfesta það að vinnubrögð félagsmálaráðherra hafi ekki verið eðlileg. „Umboðsmaður Alþingis eyðir stórum hluta af áliti sínu í að fjalla um það að hann hafi rétt til og verði í raun

að vera í þeirri stöðu að endurmeta ákvörðunina sem ráðherra tók. Þetta hefur umboðsmaður Alþingis ekki gert áður. Venjulega hafa stjórnvöldumálin lotið að því hvort undirbúningur stöðuveitinga sé í lagi, en aldrei hefur áður verið farið í að endurmeta ákvörðun ráðherra.“

Í áliti umboðsmanns Alþingis kemur fram að eftir ítarlega skoðun á öllum málsgögnum, sé niðurstaðan sú að „í þessu máli hafi ekki verið sýnt fram á að fullnægjandi samburður hafi verið gerður af hálfu ráðherra á starfsreynslu þessara tveggja umsækjenda.“

- mh



HELGA JÓNSDÓTTIR

Meistarinn á Stöð 2:

Ágúst Örn gaf eftir sigurinn

SJÓNVARP „Ég gat bara ekki hugsað mér að kreista fram sigur,“ sagði Ágúst Örn Gíslason, næturvörður á Kleppi, sem kastaði frá sér sigrinum í spurningaþættinum Meistarannum á lokaspretti í gærkvöldi, en þar atti hann kappi við Illuga Jökulsson fjölmiðlamann.

Illugi náði góðu forskoti í upphafi en undir lokin var staðan 18-16, Ágústi í vil. Illugi sigraði að lokum á ævintýrlegan hátt.

Ágúst sagði ekki hafa getað hugsað sér að vinna, eftir að Illugi hafði leikið hann grátt.

„Ég var ákveðinn í því að sigra með stæl, eða að falla út með stæl. Ég valdi síðari kostinn.“

-mh

Allt í einu korti

e² Vildarkort – Nýtt VISA kreditkort
sem sameinar alla kosti Vildarkorts
Icelandair og e-kortsins.


- Vildarpunktar og endurgreiðsla – allt í sömu færslunni
- Viðbótarvildarpunktar hjá yfir 100 samstarfsaðilum
- Viðbótarendurgreiðsla hjá yfir 200 samstarfsaðilum ásamt
veglegum sértílbodum

Sæktu um e² Vildarkortið á www.e2.is



ENDURGREIÐSLA VILDARPUNKTAR





HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

IDOLTILBOÐ TIL BOSTON

FLUG 34.900* kr.

Sjáðu Boston í Idol-Stjörnuleit

Idolkrakkarnir spóka sig í Boston á skjánum í kvöld, heimsborginni sem skartar bestu hliðum bandarískrar menningar. Horfðu á þáttinn í kvöld og upplifðu Boston með Idolstjörnunum.



Ferðatímabil: 15. apríl - 12. júní (síðasta heimkoma)

Sölutímabil: 24. mars til og með 27. mars

20% afsláttur fyrir börn yngri en 12 ára

*Innifalið: Flug báðar leiðir með flugvallarsköttum

Eingöngu bókanlegt á netinu

TAKMARKAÐ SÆTAFRAMBOÐ

ALLT AÐ 140 FLUG Á VIKU TIL 22 ÁFANGASTAÐA



Þessi ferð gefur 4200 Vildarpunkta.



ICELANDAIR
www.icelandair.is





ÍSDANSARAR Búlgörsku ísdansarnir Albena Denkova og Maxim Staviski voru heldur betur tignarleg, þar sem þau tóku þátt í heimsmeistarakepni listskautdansara í Calgary í Kanada í vikunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lyfjastofnun ítrekar viðvaranir gegn lyfjakaupum á netinu:

Varar við fölsuðum lyfjum

LYFIAMÁL Lyfjastofnun birtir á heimasíðu sinni viðvörðun vegna falsaðs lyfs í Tékklendi. Þá hafa borist fregnir um fölsuð lyf gegn fuglaflensu í öðrum löndum, að sögn Rannveigar Gunnarsdóttur, forstjóra stofnunarinnar. Lyfjastofnun hefur einnig varað við slíkum fölsunum.

Danska lyfjastofnunin tilkynnti nýlega að falsaðar Cialis töflur hafi fundist í Tékklendi. Stöðugt færast í vöxt að fölsuð lyf finnist í umferð í Evrópulöndum. Oftast má rekja þessi lyf til netverslunar og birtir Lyfjastofnun því ítrekun á heimasíðu sinni þess efnis að netverslun með lyf sé óheimil hér á landi enda

sé slík verslun í flestum tilvikum án eftirlits heilbrigðisyfirvalda.

Lyfjastofnun kemur að innflutningi almennings á lyfjum í gegnum tollgæsluna, að sögn Rannveigar.

„Tollgæslan stoppar oft lyfjasendingar sem fólk er að flyta inn. Þá biður hún um aðstoð Lyfjastofnunar.

Starfsmenn stofnunarinnar fara vikulega í tollinn meðal annars til að athuga hvort um sé að ræða lyf eða „ekki lyf“. Ef um er að ræða lyfseðilsskyt lyf

innan Evrópska efnahagssvæðisins og fólk getur sýnt fram á ávísun læknis eða uppfyllir ákveðnar reglur sem gilda um slíkt, þá er það í lagi. Ef eitthvað annað er á ferðinni, þá er sendingin stöðvuð.“

- jss

RANNVEIG GUNNARSDÓTTIR Lyfjastofnun varar fólk við að kaupa lyf gegnum netið. Falsaðar Cialis töflur hafa nýlega fundist í Tékklendi.



Vasabjófar í Svíþjóð:

Börn keypt frá Austur-Evrópu

SVÍÞJÓÐ Lögreglan í Svíþjóð varar við glæpasamtökum sem versla með börn frá austurhluta Evrópu og nota þau í þjófnaði og betl.

Oftast hafa foreldrar barnanna selt þau ung að árum og eru börnin ólæs og óskrifandi og von að búa á götunni. Það er ný þróun í Svíþjóð.

Á vefútgáfu Dagens Nyheter kemur fram að sænska lögreglan hafi handtekið fjölda barna fyrir vasabjófnað. Í sumum tilfellum hafa sænsk glæpasamtök keypt börnin frá ríkjum fyrrum Sovétríkjanna til að gera þau að vasabjófum í suðurhluta Svíþjóðar. ■

Létt lifrarpýlsa



FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000



JÓN SIGURÐSSON Jón er formaður nefndarinnar sem hefur nú skilað af sér breytingartillögum á málefnum kjaradóms og kjaranefndar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GHS

Tillögur um breytingar á kjaradómi:

Kjararáð komi í stað kjaradóms

KJARAMÁL Samkvæmt tillögum nefndar forsætisráðherra, mun kjararáð koma í stað kjaradóms og kjaranefndar, en ráðherra fól nefndinni að fara yfir lög um kjaradóm og kjaranefnd.

Nefndin var skipuð í kjölfar átaka um kjaradóm en ákveðið var í framhaldi af þeim að skipa þverpólitíska nefnd sem færi yfir framtíðarskipan launamála embættismanna.

Kjaradómur ákvarðar laun allra æðstu embættismanna landsins, auk þess sem þjóðkjörnir fulltrúar heyra undir kjaranefnd. Samtals eru hátt í tvö þúsund embættismenn sem heyra undir kjaradóm og kjaranefnd, en kjararáð

mun koma í stað dómsins og nefndarinnar, samkvæmt tillögnum.

Í tillögunum kemur fram að laun forseta Íslands, ráðherra og alþingismanna verði ákveðin með öðrum hætti en embættismanna. Þá er þess getið að laun allra sem undir kjararáð muni falla verði endurskoðuð á fjögurra ára fresti, eða í upphafi hvers kjörtímabils.

Í nefndinni sem Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra skipaði, eru Jón Sigurðsson, en hann er formaður nefndarinnar, Páll Þórhallsson, Aðalsteinn Árni Baldursson, Svanfríður Jónasdóttir, Svanhildur Kaaber, Þórunn Guðmundsdóttir og Gunnar Björnsson.

- mh

Góður í brekkunum og veit hvar þær eru



STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 160 HESTÓFL, SÍTENG T FJÓRHJÓLADRIF, 16" ÁLFELGUR, KASTARAR Í STUÐARA... OG MARGT FLEIRA.

Beinskiptur Sedan **1.990.000,-** Sjálfskiptur Sedan **2.130.000,-** Beinskiptur Wagon **2.050.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.180.000,-**

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	----------------------

TILBOÐ:

Leiðsögutæki fylgir hverjum seldum Impreza

Garmin GPS leiðsögutæki með íslensku vega- og hálendiskorti. Virkar um allan heim og spilar MP3. Andvirði 96.550,-



Keflavíkurprestakall:

Níu sækja um embætti prests

PRESTAKALL Embætti sóknarprestis í Keflavíkurprestakalli í Kjalar-nesprófastsdæmi var nýlega auglýst laust til umsóknar og hafa níu umsækjendur sótt um. Umsóknar- frestur rann út 20. mars.

Umsækjendur eru: Ástríður Helga Sigurðardóttir guðfræðing- ur, séra Elínborg Gísladóttir, séra Kjartan Jónsson, séra Lilja Þor- steinsdóttir, séra Leifur Jónsson, séra Petrína Jóhannesdóttir, séra Sigfús Ingvason, séra Skúli Ólaf- son og séra Yrsa Þórðardóttir.

Embættið er veitt frá 1. maí og skipað er í það til fimm ára.

- sdg

Dagur vatnsins var haldinn hátíðlegur í gær:

Vatnsskortur víða um heim

VATN, AP Mikil umræða var um vatn víða um heim þessa vikuna, en alþjóðlegur dagur vatnsins var á miðvikudag. Samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna skort- ir 1,1 milljarð manna vatn, og 2,6 milljarðar hafa engan aðgang að viðunandi hreinlætisaðstöðu. Flóð og þurrkar verða fleirum að bana á ári hverju en nokkrar aðrar náttúruhamfarir, og sjúk- dómar sem smitast með vatni, svo sem taugaveiki, valda dauða þúsunda barna.

Um 75 prósent þeirra sem skortir vatn búa í Asíu þar sem sístækkandi þjóðir og þröngur

fjárhagur manna reynir á vatns- lindir landanna. Kínverjar hella þremur fjórðu hlutum úrgangs frá iðnaði beint út í ár og vötn, og þarafleiðandi er nú um helming- ur vatnsbirgða landsins orðinn ódrekkandi og ekki er óhætt að leggja sér til munns þá fáu fiska sem þar enn lifa.

Í Sómalíu hefur fólk látist að undanfögnu eftir að hafa drukkið mengað vatn, en verstu þurrkar í áratug herja nú á landið. Bæði fólk og skepnur neyðast nú að færa sig um set í leit að vatni og fer næringarskortur sívaxandi.

- smk



KONUR MEÐ VATN Indverskar konur frá Kasmír bera vatn heim, en dagur vatnsins var í vikunni. Þó að nóg sé af vatni í Kasmír, hafa fáir óskertan aðgang að því.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vöxtur í þjónustugeiranum:

Fjölgun um 13 þúsund störf

ÞJÓNUSTA Alls fjölgaði störfum innan þjónustugeirans hér á landi um þrettán þúsund manns á árun- um frá 1998 til 2004 samkvæmt úttekt sem Samtök verslunar og þjónustu hafa látið vinna.

Reyndist mestur vöxtur á þeim tíma hlutfallslega í fasteigna- og viðskiptaþjónustu en þrjú þúsund fleiri störfuðu þar árið 2004 en 1998. Fjöldi starfsfólks í fjármála- þjónustu jókst um þriðjung á sama tíma og rúmlega tvö þúsund fleiri störfuðu við fræðslustarfsemi 2004 en sex árum áður. Rúm 60 prósent þeirra sem starfa í þjónustugeiran- um í heild sinni eru konur.

- aðe



FERJAN BALDUR Senn líður að því að þessi Baldur láti úr höfn í hinsta sinn.

Samgöngur á Breiðafirði:

Nýr Baldur kemur í apríl

SAMGÖNGUR Brátt líður að síðustu siglingu gamla Baldurs á Breiða- firði en nýtt skip mun leysa hann af þann 12. apríl. Sá gamli verður seldur til Finnlands en hans síð- asta Breiðafjarðarferð verður 31. mars. Nýja skipið mun taka um 45 bíla í lest sem er 25 bílum meira en sá gamli. Gamli Baldur mun hins vegar flytja ferðalanga í Finnlandi sem vilja fara frá Turku til nálægra eyja þar fyrir utan.

Siglingar milli Brjánslækjar og Stykkishólms munu því liggja niðri frá 1. til 12. apríl en bátur mun ferja fólk og varning út í Flatey.

- jse

Norska strandgæslan:

Rússneskur togari tekinn

ÓSLÓ, AP Norska strandgæslan tók rússneskan togara í norskrei lög- sögu undan strönd Norður-Noregs á þriðjudag og færði til hafnar í Tromsø, að því er strandgæslan greindi frá. Áhöfn togarans, sem ber nafnið Opon, er gefið að sök að hafa ekki sinnt tilkynningarskyldu um ferðir skipsins og þær veiðar sem það stundaði.

Norska strandgæslan hefur oft tekið rússneska togara fyrir meintan veiðiþjófnad, síðast í okt- óber á umdeildu hafsvæði í lög- sögu Svalbarða, en slík mál hafa valdið talsverðri spennu í sam- skiptum Noregs og Rússlands. - aa

PORTÚGAL

Kókaín gert upptækt Portúgalska og spænska lögreglan hafa gert 3.780 kíló af kókaíni upptæk og handtekið meðlimi glæpahrings, að sögn portú- gölsku lögreglunnar á miðvikudag. Sex spænskir menn hafa verið handteknir í tengslum við málið. Talið er að selja hafi átt eiturfyllt á Spáni og í öðrum Evrópusambandslöndum.

JAPAN

Eldur í kjarnorkuveri Eldur kom upp í kjarnorkuveri í vesturhluta Japans á miðvikudag. Tveir menn voru lagðir inn á sjúkrahús með reykeitrun, en að sögn yfirvalda lak ekkert geislavirkt efni út. Um tvo tíma tók að slökkva eldinn.

KANADA

Ferja sekkur Mannbjörg varð þegar ferja með yfir 100 manns innanborðs sökk á vesturströnd Kanada aðfaranótt miðvikudags. Tíldrög slyssins voru þau að ferjan rakst á stein og sökk skipið á um klukkustund. Farþegar og áhöfn komust öll heil og höldnu í björgunar- báta, og urðu engin alvarleg slys á fólki, að sögn kanadísku landhelgisgæslunnar.



TOYOTA AVENSIS (NORR) (1.0) (1.7) (1.8) (2.0) (2.4) (2.5) (3.0) (3.5) (4.0) (4.5) (5.0) (5.5) (6.0) (6.5) (7.0) (7.5) (8.0) (8.5) (9.0) (9.5) (10.0) (10.5) (11.0) (11.5) (12.0) (12.5) (13.0) (13.5) (14.0) (14.5) (15.0) (15.5) (16.0) (16.5) (17.0) (17.5) (18.0) (18.5) (19.0) (19.5) (20.0) (20.5) (21.0) (21.5) (22.0) (22.5) (23.0) (23.5) (24.0) (24.5) (25.0) (25.5) (26.0) (26.5) (27.0) (27.5) (28.0) (28.5) (29.0) (29.5) (30.0) (30.5) (31.0) (31.5) (32.0) (32.5) (33.0) (33.5) (34.0) (34.5) (35.0) (35.5) (36.0) (36.5) (37.0) (37.5) (38.0) (38.5) (39.0) (39.5) (40.0) (40.5) (41.0) (41.5) (42.0) (42.5) (43.0) (43.5) (44.0) (44.5) (45.0) (45.5) (46.0) (46.5) (47.0) (47.5) (48.0) (48.5) (49.0) (49.5) (50.0) (50.5) (51.0) (51.5) (52.0) (52.5) (53.0) (53.5) (54.0) (54.5) (55.0) (55.5) (56.0) (56.5) (57.0) (57.5) (58.0) (58.5) (59.0) (59.5) (60.0) (60.5) (61.0) (61.5) (62.0) (62.5) (63.0) (63.5) (64.0) (64.5) (65.0) (65.5) (66.0) (66.5) (67.0) (67.5) (68.0) (68.5) (69.0) (69.5) (70.0) (70.5) (71.0) (71.5) (72.0) (72.5) (73.0) (73.5) (74.0) (74.5) (75.0) (75.5) (76.0) (76.5) (77.0) (77.5) (78.0) (78.5) (79.0) (79.5) (80.0) (80.5) (81.0) (81.5) (82.0) (82.5) (83.0) (83.5) (84.0) (84.5) (85.0) (85.5) (86.0) (86.5) (87.0) (87.5) (88.0) (88.5) (89.0) (89.5) (90.0) (90.5) (91.0) (91.5) (92.0) (92.5) (93.0) (93.5) (94.0) (94.5) (95.0) (95.5) (96.0) (96.5) (97.0) (97.5) (98.0) (98.5) (99.0) (99.5) (100.0) (100.5) (101.0) (101.5) (102.0) (102.5) (103.0) (103.5) (104.0) (104.5) (105.0) (105.5) (106.0) (106.5) (107.0) (107.5) (108.0) (108.5) (109.0) (109.5) (110.0) (110.5) (111.0) (111.5) (112.0) (112.5) (113.0) (113.5) (114.0) (114.5) (115.0) (115.5) (116.0) (116.5) (117.0) (117.5) (118.0) (118.5) (119.0) (119.5) (120.0) (120.5) (121.0) (121.5) (122.0) (122.5) (123.0) (123.5) (124.0) (124.5) (125.0) (125.5) (126.0) (126.5) (127.0) (127.5) (128.0) (128.5) (129.0) (129.5) (130.0) (130.5) (131.0) (131.5) (132.0) (132.5) (133.0) (133.5) (134.0) (134.5) (135.0) (135.5) (136.0) (136.5) (137.0) (137.5) (138.0) (138.5) (139.0) (139.5) (140.0) (140.5) (141.0) (141.5) (142.0) (142.5) (143.0) (143.5) (144.0) (144.5) (145.0) (145.5) (146.0) (146.5) (147.0) (147.5) (148.0) (148.5) (149.0) (149.5) (150.0) (150.5) (151.0) (151.5) (152.0) (152.5) (153.0) (153.5) (154.0) (154.5) (155.0) (155.5) (156.0) (156.5) (157.0) (157.5) (158.0) (158.5) (159.0) (159.5) (160.0) (160.5) (161.0) (161.5) (162.0) (162.5) (163.0) (163.5) (164.0) (164.5) (165.0) (165.5) (166.0) (166.5) (167.0) (167.5) (168.0) (168.5) (169.0) (169.5) (170.0) (170.5) (171.0) (171.5) (172.0) (172.5) (173.0) (173.5) (174.0) (174.5) (175.0) (175.5) (176.0) (176.5) (177.0) (177.5) (178.0) (178.5) (179.0) (179.5) (180.0) (180.5) (181.0) (181.5) (182.0) (182.5) (183.0) (183.5) (184.0) (184.5) (185.0) (185.5) (186.0) (186.5) (187.0) (187.5) (188.0) (188.5) (189.0) (189.5) (190.0) (190.5) (191.0) (191.5) (192.0) (192.5) (193.0) (193.5) (194.0) (194.5) (195.0) (195.5) (196.0) (196.5) (197.0) (197.5) (198.0) (198.5) (199.0) (199.5) (200.0) (200.5) (201.0) (201.5) (202.0) (202.5) (203.0) (203.5) (204.0) (204.5) (205.0) (205.5) (206.0) (206.5) (207.0) (207.5) (208.0) (208.5) (209.0) (209.5) (210.0) (210.5) (211.0) (211.5) (212.0) (212.5) (213.0) (213.5) (214.0) (214.5) (215.0) (215.5) (216.0) (216.5) (217.0) (217.5) (218.0) (218.5) (219.0) (219.5) (220.0) (220.5) (221.0) (221.5) (222.0) (222.5) (223.0) (223.5) (224.0) (224.5) (225.0) (225.5) (226.0) (226.5) (227.0) (227.5) (228.0) (228.5) (229.0) (229.5) (230.0) (230.5) (231.0) (231.5) (232.0) (232.5) (233.0) (233.5) (234.0) (234.5) (235.0) (235.5) (236.0) (236.5) (237.0) (237.5) (238.0) (238.5) (239.0) (239.5) (240.0) (240.5) (241.0) (241.5) (242.0) (242.5) (243.0) (243.5) (244.0) (244.5) (245.0) (245.5) (246.0) (246.5) (247.0) (247.5) (248.0) (248.5) (249.0) (249.5) (250.0) (250.5) (251.0) (251.5) (252.0) (252.5) (253.0) (253.5) (254.0) (254.5) (255.0) (255.5) (256.0) (256.5) (257.0) (257.5) (258.0) (258.5) (259.0) (259.5) (260.0) (260.5) (261.0) (261.5) (262.0) (262.5) (263.0) (263.5) (264.0) (264.5) (265.0) (265.5) (266.0) (266.5) (267.0) (267.5) (268.0) (268.5) (269.0) (269.5) (270.0) (270.5) (271.0) (271.5) (272.0) (272.5) (273.0) (273.5) (274.0) (274.5) (275.0) (275.5) (276.0) (276.5) (277.0) (277.5) (278.0) (278.5) (279.0) (279.5) (280.0) (280.5) (281.0) (281.5) (282.0) (282.5) (283.0) (283.5) (284.0) (284.5) (285.0) (285.5) (286.0) (286.5) (287.0) (287.5) (288.0) (288.5) (289.0) (289.5) (290.0) (290.5) (291.0) (291.5) (292.0) (292.5) (293.0) (293.5) (294.0) (294.5) (295.0) (295.5) (296.0) (296.5) (297.0) (297.5) (298.0) (298.5) (299.0) (299.5) (300.0) (300.5) (301.0) (301.5) (302.0) (302.5) (303.0) (303.5) (304.0) (304.5) (305.0) (305.5) (306.0) (306.5) (307.0) (307.5) (308.0) (308.5) (309.0) (309.5) (310.0) (310.5) (311.0) (311.5) (312.0) (312.5) (313.0) (313.5) (314.0) (314.5) (315.0) (315.5) (316.0) (316.5) (317.0) (317.5) (318.0) (318.5) (319.0) (319.5) (320.0) (320.5) (321.0) (321.5) (322.0) (322.5) (323.0) (323.5) (324.0) (324.5) (325.0) (325.5) (326.0) (326.5) (327.0) (327.5) (328.0) (328.5) (329.0) (329.5) (330.0) (330.5) (331.0) (331.5) (332.0) (332.5) (333.0) (333.5) (334.0) (334.5) (335.0) (335.5) (336.0) (336.5) (337.0) (337.5) (338.0) (338.5) (339.0) (339.5) (340.0) (340.5) (341.0) (341.5) (342.0) (342.5) (343.0) (343.5) (344.0) (344.5) (345.0) (345.5) (346.0) (346.5) (347.0) (347.5) (348.0) (348.5) (349.0) (349.5) (350.0) (350.5) (351.0) (351.5) (352.0) (352.5) (353.0) (353.5) (354.0) (354.5) (355.0) (355.5) (356.0) (356.5) (357.0) (357.5) (358.0) (358.5) (359.0) (359.5) (360.0) (360.5) (361.0) (361.5) (362.0) (362.5) (363.0) (363.5) (364.0) (364.5) (365.0) (365.5) (366.0) (366.5) (367.0) (367.5) (368.0) (368.5) (369.0) (369.5) (370.0) (370.5) (371.0) (371.5) (372.0) (372.5) (373.0) (373.5) (374.0) (374.5) (375.0) (375.5) (376.0) (376.5) (377.0) (377.5) (378.0) (378.5) (379.0) (379.5) (380.0) (380.5) (381.0) (381.5) (382.0) (382.5) (383.0) (383.5) (384.0) (384.5) (385.0) (385.5) (386.0) (386.5) (387.0) (387.5) (388.0) (388.5) (389.0) (389.5) (390.0) (390.5) (391.0) (391.5) (392.0) (392.5) (393.0) (393.5) (394.0) (394.5) (395.0) (395.5) (396.0) (396.5) (397.0) (397.5) (398.0) (398.5) (399.0) (399.5) (400.0) (400.5) (401.0) (401.5) (402.0) (402.5) (403.0) (403.5) (404.0) (404.5) (405.0) (405.5) (406.0) (406.5) (407.0) (407.5) (408.0) (408.5) (409.0) (409.5) (410.0) (410.5) (411.0) (411.5) (412.0) (412.5) (413.0) (413.5) (414.0) (414.5) (415.0) (415.5) (416.0) (416.5) (417.0) (417.5) (418.0) (418.5) (419.0) (419.5) (420.0) (420.5) (421.0) (421.5) (422.0) (422.5) (423.0) (423.5) (424.0) (424.5) (425.0) (425.5) (426.0) (426.5) (427.0) (427.5) (428.0) (428.5) (429.0) (429.5) (430.0) (430.5) (431.0) (431.5) (432.0) (432.5) (433.0) (433.5) (434.0) (434.5) (435.0) (435.5) (436.0) (436.5) (437.0) (437.5) (438.0) (438.5) (439.0) (439.5) (440.0) (440.5) (441.0) (441.5) (442.0) (442.5) (443.0) (443.5) (444.0) (444.5) (445.0) (445.5) (446.0) (446.5) (447.0) (447.5) (448.0) (448.5) (449.0) (449.5) (450.0) (450.5) (451.0) (451.5) (452.0) (452.5) (453.0) (453.5) (454.0) (454.5) (455.0) (455.5) (456.0) (456.5) (457.0) (457.5) (458.0) (458.5) (459.0) (459.5) (460.0) (460.5) (461.0) (461.5) (462.0) (462.5) (463.0) (463.5) (464.0) (464.5) (465.0) (465.5) (466.0) (466.5) (467.0) (467.5) (468.0) (468.5) (469.0) (469.5) (470.0) (470.5) (471.0) (471.5) (472.0) (472.5) (473.0) (473.5) (474.0) (474.5) (475.0) (475.5) (476.0) (476.5) (477.0) (477.5) (478.0) (478.5) (479.0) (479.5) (480.0) (480.5) (481.0) (481.5) (482.0) (482.5) (483.0) (483.5) (484.0) (484.5) (485.0) (485.5) (486.0) (486.5) (487.0) (487.5) (488.0) (488.5) (489.0) (489.5) (490.0) (490.5) (491.0) (491.5) (492.0) (492.5) (493.0) (493.5) (494.0) (494.5) (495.0) (495.5) (496.0) (496.5) (497.0) (497.5) (498.0) (498.5) (499.0) (499.5) (500.0) (500.5) (501.0) (501.5) (502.0) (502.5) (503.0) (503.5) (504.0) (504.5) (505.0) (505.5) (506.0) (506.5) (507.0) (507.5) (508.0) (508.5) (509.0) (509.5) (510.0) (510.5) (511.0) (511.5) (512.0) (512.5) (513.0) (513.5) (514.0) (514.5) (515.0) (515.5) (516.0) (516.5) (517.0) (517.5) (518.0) (518.5) (519.0) (519.5) (520.0) (520.5) (521.0) (521.5) (522.0) (522.5) (523.0) (523.5) (524.0) (524.5) (525.0) (525.5) (526.0) (526.5) (527.0) (527.5) (528.0) (528.5) (529.0) (529.5) (530.0) (530.5) (531.0) (531.5) (532.0) (532.5) (533.0) (533.5) (534.0) (534.5) (535.0) (535.5) (536.0) (536.5) (537.0) (537.5) (538.0) (538.5) (539.0) (539.5) (540.0) (540.5) (541.0) (541.5) (542.0) (542.5) (543.0) (543.5) (544.0) (544.5) (545.0) (545.5) (546.0) (546.5) (547.0) (547.5) (548.0) (548.5) (549.0) (549.5) (550.0) (550.5) (551.0) (551.5) (552.0) (552.5) (553.0) (553.5) (554.0) (554.5) (555.0) (555.5) (556.0) (556.5) (557.0) (557.5) (558.0) (558.5) (559.0) (559.5) (560.0) (560.5) (561.0) (561.5) (562.0) (562.5) (563.0) (563.5) (564.0) (564.5) (565.0) (565.5) (566.0) (566.5) (567.0) (567.5) (568.0) (568.5) (569.0) (569.5) (570.0) (570.5) (571.0) (571.5) (572.0) (572.5) (573.0) (573.5) (574.0) (574.5) (575.0) (575.5) (576.0) (576.5) (577.0) (577.5) (578.0) (578.5) (579.0) (579.5) (580.0) (580.5) (581.0) (581.5) (582.0) (582.5) (583.0) (583.5) (584.0) (584.5) (585.0) (585.5) (586.0) (586.5) (587.0) (587.5) (588.0) (588.5) (589.0) (589.5) (590.0) (590.5) (591.0) (591.5) (592.0) (592.5) (593.0) (593.5) (594.0) (594.5) (595.0) (595.5) (596.0) (596.5) (597.0) (597.5) (598.0) (598.5) (599.0) (599.5) (600.0) (600.5) (601.0) (601.5) (602.0) (602.5) (603.0) (603.5) (604.0) (604.5) (605.0) (605.5) (606.0) (606.5) (607.0) (607.5) (608.0) (608.5) (609.0) (609.5) (610.0) (610.5) (611.0) (611.5) (612.0) (612.5) (613.0) (613.5) (614.0) (614.5) (615.0) (615.5) (616.0) (616.5) (617.0) (617.5) (618.0) (618.5) (619.0) (619.5) (620.0) (620.5) (621.0) (621.5) (622.0) (622.5) (623.0) (623.5) (624.0) (624.5) (625.0) (625.5) (626.0) (626.5) (627.0) (627.5) (628.0) (628.5) (629.0) (629.5) (630.0) (630.5) (631.0) (631.5) (632.0) (632.5) (633.0) (633.5) (634.0) (634.5) (635.0) (635.5) (636.0) (636.5) (637.0) (637.5) (638.0) (638.5) (639.0) (639.5) (640.0) (640.5) (641.0) (641.5) (642.0) (642.5) (643.0) (643.5) (644.0) (644.5) (645.0) (645.5) (646.0) (646.5) (647.0) (647.5) (648.0) (648.5) (649.0) (649.5) (650.0) (650.5) (651.0) (651.5) (652.0) (652.5) (653.0) (653.5) (654.0) (654.5) (655.0) (655.5) (656.0) (656.5) (657.0) (657.5) (658.0) (658.5) (659.0) (659.5) (660.0) (660.5) (661.0) (661.5) (662.0) (662.5) (663.0) (663.5) (664.0) (664.5) (665.0) (665.5) (666.0) (666.5) (667.0) (667.5) (668.0) (668.5) (669.0) (669.5) (670.0) (670.5) (671.0) (671.5) (672.0) (672.5) (673.0) (673.5) (



VOPNASÖLU MÓTMÆLT Þessi mótmælandi ber grímu Gordons Brown, fjármálaráðherra Bretlands, með gervibyssu sem stendur út úr „fjárlagatöskunni“. Myndin er frá mótmælaaðgerðum í London gegn vopnasölu breska ríkisins, en á miðvikudag kynnti fjármálaráðherrann ný fjárlög.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarhöld yfir Afgana sem sneri frá íslam til kristni:

Bíður dauðadóms sökum kristnitöku

AFGANISTAN, AP Afganskur maður, sem á yfir höfði sér dauðarefsingu í heimalandinu fyrir að hafa snúið frá íslam til kristni, kann að verða lýstur geðbillaður til að forða honum frá dauðadómi. Frá þessu greindi ríkissaksóknari í Kabúl á miðvikudag.

Hinn 41 árs gamli Abdul Rahman sætir ákæru fyrir að hafa snúið baki við íslam, en samkvæmt íslömskum lögum Afganstans er það dauðasök. Við réttarhaldið bar hann að hafa tekið

kristni fyrir 16 árum. Hann bjó í níu ár í Þýskalandi en sneri aftur til Kabúl árið 2002, eftir að ofstækisstjórn talibana hafði verið stept af stóli.

Rahman var handtekinn í síðasta mánuði eftir að lögregla fann Biblíu á heimili hans.

Ráðamenn og trúarleiðtogar víða um heim hafa lýst áhyggjum af málinu, þar á meðal George W. Bush Bandaríkjaforseti. Að sögn vestrænna erindreka í Kabúl leita afganskir ráðamenn nú logandi



ABDUL RAHMAN Sakborningurinn í sjónvarpsviðtali í Kabúl.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ljósi að leið til að láta málið niður falla, en bæði áhrifamenn og almenningur í landinu krefjast þess að Rahman hljóti harða refsingu fyrir svik sín við trúna. - aa

Útflutningur á þjónustu:

Veltir tugum milljarða á ári

ÞJÓNUSTA Útflutningur íslenskrar þjónustu nam tæpum tólf prósentum af landsframleiðslu á síðasta ári og námu heildartekjur vegna þessa alls 120 milljörðum króna.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í úttekt um mikilvægi þjónustugeirans fyrir þjóðarbúskapinn sem Samtök verslunar og þjónustu létu viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík vinna fyrir sig. Kemur þar fram að nýsköpun í þjónustu er grunnur að hagvexti framtíðarinnar. Ekki nægir að veita fé til rannsókna heldur verður að gera slíkt á skilvirkan hátt og rannsóknir allar þurfa að miðast við þarfir þjónustugeirans. - aðe

HHS á Bifröst

„Ég valdi námið í HHS einkum vegna þess að það veitir góðan alhliða undirbúning fyrir nánast hvað sem ég ákveð að taka mér fyrir hendur í framtíðinni. Þessar þrjár greinar; heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði eru að mínu mati undirstöður nútíma samfélags. Námið er bæði krefjandi og áhugavert auk þess sem hópandinn er góður í deildinni og kennararnir færir á sínu sviði. Verkefnaálág og lestur er mikill, en verkefnin eru raunhæf og endurspegla vel hugmyndafræðina á bakvið námið.“



Hlédís Sveinsdóttir, nemandi við félagsvísinda- og hagfræðideild.



VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST

Frekari upplýsingar:

www.hhs.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000

Stjórnumda- og leiðtogaskóli í 88 ár

RATSJÁRSTÖÐIN Á STOKKSNESSI VIÐ HORNAFJÖRD Utanríkisráðuneytið treystir sér ekki til að svara því hvað verður um stöðvarnar fjórar. Beðið er eftir viðræðum við Bandaríkjamenn og starfsfólkið neyðist til að bíða.

FRÉTTABLAÐIÐ/HORNAFJÖRÐUR.IS



Óvíst hvað verður um ratstjórstöðvar

Rekstur fjögurra ratsjárstöðva á Íslandi byggist á orrustuþotum Varnarliðsins. Utanríkisráðuneytið segir framtíð stofnunarinnar ráðast á næstunni. Um eitt hundrað Íslendingar vinna beint eða óbeint hjá Ratsjárstofnun.

VARNARMÁL Ratsjárstofnun sér um rekstur og viðhald á fjórum ratsjárstöðvum sem eru á Bolafjalli við Bolungarvík, Gunnólfsvíkurfjalli við Bakkafjörð, Miðnesheiði á Reykjanesi og Stokksnesi við Hornafjörð. Stofnunin rekur einnig hugbúnaðarmiðstöð, viðhalds-eftirlit og innkaupa- og birgðadeild vegna loftvarnakerfisins á Keflavíkurflugvelli auk skrifstofu í Reykjavík.

Samkvæmt samningi milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda greiða Bandaríkjamenn allan kostnað við rekstur Ratsjárstofnunar en heildarútgjöld hennar eru tæplega 1,3 milljarðar á árinu 2006. Starfsmenn eru tæplega 70 talsins auk undirverktaka.

Það er ljóst að ratsjárstöðvarnar eru hér eingöngu til að sinna loftvörnum Íslands og þá vegna

ferða orrustuflugvéla. Um áhrif brotthvarfs Varnarliðsins á rekstur ratsjárstöðvanna segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, aðstoðarmaður utanríkisráðherra, að það sé eitt af því sem verið er kortleggja núna líkt og með aðrar eignir varnarliðsins.

„Framtíð stöðvanna er eitt af því sem tekið verður upp í viðræðunum við Bandaríkjamenn þannig að það er ekki meira um málið að segja á þessu stigi. Það er ómöglegt að segja hvað verður um þessa starfsemi.“ Aðspurð um hugmyndir Árna Sigfússonar um flutning Ratsjárstofnunar til Suðurnesja svarar Ragnheiður því til að Árni sé hugmyndaríkur maður og gott sé að horfa til framtíðar. „En við erum bara ekki alveg komin svona langt.“ Hún vill ekki tjá sig um hvað henni finnst lík-

legast að verði um reksturinn og segir jafnframt að Geir H. Haarde utanríkisráðherra sé ekki tilbúinn til þess heldur.

Kögun hf. er undirverktaki Ratsjárstofnunar. Bjarni Birgisson framkvæmdastjóri segir enn óljóst hvort eða hvaða áhrif brotthvarf Varnarliðsins hefur á rekstur fyrirtækisins. „Við erum með á milli 20 og 30 starfsmenn í þjónustu við Ratsjárstofnun fyrir Varnarliðið en miðað við starfsemi okkar er það tiltölulega lítil hluti umsvifanna. Við vitum lítið meira en heyrst hefur í fjölmiðlum og við bíðum þeirra viðræðna sem stjórnvöld og Bandaríkjamenn fara væntanlega í næstu daga. Þetta er í höndum ráðuneytisins og við viljum því ekki tjá okkur allt of mikið um þessi mál.“

svavar@frettabladid.is

Albert Eymundsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði:

Slæmt sem við missum

„Við erum reyndar búnir að taka þetta út að nokkru leyti þegar uppsagnir voru vegna sjálfvirkni kerfisins. Starfsmennirnir sem voru þrettán hér á tímabili fóru flestir á þessu ári en ég held að það séu fjórir eftir núna. En auðvitað er allt slæmt sem



við missum og sérstaklega störf þegar ekkert kemur í staðinn, en þetta er ekki eins alvarlegt og þegar öllu hinu starfsfólkinu var sagt upp. En menn eru áhyggjufullir þegar starfsöryggi þeirra er raskað svona og menn hafa lífað við þessa óvissu síðan ákveðið var að breyta stöðinni.“

Áki Guðmundsson, oddviti Skeggjastaðahrepps:

Vonumst eftir upplýsingum

„Nei, við höfum ekkert heyrt. Við vonum hins vegar að þegar á að gera



þá höfðum við samband og okkur var lofað því. Það fækkaði mjög mikið þá og ég held að það séu sex sem vinna á Gunnólfsvíkurfjalli núna, þar af þrír tæknimenn. Ég veit að það er mikill uggur í þeim og það yrðu miklar búsiðjar fyrir okkur ef stöðinni yrði lokað. Það er engin spurning.“

Einar Pétursson, bæjarstjóri í Bolungarvík:

Óvissan er verst af öllu

„Auðvitað er það alvarlegt mál ef stöðvarnar verða lagðar af. Hér störfuðu fimmtán við



stöðina á Bolafjalli þegar var mest en þeir eru sjö núna eftir uppsagnirnar nýlega. Þetta er mikil blóðtaka enda er um að ræða menntað fólk og störf sem við höfum verið að sækjast eftir. Við vonumst eftir svörum sem allra fyrst hvaða áhrif þetta hefur á stöðvarnar því fólk er mjög hrætt um sína hagi. Óvissan er verst af öllu og eftir uppsagnirnar sem voru hérna í fyrra þá bætir þetta ekki úr. Menn héldu að þetta væri búið með því en svo er greinilega ekki.“

2 fyrir 1 til Kanarí

28. mars frá kr. 19.990

Síðustu sætin til Kanarí í vetur



1 eða 2 vikur

Heimsferðir bjóða þér einstakt tækifæri til að dvelja við frábærar aðstæður á Kanarí í mars/apríl í eina eða tvær vikur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum góð íbúðahótel og þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann.

Verð frá kr. 19.990

Flugsæti með sköttum. Tveir fyrir einn tilboð, 28. mars í eina eða tvær vikur. Netverð á mann.

Gisting frá kr. 1.250 m.v. 4 í íbúð með 2 svefnherb. á Dorotea. Netverð á mann pr. nótt.



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Afsögn Lailu Freivalds:

Bætir vígstöðu sænskra krata

SVÍÞJÓÐ, AP Skyndileg afsögn Lailu Freivalds úr embætti utanríkisráðherra í Svíþjóð er álitshnekkir fyrir sænska Jafnaðarmanna-flokkinn. En að mati stjórnmála-skýrenda er brotthvarf hennar til þess fallið að bæta horfurnar á að flokknum takist að halda völdum í kosningunum í haust. Borgaralegu flokkarnir hafa haft nokkurt forskot á jafnaðarmenn í síðustu skoðanakönnunum.

„Vigstaða Jafnaðarmanna-flokksins er ótvírætt betri í kosningabaráttunni án Lailu,“ hefur AP-fréttastofan eftir Ulf Bjereld, stjórnmálafræðiþrófessor við Gautaborgarháskóla.

- aa

Framkvæmdir hafnar á Bæjarbraut í Garðabæ:

Umbætur eftir dauðaslys

UMFERÐARÖRYGGI Fimmtán ára gömul stúlka lést eftir umferðarslys á Bæjarbraut í Garðabæ í síðasta mánuði. Eins



GUNNAR EINARSSON

og Fréttablaðið greindi frá þá gengu skólasystur hennar á fund bæjarstjóra í framhaldinu og fóru fram á að öryggismál gangandi vegfarenda væru skoðuð. Því

var vel tekið af bæjarstjóra og framkvæmdir eru þegar hafnar.

Gunnar Einarsson bæjarstjóri segir að strax hafi verið ráðist í



STÚLKURNAR FUNDA MEÐ BÆJARSTJÓRA

Þegar hafa verið gerðar umbætur við staðinn þar sem slysið varð á Bæjarbraut. Frekari framkvæmdir verða á næstunni.

umbætur á umræddri gangbraut við Bæjarbraut. Sett hefur verið hraðahindrun og aðkoma að gangbrautinni þrengd til að minnka hraða. Auk þess var gangbrautin

girt af að hluta. Auk þessara umbóta voru sett upp hraðamæl-ingarljós á Bæjarbraut og á fleiri stöðum í bænum.

„Til viðbótar við þetta ræddi ég aftur nýlega við stúlkurnar og við ákváðum einnig að vera í samstarfi út þetta ár með það í huga að koma af stað vitundarvakningu á meðal bæjarbúa. Stúlkurnar tóku mjög vel í þessa hugmynd og ætlum við að vinna með umferðarnefnd bæjarins. Stúlkurnar koma vel fyrir og standa skipulega að þessu og vel. Ég held við þurfum ekki að kvíða framtíðinni ef unglingar taka allir svona á málunum.“

- shá

Stéttarfélög á Suðurnesjum:

Bíða svara Varnarliðsins

VARNARLIÐIÐ Forystumenn stéttarfélaganna á Suðurnesjum hafa ekki enn verið boðaðir á samráðsfund hjá Varnarliðinu á Keflavík-urflugvelli og hafa því ekki heldur borist svör við þeim óskum og spurningum sem höfðu verið lagðar fram um biðlaun, starfslok, laun og vinnuframlag í uppsagnarfresti.

Guðbrandur Einarsson, formaður Verslunarmannafélagsins á Suðurnesjum, segir að beðið sé eftir fundarboði því að starfsmenn Varnarliðsins velti fyrir sér ýmsu, til dæmis hvort þeir þurfi að vinna alla sex mánuðina eða fá að hætta fyrr eins og hefð er fyrir.

- ghs



SHABINA BEGUM Hún mætti í hæstarétt á miðvikudag íklædd kuflu, sem hún fær ekki að klæðast í skólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur Bretlands:

Ekki rangt að banna kufla

LONDON, AP Hæstiréttur Bretlands komst á miðvikudag einróma að þeirri niðurstöðu að framhaldsskóla í Luton hefði verið heimilt að banna einum nemenda sinna, stúlku að nafni Shabina Begum, að mæta í skólann íklædd múslimskum sídkuflu sem hylur allan líkama hennar að undanskildum höndum og andliti.

Fjórir af hverjum fimm nemendum við skólann eru múslimar. Stúlkum er heimilt að bera höfuðklúta í skólanum, en sídkuflinn þótti ekki samræmast reglum skólans um klæðaburð nemenda.

- gb



FJÁRMÁLARÁÐHERRA Árni Mathiesen tók undir gagnrýni Ríkisendurskoðunar um að taka þyrfti til hendinni svo að áætlanir ráðuneytisins væru nær endanlegri útkomu fjárlaganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Lokafjárnög 2004:

Mun meiru eytt en mátti

ALÞINGI Lokafjárnög ársins 2004 eru tólf prósentum gildnari en áætlanir ríkisstjórnarinnar kváðu á um. Er það meira en hefur verið síðustu ár. Ríkisendurskoðun hefur gagnrýnt vanáætlanir ríkisstjórnarinnar og sagt að hún verði að taka til hendinni og standa við áætlanir sínar.

Fjármálaráðherra, Árni M. Mathiesen, sagði á Alþingi að endurskipuleggja þyrfti þau ráðuneyti sem ítrekað fara fram úr fjárheimildum eða ákvarða þeim hærri fjárupphæð en hefur verið.

Einar Már Sigurðarson, þingmaður Samfylkingar, sagði fjárnögin ekki nægilega tengd veruleikanum. Ráðuneytin treysti sér ekki til að taka á þeim stofnunum sem fara fram úr fjárheimildum þar sem þau vissu að áætlanirnar væru ekki nægilegar traustar.

- gag

Merkjavara á silfurfati

MIKIÐ ÚRVAL AF ÍÞRÓTTAVÖRUR FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA

Upplýsingasími: 552 6634

Opið virka daga frá kl. 14:00 til kl. 18:00
Opið um helgar frá kl. 10:30 til kl. 18:00

Adidas

Mitre

NIKE

Rucanor

Triumph

SPEEDO

Runway

adidas

Northland

Puma

Catmandoo

50% - 80% lækkun

VERÐ DÆMI

	Okkar verð	Fullt verð
Adidas gerfigrasskór	3.000 kr.	5.990 kr.
Prjónahúfur	400 kr.	1.200 kr.
Spalding körfuboltar	990 kr.	1.990 kr.
Mitre innanhússkór	1.500 kr.	8.490 kr.
Errea stuttbuxur	1.200 kr.	2.890 kr.
Nike fótboltar	1200 kr./ 1.700 kr.	2.990 kr./4.000 kr.
Catmandoo kuldagallar barna	3.600 kr.	7.990 kr.
Gönguskór Conway	4.990 kr.	9.990 kr.
Arena-Speedo-Adidas-Nike sundföt	1.000 kr.	2.500 kr./ 4.900 kr.
Northland öndunarúlpur	6.500 kr.	12.990 kr.
Puma skór	2.000 kr./ 4.000 kr.	6.990 kr./ 8.990 kr.
Jakkar, flísfóðraðir	1.500 kr.	5.990 kr.
Úlpur Catmandoo	2.800 kr.	6.500 kr.

Okkar takmark: 50% - 80% lækkun frá fullu verði

Visa/euro
Sendum út á land

Opnunartími: Virka daga 14.00 - 18.00 • Laugardaga/Sunnudaga 10.30 - 18.00 • Upplýsingasími 552 6634

Ótrúlegt verð



TILBOÐ
29.990_{kr}
Verð áður 39.990,-

Olympus myndavél

- 3x optical / 5x digital zoom
- Linsa: 8.0 - 24mm (35mm samb.: 38 - 114mm)
- 2,5" LCD skjár (215.000 pixlar)
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- 19 Scene prógrömm
- Auto flass og red eye reduction
- USB tenging
- 21,3mb innbyggt minni, tekur xD kort



11.990_{kr}

Olympus myndavél

- 2.8x optical / 4x digital zoom
- Linsa: 6.2 - 17.4mm (35mm samb.: 38 - 106mm)
- 1,5" LCD skjár
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka, 5 scene modes
- Auto flass, red eye reduction og tímarofi
- USB tenging
- 28MB innra minni og tekur xD kort



7.990_{kr}

United MP3 spilari

- 512 MB
- LCD Skjár með baklýsingu • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög
- USB 2.0 Tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu
- Heyrnartól og rafhlaða fylgja



TILBOÐ
4.990_{kr}
Verð áður 7.990,-

United MP3 spilari

- 256 MB
- FM útvarp, diktafónn • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög
- USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu • Heyrnartól og rafhlaða fylgja



12.990_{kr}

United MP3 spilari

- 1 GB
- LCD Skjár með baklýsingu • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög
- USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu
- Heyrnartól og rafhlaða fylgja



TILBOÐ
7.990_{kr}
Verð áður 11.990,-

United MP3 spilari

- 512 MB
- FM útvarp, diktafónn • Hægt að vista tölvugögn eða MP3/WMA lög
- USB 2.0 tengi • Endist í 12 klukkustundir með 1 AAA rafhlöðu • Heyrnartól og rafhlaða fylgja



54.990_{kr}

JVC digital tökuvél

- 20GB harður diskur (allt að 25 tíma upptaka)
- 1/6" Upptökuflaga með 800.000 pixela upplausn
- 2,5" LCD skjár
- Tekur SecureDigital kort
- 25x Optical / 800x digital zoom
- Innbyggð kyrrmyndavél (640x480)
- Tekur hljóð upp í dolby digital
- Power producer, power director
- Express og power DVD klippi- og afspilunarforrit fylgja
- Ljós að framan, titringsdeyfir
- USB 2.0
- Fylgihlutir : Fjarstýring, spennubreytir, rafhlaða, hugbúnaður (PC/MAC) og kaplar
- Stærð í cm (bxhxd): 6.7x7x10.9



TILBOÐ
24.990_{kr}
Verð áður 29.990,-

Olympus myndavél

- 7 megapixel
- 3x optical / 5x digital zoom
- Frábær við öll birtuskilyrði
- Linsa: 6.5 - 19.5mm (35mm samb.: 37 - 111mm)
- 2,5" LCD skjár (115.000 pixlar)
- Autofocus og auto white balance
- Auto exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (640x480)
- 23 scene programmes
- Auto flass og red eye reduction
- USB tenging
- 19,1mb innbyggt minni, tekur xD kort
- Fæst í fjórum litum



14.990_{kr}

JVC míkrosamstæða

- 10w RMS magnari með bass boost • RDS útvarp með stöðvaminnum
- Geislaspilari með MP3 • Spilar CD-R/RW • Klukka • Auto reverse segulband
- Fjarstýring



29.990_{kr}

JVC míkrosamstæða

- Míkrosamstæða með 120w RMS magnara • 5 diska MP3 geislaspilari
- Spilar CD-R/RW • RDS útvarp með 30 stöðvaminnum • Active hyper-bass PRO, 2 stillingar • Klukka og svefnrofi • Aux inn að framan • Heyrnartólstengi
- Fjarstýring

JVC heimabíókerfi

- 205w (5x33 og 1x40) dolby digital/DTS magnari
- 5 litlir umhverfishátalarar og bassabox
- Fjölderfa DVD Spilari
- Spilar DVD, DVD-R/RW, CD-R/RW, DivX, VCD/SVCD, MP3 og JPEG
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II
- NTSC afspilun á PAL sjónvarp
- RDS útvarp með FM og 30 stöðvaminnum
- SCART með RGB
- Fjarstýring



17.990_{kr}



iPod Nano 1GB

- 1GB iPod Nano MP3 spilari
- 1.5" LCD litaskjár (176x132 pixlar)
- Spilar MP3, Audible (2/3/4), Apple Lossless, AIFF, WAV og AAC
- Sýnir ljósmyndir
- Geymir allt að 240 lög eða 15.000 ljósmyndir
- Uppfærslulegur
- Endist í 14 tíma á einni hleðslu
- Tekur aðeins 3 tíma að hlaða (1.5 tíma upp í 80%)
- iTunes hugbúnaður fylgir (MAC/PC)
- Tónjafnari
- Vekjari og svefnrofi
- USB kapall og heyrnartól fylgja
- Þyngd aðeins 43gr.
- Litur: Svartur

Gildir til 31. mars eða á meðan birgðir endast.

á raftækjum

Fermingargjafir í úrvali í Hagkaupum Smáralind og Kringlu

United 21" sjónvarp með DVD

- 21" black matrix myndlampi
- Stereo hljóðkerfi
- Textavarp, allar aðgerðir á skjá og scart tengi
- Fjarstýring
- Fjölkerfa DVD spilari
- Spilar DVD, VCD og SVCD
- Spilar CD, CD-R/RW, JPEG og MP3
- Stærð í cm (bxhxd): 50x50,5x47,5



TILBOÐ
24.990_{kr}
Verð áður 29.990,-

United 21" sjónvarp

- 21" flatur black matrix myndlampi
- Textavarp
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart tengi og svefnrofi
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd) : 59x45x49



18.990_{kr}

Dantax 15" LCD sjónvarp

- 15" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1024x768 punktar
- Svartími: 16ms
- Nicam stereó hljóðkerfi
- Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnar-tólstengi
- VGA tengi
- Textavarp með 124 síðna minni
- Barnalæsing og fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar á VESA100 veggfestingar (fylgja ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 43,9x30,5x7



44.990_{kr}

United 28" sjónvarp

- 28" flatur black matrix myndlampi
- Textavarp • 2x20w nicam stereó hljóðkerfi
- Allar aðgerðir á skjá • Svefnrofi • 2 scart tengi • Fjarstýring • Mál (bxhxd) : 73x55x49



TILBOÐ
24.990_{kr}
Verð áður 34.990,-

Philips 26" HD LCD sjónvarp

- 26" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280x768 punktar
- Digital crystal clear III og progressive scan
- HD ready
- Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms
- Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 400 cd/m2
- 20w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround
- 2 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnar-tólstengi
- DVI-i tengi (styður VGA, SVGA og XGA)
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgja ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 79,2x43,1x10,9 og þyngd: 15kg



TILBOÐ
104.990_{kr}
Verð áður 129.990,-

United 20" LCD sjónvarp

- 20" 4:3 LCD sjónvarp
- Upplausn: 640x480 punktar með skerpu 500:1
- Digital comb filter
- Sjónsvið (H/V): 160/140° og birtustig: 450cd/m2
- Nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- VGA tengi
- Fjarstýring
- Borðstandur fylgir
- Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgja ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 61,6x39,5x7,5



TILBOÐ
59.990_{kr}
Verð áður 89.990,-



19.990_{kr}

Philips VHS og DVD spilari

- Fjölkerfa DivX DVD spilari og myndbandstæki
- Spilar öll kerfi
- Progressive scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, VCD, SVCD, MPEG4, DivX 3.11/4.x/5.x
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby digital og DTS
- Nicam stereó myndbandstæki
- Hægt að horfa á DVD meðan tekið er upp á myndband
- Longplay og NTSC afspilun
- RCA tengi að framan
- 2 scart með RGB og SVHS tengi
- Component (Y, Pr, Pb) tengi
- RCA audio útgangur
- Optical og coaxial tengi
- Fjarstýring



7.990_{kr}

Philips DVD spilari

- Fjölkerfa DVD DivX spilari - silfurlitaður
- Spilar öll kerfi
- Progressive scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (SVCD og DivX 3.11/4.x/5.x/6.0
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- Dolby digital og DTS
- Scart (með RGB), component, SVHS og CVBS tengi
- Digital coaxial tengi
- Fjarstýring



129.990_{kr}

United 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

- 32" HD 16:9 LCD sjónvarp
- Upplausn: 1366x768 punktar
- Progressive scan
- HDTV ready
- Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2
- Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170°
- Mynd í mynd (2 móttakarar)
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi
- 2 scart, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- DVI-D og VGA tengi (styður VGA, SVGA og XGA)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Veggfesting: Vogles VFW140 (fylgir ekki)
- Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

„ORÐRÉTT“

Kaupum Berlinske!

„Bláðið gagnrýndi afhendingu handritanna, stofnun lýðveldisins og gerð upp-kastsins og hefur því alltaf verið á þessari línu gagnvart Íslendingum.“

„SVAVAR GESTSSON, SENDIHERRA Í KAUPMANNAHÖFN, UM BERLINGSKE TIDENE. FRÉTTABLAÐIÐ.“

Alltaf frjór

„Margar góðar hugmyndir hafa heyrst undanfarið en fáar eru nærtækar. Sú sem næst gæti verið í framkvæmd er álver í Helguvík.“

KRISTJÁN PÁLSSON, FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR, Í GREIN Í MOGGANUM UM ATVINNUMÁL Á SUBURNESJUM.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? STEFANÍA TRAUSTADÓTTIR BÆJARSTJÓRI Í ÓLAFSFIRÐI

Bærinna bað um snjó og fékk stórhrið

„Við í Ólafsfirði erum mjög upptekin af undirbúningi fyrir skíðalandsmótið. Allir sem vettlingi geta valdið vinna að undirbúningi þess.“ segir Stefania Traustadóttir bæjarstjóri.

„Hér hefur snjóað síðustu daga. Við höfum verið að gantast með það að kannski hafi menn beðið of mikið um snjóinn og of margir lagst á bæn því hér var stórhrið í fyrrakvöld.“ segir Stefania og hlær. Hún hafi horft út um gluggann með skelfingarsvip en núna sé veðrið flott: „Ég heyrir á þeim sem til þekkja að færið geti vart verið betra.“ Hún segir bæina á Tröllaskaga, Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð, ekki kvarta yfir snjóleysi á veturna eins og heyrir annars staðar á landinu. Skíðafærið sviki þá sjaldnast.

Stefania segir skíðalandsmótið ekki það eina sem eigi hug bæjarbúa, því þeir séu einnig í skýjunum með niðurstöðuna í



útboðinu um Héðinsfjarðargöng: „Við sjáum fram á að hér hefjist framkvæmdir í sumar. Þær eru löngu tímabærar og hefðu átt að hefjast fyrr.“ Einnig sé það að fréttu að bæjaryfirvöld séu önnur kafin við undirbúning sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Kosið verði um nýtt nafn á sveitarfélögunum og frestur til að skila inn tillögum renni út í kvöld. „Ég hvet sem flesta til að senda inn tillögur.“ segir Stefania. Þónokkrar hafi borist. Þær verði ekki opnaðar fyrr en eftir helgi.

Stefania segir félagslífið í bænum öflugt nú sem endranær: „Það er ótrúlegt hvað fólk er virkt í félagsstarfsemi. Fólk vinnur á svo mörgum sviðum þar sem hér búa ekki svo margir. Ég segi stundum að fólk sé með svo marga hatta. Eftir árin mín hér finnst mér fólk miklu virkara í félagslífi og starfi en fólk í stærri sveitarfélögum, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu.“

Ærnar á Lóni í sónar

Nýjustu tækni og vísindum er beitt við fjárbúskapinn á Lóni II í Kelduhverfi. Ærnar eru teknar í sónarskoðun og því veit bóndinn hve von er á mörgum lömbum í vor.

Fjórlegt var í fjárhúsunum á Lóni á dögunum þegar Gunnar Björnsson í Sandfelli kom með sónartækin sín. Hann er einn þriggja á landinu sem eiga slík tæki og hefur haft í nægu að snúast síðan í byrjun febrúar enda þjónar hann bændum frá Héraði, alla leið til Skagafjarðar.

„Ja, ég er allavega beðinn um að telja aftur og aftur og víðar.“ svarar Gunnar aðspurður hvort hann sé sleipur í skoðuninni.

Sónarskoðunin er bændum mikilvæg því fódur er háttad í samræmi við hve mörg lömb hver og ein ær ber. „Það munar miklu í fódur.“ segir Einar Ófeigur Björnsson, bóndi í Lóni II. „Hún þarf miklu meira fódur ef hún er tvílembd og ég tala nú ekki um ef hún er þrílembd. Svo hættir einlembingum við að verða of stórir ef einlemburnar fá að éta jafn mikið og tvílembur. Það getur skapað erfíðleika við burð og lömbin geta drepist.“

Systir Einars Ófeigs, Guðlaug Björnsdóttir ljósmóðir, fylgdist með skoðuninni í Lóni. Hún er vita-



NÝJASTA TÆKNI Ærnar á Lóni létu sér fátt um finnast þegar þær voru sónarskoðaðar á dögunum. Í ljós kom að tólf eru þrílembdar, 42 einlembdar og 247 tvílembdar. Gunnar Björnsson og Guðlaug Björnsdóttir rýna í skjáinn og gestir og gangandi fylgjast með í fjárhúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÍÐUR BALDVINSDÓTTIR

skuld alvön sónarskoðunum en reyndar annars konar. „Þetta er svipuð tækni og notuð er á spítölum en tilgangurinn er annar. Þarna er verið að telja með það í huga að vita hve von er á mörgum lömbum. Við gerum hins vegar allt aðra hluti hér, skoðum líkamsbyggingu fóstursins, athugum hvernig fylgjan er og fylgjumst með að þau vaxi í réttum takti.“ Guðlaug hafði gaman af að fylgjast með tilburðum Gunnars og spreyta sig á að rýna í skjáinn og lesa af myndinni hvort lömbin voru eitt, tvö eða þrjú.

Gunnar hefur reyndar reynt að færa sig yfir á verksvið Guðlaugar og annarra ljósmæðra, en án árangurs. „Ég hef boðið þessa þjónustu frítt fyrir húsmæður en engin hefur þegið það hingað til.“ segir hann og hlær. „Það væri miklu gáfulegra heldur en að þær séu að þvælast á heilsugæslu eða spítala.“ bætir hann við.

Vertíðinni lauk í vikunni og seg-



EITT, TVÖ EÐA ÞRÍ? Gunnar og Guðlaug telja lömbin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐRÍÐUR BALDVINSDÓTTIR

ist Gunnar ætla að byrja á að leggja sig. „Þetta hefur verið strangt. Svo bið ég eftir vorinu og athuga hvort

þetta komi ekki allt saman.“ Sauðburður hefst víðast hvar á landinu í kringum 10. maí.

Eik merkir sér fasteign sína

Fasteignafélagið Eik, sem er í eigu KB banka, hefur merkt sér húsið Austurstræti 17. Stendur á því skýrum stöfum: Eigandi eignar er Eik fasteignafélag hf. Fátítt er að húseignendur á Íslandi taki fram að viðkomandi hús sé í þeirra eigu en það þekkist í útlöndum. „Erlendis er þetta algengt en þetta þekkist ekki hér og við erum brautryðjendur að þessu leyti.“ segir Garðar Hannes Friðjónsson, framkvæmdastjóri Eikar.

Eik á fjölda fasteigna víða um borg en Austurstræti 17 er enn sem komið er eina húsið sem



EIGN EIKAR Garðar Hannes, framkvæmdastjóri Eikar, segir það þekkt erlendis að hús séu merkt eigendum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

félagið hefur merkt sér með þessum hætti. „Við setjum ekki skilti

á eignir sem sjást ekki eða eru þannig staðsettar að merking skiptir minna máli en það er ekki ólíklegt að við merkjum okkur aðrar sýnilegar eignir í framtíðinni.“ segir Garðar Hannes. Ástæðan fyrir því að Eik merkir sér Austurstræti 17 er tvíþætt. „Þetta er auglýsing. Ef menn eru að leita að húsnæði sjá þeir að við eigum húsið og geta haft samband ef þeir hafa áhuga. Svo er þetta almenn auglýsing líka.“ segir Garðar Hannes.

Á jarðhæð hússins við Austurstræti 17 er 10-11 verslun en skrifstofur eru á efri hæðum.

- bps



CAMILLA, ASNI OG KARL Breski ríkisarfinn og eiginkona hans eru á ferðalagi um Egyptaland þessa dagana og litu meðal annars inn á dýraspítala þar sem þessi asni nýtur umönnunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



VILTU GULRÓT VÆNI? Camilla býður asnanum bita úr lófa sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

DV

Hefur þú séð DV í dag?



Menntun og skemmtun

Sigurjón undirbýr
stóran skemmtigarð
í Laugardal

Nú er endurbótum á Bónusversluninni í Holtagarði lokið

Komdu í Holtagarða!

Opnum klukkan tíu í dag




**EKKERT
BRUÐL**

*Tilboð í
tugatali!*

www.bonus.is

EBANZland.is

> SVONA ERUM VIÐ:
Farþegaflutningar á Keflavíkurflugvelli
(innanlandsflug ekki meðtalið)



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: BASKALAND OG ETA

Miklar vonir bundnar við vopnahlé

Á miðvikudag lýstu aðskilnaðarsamtök Baska, ETA, því yfir að þau myndu hefja varanlegt vopnahlé í dag, föstudag. Yfirlýsingin bindur enda á áratuga langa sögu ofbeldis samtakanna, sem eru ein síðustu vopnuðu samtök aðskilnaðarsinna í Vestur-Evrópu.

Hvað er Baskaland?

Baskaland, eða Euskal Herria, nær yfir rúmlega tuttugu þúsund ferkílómetra svæði á Norður-Spáni og Suður-Frakkalandi. Baskar eru einn elsti þjóðernishópur Evrópu og kallast tungumál þeirra euskera. Það mál líkist engu indóevrópsku tungumáli og var talað áður en Rómverjar komu fyrst til Spánar. Alls búa um þrjár milljónir manna á þessum svæðum.

Hvað er ETA?

Samkvæmt Vísindavef Háskóla Íslands eru ETA

hryðjuverkasamtök sem berjast fyrir sjálfstæði Baskalands. ETA er skammstöfun á nafni hreyfingarinnar, sem heitir Euzkadi Ta Azkatasuna á basknesku og þýða mætti sem Baskaland og frelsi. Rætur ETA má rekja til Þjóðernisflokks Baska sem stofnaður var 1894. Baskaland naut tiltölulega mikillar sjálfstjórnar öldum saman, en 1939 komst einræðisherrann Francisco Franco til valda á Spáni og stöðvaði alla sjálfstæðisbaráttu innan landsins. Árið 1959 klufu nokkrir ungir Baskar sig úr hinum friðarsinnaða Þjóðernisflokki og stofnuðu ETA í þeim tilgangi að losna undan ofríki Francos. Árið 1961 frömdu samtökin fyrstu hryðjuverkin og hafa yfir 800 manns farist af völdum ETA frá 1968. Samtökin fjármagna baráttu sína með þjófnaði, mannránum og fjárkúgun kaupsyslumannna, fyrirtækja og stjórnmálamanna.



Hvers vegna vopnahlé?

Eftir að Franco lést 1975 hafa spænsk stjórnvöld veitt þremur héruðum sjálfstjórn. Héróðin Álava, Guipúzcoa og Vizcaya, sem kallast País Vasco á spænsku, hafa eigið þing og lögreglu, og opinber tungumál eru euskera og spænska. Aðskilnaðarsinnar telja fjögur héruð til viðbótar til Baskalands: Navarra á Spáni og frönsku héróðin Basse Navarre, Labourd og Soule. Jose Luis Rodríguez Zapatero, forsætisráðherra Spánar, hefur lýst yfir vilja til að veita héraðsstjórnum Spánar meira vald, þar með talið stjórnun Baskahéraðanna, og þrátt fyrir andstöðu hægrisinnaðra Spánverja hefur hann lofað að ræða þessi mál við aðskilnaðarleiðtoga Baska, leggi ETA niður vopn. ETA virðist nú vera að bregðast við tilboði Zapateros.

SPURT & SVARAÐ

MÁLEFNI ALDRADRA

Að eldast

Umræða í samfélaginu um málefni eldri borgara hefur verið mikil á undanförunum mánuðum. Ekki eru þó allir þeirrar skoðunar að umræðurnar séu að skila raunverulegum árangri. Helgi Vilhjálmsson athafnamaður er einn þeirra.



HELGI VILHJÁLMS-
SON
ATHAFNAMADUR

Hvað rekur ykkur af stað nú? Lífeyrissjóðirnir til dæmis. Þeir eru orðnir svo stórir að þeir eiga ekki geymslur fyrir alla peningana. Á meðan eru menn að vakna allt í einu upp við það að þeir eiga pabba og mömmu sem eru að eldast og geta ekkert farið. Þetta er til skammar og það rekur okkur af stað.
Á hverju er brýnast að byrja? Það þarf að fara yfir lífeyrissjóðsmálin segi ég. Það hlýtur að vera í lagi að taka eitt prósent til baka til uppbyggingar.

Olmert viss um sigur Kadima

Þó að fimmtungur Ísra-
ela hafi enn ekki ákveðið
hvern þeir ætla að kjósa í
þingkosningum þar í landi
á þriðjudag virðist sitjandi
forsætisráðherra, Ehud
Olmert, afar viss um sigur
flokks síns.

Þingkosningar verða haldnar í Ísrael á þriðjudag og þó Kadima-flokkur Ehuds Olmert, starfandi forsætisráðherra, virðist viss um stjórnarforystu, er fimmtungur Ísraels enn óviss um hvern hinna þrjátíu flokka sem í framboði eru þeir ætli að kjósa.

Í niðurstöðum skoðanakannana sem birtar voru í ísraelska dagblaðinu Yediot Ahronot á fimmtudag hafði Kadima-flokkurinn tapað nokkru fylgi en hélt þó afgerandi forystu, eða 36 af 120 þingsætum í Knesset, ísraelska þinginu. Samkvæmt könnuninni fengi Verka-

mannaflokkurinn 21 sæti, en hægriflokkurinn Likud 14.

Skilyrt stjórnarsamstarf

Olmert virðist viss um sigur flokks síns og um áframhaldandi setu sína sem forsætisráðherra, en hann tók við stöðunni í janúar er stofnandi flokksins, Ariel Sharon, veiktist.

Í gær hafði Yediot Ahronot eftir Olmert að flokkar sem ekki styddu áætlanir hans um brottför Ísraels frá einangruðum landtökubyggðum á Vesturbakkanum gætu ekki myndað samsteypustjórn með Kadima. Olmert ætlar löndum sínum jafnframt að halda stórum hlutum hernaðsins svæðanna og að færa aðskilnaðarmúrinn utan um þau.

„Þetta er áætlunin og það er engin önnur,“ sagði Olmert.

Ísraelar hófust handa við byggingu múrsins fyrir þremur árum og sögðu tilganginn vera að stöðva árásir Palestínumannna á ísraelskar borgir. Múrinn, sem samanstendur af skurðum, gaddavír og allt að 10 metra háum steinsteypuvegg, virðist hins vegar vera farinn að sinna hlutverki landamæra milli Ísraels og Palestínu, líkt og Olmert ætlar honum að gera.

Herskár leiðtogi Likud-flokksins, Binyamin Netanyahu fyrrver-



KOSNINGABARÁTTA Í FULLUM GANGI Ísraelskir stúdentar ganga hér framhjá kosningabörðum og -veggspjöldum sem varla er þverfótað fyrir við aðalinngang Tel Aviv-háskóla. Þingkosningar verða haldnar í Ísrael á þriðjudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

andi forsætisráðherra, er afar mótfallinn því að Ísraelar dragi sig til baka frá þeim svæðum sem þeir hafa hernaðir á Vesturbakkanum og því virðist ólíklegt að Likud sitji í stjórn með Kadima.

Hins vegar þykir líklegt að Verkamannaflokkurinn, sem stýrt er af fyrrverandi verkafélagsforingjanum Amir Peretz og sem

margir fátækari Ísraelar kjósa, muni taka höndum saman með Kadima.

Sharon úr leik

Forsætisráðherra Ísraels, Ariel Sharon, hefur legið meðvitundarlaus á sjúkrahúsi síðan í janúar eftir alvarlegt heilablóðfall. Þó hann sé opinberlega enn forsætisráðherra þykir afar ólíklegt að hann muni sinna stjórnámálum á nýjan leik.

Sharon, sem var einn af stofndum Likud-flokksins á áttunda áratugnum, hóf brottflutning Ísraels frá hernaðs svæðunum á Vesturbakkanum síðastliðið sumar og varð það til þess að Likud flokkurinn klofnaði. Í kjölfar þess stofnaði Sharon Kadima-flokkinn í nóvember, nokkrum vikum fyrir heilablóðfall sitt.

Sigrí Kadima-flokkurinn hefur Olmert sagt að Ísraelar muni einhliða ákvarða varanleg landamæri fyrir árið 2010 hvort sem Palestínumenn samþykki þau eður ei. Þó sagði hann í vikunni að ný ríkisstjórn hans myndi bíða með ákvörðunina í nokkrar vikur svo Hamas-hreyfingin í Palestínu hafi tækifæri til að láta af ofbeldi og viðurkenna tilveru Ísraels, sem Hamas hefur hingað til sagt þvert nei við. Ísraelar líta á Hamas sem hryðjuverkasamtök, en hreyfingin hins vegar samþykkir ekki gyðingaríki í Mið-Austurlöndum þar sem flestir íbúar aðhyllast íslamstrú.

Ísraelskir arabar ugghandi

Ísraelar af arabískum ættum eru margir hverjir afar ósáttir við sína stjórnámálamenn og finnst þeir hefðu átt að sameinast í einn flokk svo betur mætti sinna þörfum araba í Ísrael, en þeir kvarta oft undan mismunum og kynþáttahatri í sinn garð. Óttast þeir nú að hagur þeirra muni lítt batna, þar sem stjórnámálamenn þeirra eru að miklu leyti sundraðir.




FRÉTTASKÝRING
SIGRÚN MARÍA KRISTINS-
DÓTTIR
smk@frettabladid.is

HAMBORGAR- HRYGGUR VEISLA Á BRAUÐIÐ



Óákveðnir kjósendur skipta sköpum í kosningum í Ísrael

Öryggismál eru efst á baugi í þingkosningum sem fram fara í Ísrael þann 28. mars. Þrjátíu flokkar eru í framboði og er Kadima-flokkurinn talinn líklegastur til að mynda samsteypustjórn, ásamt Likud og Verkamannaflokknum. Nýjustu skoðanakannanir sýna þó að einn af hverjum fimm kjósendum er enn óákveðinn. 120 sæti eru í Knesset, ísraelska þinginu.



קדימה

Kadima: Miðflokkur sem Ariel Sharon forsætisráðherra stofnaði seint á síðasta ári, en Sharon liggur meðvitundarlaus á sjúkrahúsi eftir heilablóðfall í byrjun árs. Leiðtogi flokksins er því starfandi forsætisráðherra **Ehud Olmert** (á mynd), sextugur að aldri.

Öryggismál: Þar sem friður hefur ekki náðst við Palestínumenn, hefur Olmert lagt til að Ísraelar yfirgefi einangraðar landtökubyggðir á Vesturbakkanum og ákveði endanleg landamæri Ísraelsríkis innan fjögurra ára, hvort sem Palestínumenn samþykki þau eður ei.



הליכוד

Likud: Hægrisinnaður flokkur. Leiðtogi hans er fyrrverandi forsætisráðherra **Binyamin Netanyahu**, 57 ára.

Öryggismál: Nýtir sér nýlegan sigur Hamas-hreyfingarinnar í Palestínu, og segir áætlun Olmerts muni „**færa Hamas að landamærunum**“ og setja Tel Aviv í skotfæri Palestínu. Vill ekki yfirgefa landtökubyggðir á **Gólanhæðum**.

Fjármál: Vill halda áfram umbótum á frjálsum markaði og skera virðisaukaskatt niður úr 16,5% í 14%.



העבודה

Verkamannaflokkurinn: Mið- til vinstrisinnaður flokkur, stundum kallaður „flokkur fátæka fólksins“. Leiðtogi hans er fyrrum verkafélagsforinginn **Amir Peretz**, 54 ára.

Öryggismál: Litil raunhæf reynsla.

Fjármál: Mun einungis sitja með Kadima í stjórn ef þingið samþykkir hækkun á lágmarglaunum úr 54.000 krónum í 72.000 kr., sem og lögbodinn ellilífeyri handa öllum þegnum landsins. Ætlar sér jafnframt að minnka atvinnuleysi um helming með því að skapa 400.000 störf á fjórum árum.


Myndir: Associated Press

© GRAPHIC NEWS

Ítalskir dagar

frábær stemmning

Úrval af
pastavörum



„fékkst þú frábæra uppskriftabæklinginn sendan heim?“

30%
afsláttur við kassa

Campagne pastavörur

4 pizzur
á 500 kr

Náttura pizzur



1.299
kr/pk

Kjúklingabringur

Frábært
í matargerð

Humarveisla



349
kr.stk.

Campagna Extra Virgin ólívuólía

499
kr.pk.

Humar 500 gr.

129
kr.2stk.

X-tra hvítlauksbrauð

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 24. mars til 26. mars eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: EIDUR GUNNLAUGSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI KJARNAFÆÐIS

Framsækin kjötvinnsla í örum vexti

Kjarnafæði var stofnað á Akureyri árið 1985 af bræðrunum Eiði og Hreini Gunnlaugssonum. Höfuðstöðvar og skrifstofur félagsins eru enn á Akureyri og þar fer fram þökkun, smáréttaframleiðsla og vöruafgreiðsla.

Fyrstu árin framleiddi Kjarnafæði einungis Pitsur og hrásalat en Eiður segir félagið hafa tekið miklum stakkaskiptum frá stofnun. „Kjarnafæði þróaðist yfir í alhliða kjötvinnslufyrirtæki og framleiðir nú allar hefðbundnar matvælategundir úr kjötmeti sem fyrirfinnast á íslenskum neytendamarkaði,“ segir Eiður.

Kaupfélag Svalbarðseyrar fór í þrot árið 1986 og árið 1994 keypti Kjarnafæði megnið að eignum Kaupfélagsins á Svalbarðseyri. Kjarnafæði er langstærsti vinnuveitandinn á eyrinni og hjá félaginu starfa þar um fimmtíu manns. Alls eru um 130 á launaskrá hjá Kjarnafæði en stöðugildin um hundrað.



EIDUR GUNNLAUGSSON

Á Svalbarðseyri hefur Kjarnafæði byggt upp glæsilega og nýtskulega kjötvinnslu sem hönnuð er frá grunni til að standast ströngustu staðla og kröfur sem gerðar eru til matvælafyrirtækja á alþjóðavísu. Eiður segir að í kjötvinnslunni á Svalbarðseyri fari fram öll úrbeining og ýmis grófvinnsla; hakk, fars og búðingagerð ásamt reykingu og söltun. „Um sextíu prósent af framleiðslu fyrirtækisins fara á markað á Reykjavíkursvæðinu, til stórmarkaða, mótuneyta og veitingastaða. Um fjórutíu prósent fara í dreifingu til verslana vítt og breitt um landið og til útgerða.“

Kjarnafæði er enn í örum vexti og í upphafi árs eignaðist félagið liðlega þriðjungs hlut í nýju félagi sem stofnað var um rekstur sláturhúss og kjötvinnslu Sölufélags Austur-Húnavetninga á Blönduósi.

STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Svalbarðseyri

Íbúafjöldi 1. desember 2005: 212.

Sveitarfélag:

Svalbarðsstrandarhreppur.

Sveitarstjóri: Árni Konráð Bjarnason.

Helstu atvinnufyrirtækin:

Kjarnafæði.

Grunnskólinn.

Skólar:

Leikskólinn Álfaborg.

Grunnskólinn Válsarskóli.

Verslanir: Engar.

Vegalengd frá Reykjavík:

408 km um Hvalfjarðargöng.

Frelsið og fámennið heillar

Þungbúin hríðarmugga umlykur Eyjafjörð og næðingskul að norðan. Nepjan bítur í kinnar Kristjáns J. Kristjánssonar þegar hann stígur út úr bíl sínum við Safnasafnið við Þjóðveginn ofan Svalbarðseyrar þennan hrollkalda annan dag einmánaðar. Kuldaljóðin í veðurkortunum vekja ekki vonir um veðursæld norðan heiða á komandi vori en vætusamur einmánuður ku boða blíðu og blómaangan.



Safnasafnið er afsprengi áratuglangrar söfnunar og listgleði hjónanna Nielsar Hafstein og Magnhildar Sigurðardóttur. Safnið er gríðastaður íslenskrar alþýðulistar um leið og það er umgjörð utan um mörg smærri söfn sem flest hver hefðu orðið tímanum að bráð ef þess nyti ekki við.

Niðpungt listaverk

Frá því safnið var opnað almenníngi, árið 1998, hafa Niels og Magnhildur að jafnaði sett upp tólf sýningar á hverju sumri með listaverkum eftir íslenska alþýðulistamenn. Munir í eigu safnsins skipta þúsundum en um 3.100 listaverk eru varðveitt og tölvuskráð og notuð í margbreytilegar sýningar. „Stærsta verkið vegur eitt og hálft tonn en það er steypdur hestur eftir Ragnar heitinn Bjarnason frá Öndverðarnesi í Grímsnesi. Minnsti hluturinn á safninu er örsmár pappírsbátur sem Hannes Ágúst Hjartarson bjó til með flísatöng. Við eigum 198 slíka báta eftir Hannes en sá stærsti er um tveir sentimetrar að lengd,“ segir Niels.

Listaverk og safngripur

Húsið sem hýsir safnið er í senn listaverk og safngripur; tvær hæðir og ris, reist 1922, alls 280 fermetrar. Niels og Magnhildur búa í húsinu sem af flestum íbúum á eyrinni er kallað Samkomuhúsið en aðrir kalla Þinghúsið. Þegar komumann bar að garði voru iðnaðarmenn á þönum við húsið. „Sveitarfélagið gaf safninu gamla kaupfélagshúsið á Svalbarðseyri sem byggt var 1901 og er nú búið að koma því fyrir á steyptri jarðhæð norðaustan Samkomuhúss-



NIELS HAFSTEIN Að loknum framkvæmdum við Safnasafnið á Svalbarðsströnd mun sýningarrýmið sexfaldast.



ÁRNI KONRÁÐ BJARNASON Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps segir eftirspurn eftir lóðum hafa stóruð í sveitarfélaginu á undanföllum árum. Í bakgrunni er nýlegur grunnskóli á Svalbarðseyri.

ins. Hagleiksmenn eru hér að störfum við að reisa nýbyggingu sem verður tengd hinum húsunum tveimur með skálum. Meðan á framkvæmdum stendur verður safnið lokað en opnar á ný sumarið 2007 með sautján sýningum, inni og úti,“ segir Niels.

Kirkjuhald frá 12. öld

Svalbarðsströnd er innsti hlutinn af strandlengjunni austan megin Eyjafjarðar; um 14 km löng og liggur öll við rætur Vaðlaheiðar. Landnámsjörð sveitarinnar er Sigluvík en þar nam Skagi Skoptason land um árið 900, að undirlagi Helga marga sem tók sér bólfestu vestan megin fjarðarins.

Í Svalbarðsstrandarhreppi búa nú tæplega 400 manns og þar af eru liðlega 200 búsettir í byggðarkjarnanum á Svalbarðseyri.

Þegar ekið er frá Safnasafninu að Svalbarðseyri blasir við augum helsta kennileiti Svalbarðseyrar; tíguleg kirkjubygging með mjóum en háum turni. Svalbarðskirkja var

SVABARÐSKIRKJA Kirkjan á Svalbarðseyri er helsta kennileiti byggðarkjarnans en hún var reist á árunum 1952 til 1957.



ÞEIRRA ER FRAMTÍÐIN Alls eru sautján börn í dagvistun á leikskólanum Álfaborg og fer fjölgandi. Biðlisti eftir leikskólaplássi hefur aldrei þekkt á Svalbarðseyri.

byggð á árunum 1952 til 1957 en talið er að kirkja hafi verið á Svalbarði allt frá miðri 12. öld.

Úthverfi Akureyrar

Árni Konráð Bjarnason, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps, segir byggðina á eyrinni hafa byggst upp í kringum verslun, síldarverkun og starfsemi Kaupfélags Svalbarðseyrar um og upp úr aldamótunum 1900. „Á fyrsta tug síðustu aldar stunduðu Norðmenn síldarútgerð frá Svalbarðseyri og síðar tóku Björn Línal og fleiri við þeirri starfsemi,“ segir Árni.

Kaupfélag Svalbarðsstrandar varð gjaldþrota 1986 og í kjölfarið þurftu flestir íbúar Svalbarðseyrar að sækja vinnu til Akureyrar. Kjarnafæði er nú stærsti vinnuveitandinn á Svalbarðseyri með um fimmtíu starfsmenn.

Árni segir Svalbarðseyri í raun orðna úthverfi Akureyrar en einungis um tíu mínútna akstur er á milli staðanna. „Til Akureyrar sækjum við alla verslun, þjónustu og afþreyingu. Á undanföllum árum hefur eftirspurn eftir lóðum í hreppnum stóruð og í fyrra voru skipulagðar lóðir fyrir rúmlega tuttugu einbýlishús og hátt í sextíu frístundahús. Flestir þeirra sem flust hafa búferlum til okkar koma frá Akureyri til að njóta fámennis, frelsis og rólegheita en efnamenn af höfuðborgarsvæðinu sækjast einnig eftir að eiga sitt annað húsnæði í Vaðlaheiðinni,“ segir Árni.

Komdu á óvart

Prófaðu danskar pylsur næst



SS fremstir fyrir bragðið



Í dag drögum við út 30 nýja milljónamæringa

Vertu með og fáðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is.
Aðeins dregið úr seldum miðum.



HAPPDRETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings



30 %
Afsláttur
Krydduð lambasteik
1.119 kr./kg.



399
kr./kg.
Goða súpukjöt lítil poki



35 %
Afsláttur
Móa kjúklingaleggir
389 kr./kg.



Ömmubakstur
eldbakaðar pizzur 3 teg.
299
kr./stk.



Myllu
heilheittibrauð
99
kr./stk.



Krónuís 1L 3 teg.
159
kr./stk.



ÍSKEX FYLGIR
ÖLLUM 1L
KRÓNUÍS



Hellmanns majones 509g
199
kr./stk.



Náttúra
Appelsínusafi
79
kr./stk.



**Meira
úrval**



Vínber rauð
219
kr./kg.



Vatnsmelónur
69
kr./kg.



Blómka
14

SKEIFAN / BÍLDHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFÖSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-19
11-19
12-18

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-19
11-19
12-19

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-19
11-19
lokad

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-21
11-21
12-21

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-21
11-21
12-21

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-21
11-21
12-21

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-21
11-21
12-21

Allir dagar

12-23

virkir dagar
föstudagar
laugardagar
sunnudagar

11-19
11-20
11-19
12-18

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-19
11-19
lokad

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-19
11-19
11-16

virkir dagar
laugardagar
sunnudagar

11-19
11-19
11-16

Virk
Sam-
keppni

KRONAN

VIRK SAMKEPPNI

30

%
Afsláttur

Naggar 3 teg.

349

kr./stk.

Mynda-
albúm
200 mynda

25

%
Afsláttur

Fjörfiskur
forsteiktir fiskréttir

Kellogg's
Corn Flakes 750g

298

kr./pk.

Góu tvenna
Hraun- og Æðibitar

319

kr./pk.

Rjómaostur 120g
5 tegundir

104

kr./stk.

Lavazza kaffi
2 x 250g

499

kr./pk.

Garnier hárlitir 16 litir

899

kr./pk.

Bounty select
eldhúsrúllur 3 stk.

399

kr./pk.

ALLTAFRÁBÆRTILBOÐ

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 6.163 -1,12% Fjöldi viðskipta: 257
Velta: 1.669 milljónir

MESTA HÆKKUN

Avion 0,98%
Mosaic Fashions 0,57%
Dagsbrún 0,43%

MESTA LÆKKUN

Íslandsbanki -2,17%
Straumur.-B. ás -1,71%
FL Group -1,67%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 60,00 +0,00% ... Alfesca 4,07 -0,73%... Atorka 6,20 +0,00% ... Bakkavör 53,60 -1,11% ... Dagsbrún 7,03 +0,43% ... FL Group 23,60 -1,67% ... Flaga 3,21 -0,31% ... Glitnir 18,00 -2,17% ... KB banki 880,00 -0,90% ... Kögun 74,40 -0,80% ... Landsbankinn 27,00 -0,74% ... Marel 75,50 -0,66% ... Mosaic Fashions 17,60 +0,57% ... Straumur-Burðarás 17,30 -1,71% .. Össur 114,00 -0,87%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Bjarni á CNBC

Bjarni Ármannsson ræddi stöðu bankanna og íslensks efnahagslífs á CNBC Europe í gær. Bjarni fór að vonum fimlega með helstu rök fyrir því að ótti manna um hrún og óáran væri verulega orðum aukinn. Hann gerði ráð fyrir því að krónan myndi veikjast, en ekkert í líkingu við það sem hinir svartsýnu erlendu greinendur gera ráð fyrir. Hann svaraði af yfirvegun spurningum sem brenna á erlendum fjárfestum og útskýrði mikilvæga þætti í framtíð efnahagslífsins. Meðal þess sem hann benti mönnum á er að meðalaldur íslensku þjóðarinnar er lægri en í nágrannalöndum okkar. „In Iceland I am an old fart,“ sagði Bjarni, sem er tæplega miðaldra enn og unglegur í þokka-bót.



Síminn milliliður

Bakkabróðirinn Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans, sendi Dagsbrúnarmönnum smásneið á aðalfundi Símans. Eins og flestum er kunnugt keypti Dagsbrún helming í Kögun fyrir framan nefið á Símanum og Exista sem eiga samanlagt 38 prósent. Meðal seljenda, þegar Síminn keypti 27 prósent hlut í Kögun fyrir einum og hálfum mánuði, var FL Group sem seldi á genginu 63. Ef Síminn gengur að yfirtökutilboði Dagsbrúnar, sem telja verður mjög líklegt, fær félagið 75 krónur fyrir hvern hlut og hagnast því um yfir 600 milljónir króna. Lýður bendir á að Dagsbrún og FL Group eru að stórum hluta í eigu sömu aðila, sem væru því að kaupa sama mjölið aftur á miklu hærra verði.

MARKAÐSPUNKTAR...

Hagnaður af rekstri Fiskmarkaðs Íslands árið 2005 var kr. 51.212.104. Fyrirséð er að Fiskmarkaðurinn muni ekki uppfylla skilyrði Kauphallarinnar um veru á vaxtarlista eftir næstu áramót og verður hann því afskráður á árinu.

75 prósent forráðamanna fyrirtækja telja aðstæður í efnahagslífinu almennt góðar en ellefu prósent telja horfur ar slæmar. Sjávarútvegsfyrirtæki eru bjartsýn á horfur næstu tólf mánuði samanborið við aðrar atvinnugreinar.

Verðmæti fiskaflans dróst saman um 0,1 prósent milli ára 2004 og 2005. Verðmæti þess afla sem fluttur var út óunninn í gámum jókst um fjögur prósent í fyrra en aflaverðmæti til vinnslu innanlands dróst saman um ellefu prósent.

Jyske Bank fer millivegin

Jyske Bank mælir ekki með kaupum í krónubréfum miðað við núverandi vaxtamun og gengi krónunnar. Bankinn fjallar nokkuð ítarlega um Ísland í gær í riti



BANKINN Jyske Bank er með starfsemi víða í Evrópu. Hér getur að líta starfsstöðina við Vesterbrogade í Kaupmannahöfn.

sínu Emerging Markets Daily.

Í ritinu er haft orð á áhrifum undanfarinnar umfjöllunar um íslenska hagkerfið og bankana og hvatt til þess að einblína ekki um of á slík sjálfbær neikvæð skrif. „Landið getur rétt við skekkjur í hagkerfinu með styrkari hagstjórn, sem aftur myndi hjálpa krónunni.“

Jyske Bank notar sem dæmi svarta skýrslu Danske Bank og rekur rangfærslur í henni sem Ásgeir Jónsson, aðalhogfræðingur Kaupþings banka, hafi hrakið. „Með þessu sýnum við að stórkostlegur munur er á því hvernig erlendir og íslenskir bankar meta stöðuna. Er sannleikann að finna þar á milli?“ spyr Jyske Bank í riti sínu.

- ÓKÁ

Síminn undirbýr útrás

Félagið hefur fjölmörg tækifæri til skoðunar. Stjórnarformaður vill að hugað verði að nýjum sæstreng á arðsemisforsendum. Viðskipti við Kögun tekin til skoðunar.

Síminn hefur til skoðunar fjölmörg tækifæri erlendis til ytri vaxtar. Lýður Guðmundsson, stjórnarformaður Símans, greindi frá þessu á aðalfundi félagsins sem fram fór á miðvikudaginn. „Á þessu stigi er ekki unnt að segja annað en að við munum vanda valið vel og gefa okkur þann tíma sem þarf.“ Stjórn Símans hefur heimild til að auka hlutfé félagsins um 3,5 milljarða



SÍMINN SKOÐAR ÚTRÁSARTÆKIFÆRI Stjórn Símans hefur heimild til að auka hlutfé félagsins um 3,5 milljarða króna ef tækifæri gerast. Lýður Guðmundsson vill að hugað verði að nýjum sæstreng.

að nafnverði, sem myndi nýtast til nýrra verkefna. Félagið ætlar að opna söluskrifstofu í Lundúnum í maí til þess að fylgja eftir útrás íslenskra viðskiptavina.

Gríðarlegar breytingar urðu á eignarhaldi og efnahag Símans á síðasta ári. Ríkið seldi 98,8 prósent hlut sinn til Skipta, sem að standa Exista, KB banki, fjórir lífeyrissjóðir og fleiri fjárfestar, fyrir 66,7 milljarða króna. Í desember síðastliðnum sameinuðust Síminn, Skipti og Íslenska sjónvarpsfélagið og var hlutfé Símans aukíð úr sjö milljörðum króna í tæpan 31 milljarð. Eignir félagsins voru í 83 milljörðum í árslok samanborið við 29 milljarða árið áður og stafar hækkunin að mestu af óefnislegum eignum sem urðu til við sameininguna. Eigið fé stóð í 32,8 milljörðum í árslok. Síminn skilaði 4.032 milljóna hagnaði í fyrra og hækkaði um tæpan einn milljarð á milli ára.

Lýður er fylgjandi því að hugað verði að nýjum sæstreng en arð-

semissjónarmið verða að ríkja um þá framkvæmd. „Tvöföld varaleið er nauðsynleg í fyllingu tímans en þá þurfa hugsanlega fleiri að taka ábyrgð á því en eingöngu fjarskipta-fyrirtækin og íslenska ríkið.“ Hann telur að þau fyrirtæki sem eiga allt sig undir góðum samböndum við útlönd gætu einnig komið að verkefninu.

Aðalfundurinn var haldinn í ljósi þeirra tíðinda að samkeppnisaðilinn Dagsbrún hafði eignast yfir helming hlutafjár í Kögun en Síminn var stærsti hluthafinn. Stjórnarformaðurinn greindi frá því að öll viðskipti Símans við Kögun yrðu tekin til endurskoðunar en mikil og gagnkvæm viðskipti hafa verið með félögunum í gegnum árin.

Nýja stjórn Símans skipa þau Erlendur Hjaltason, Lýður Guðmundsson, Panikos Katsouris, Rannveig Rist og Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson. Heimilt er að fjölgja stjórnarmönnum í sjö.

eggert@frettabladid.is

www.aviongroup.is

Aðalfundur Avion Group

Aðalfundur Avion Group hf. verður haldinn í Þjóðminjasafni Íslands, laugardaginn 1. apríl 2006 og hefst klukkan 13.00.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar síðastliðins starfsárs.
4. Ákvörðun stjórnarlauna og þóknun til endurskoðenda.
5. Breytingar á samþykktum.
6. Stjórnarkjör.
7. Kosning endurskoðenda.
8. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum.
9. Önnur mál löglega fram borin.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á fundarstað frá kl. 10 á fundardegi.

Framboðsfrestur til stjórnar rennur út mánudaginn 27. mars nk., kl. 13.00.

Framboðum skal skila skriflega til stjórnar Avion Group hf., Hlíðasmára 3, Kópavogi.

Avion Group hf., Hlíðasmára 3, Kópavogi.

AVION GROUP
– íslensk sókn um allan heim

Ekkert félag í sömu aðstöðu og Síminn

FORSTJÓRI DAGSBRÚNAR SEGIR SÍMANN HAFA VILJAÐ LÆSA HLUTHAFA KÖGUNAR INNI.

Umkvartanir Lýðs Guðmundssonar, stjórnarformanns Símans, meðal annars um að Dagsbrún hafi skert virka samkeppni á fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði með heimild Samkeppniseftirlitsins, koma Gunnari Smára Egilssyni, forstjóra Dagsbrúnar, spáskt fyrir sjónir.

„Það er einkennilegt að heyra þetta frá stjórnarformanni fyrirtækis sem er líklega það fyrirtæki á Íslandi sem hefur mesta yfirburði á sínum markaði. Síminn hefur 65-70 prósent hlutdeild á fjarskiptamarkaði og hefur notið velvilðar stjórnvalda og samkeppnisyfirlvalda.“

Gunnar Smári spyr hvort Síminn hafi ætlast til þess að þegar hann færi inn á fjölmiðlamarkað myndu aðrir einfaldlega víkja. „Um það snerust tillögur Símans upphaflega, að taka það mikið fyrir dreifingu að þeir hefðu tekið stóran hluta af framlegðinni sem fæst út sjónvarpsrekstri á Íslandi. Þeirra hugmyndir um mikilvægi dreifingarinnar voru þannig.“

Hann telur að það hafi kostað Símann um 1.500-2.000 milljónir að komast inn á sjónvarpsmarkað með kaupum á Skjá einum. Þegar reksturinn gangi ekki nógu vel sé kvartað yfir þeim sem fyrir eru, yfir því að geta ekki keppt um bandarískt sjónvarpsféni við Dagsbrún og beðið um aðstoð samkeppnisyfirlvalda. „Það er eins og allur heimur þar sem Síminn getur ekki skipt við sjálfan sig sé vöndur heimur.“

Gunnar Smári undrast mjög viðbrögð Símans vegna kaupa Dagsbrúnar á helmingshlut í Kögun og að Síminn muni endurskoða samninga sína við Kögun, einn sinn stærsta viðskiptavin. „Þeir ætluðu að ná fullri stjórn á Kögun á kostnað annarra hluthafa með því að fá þrjá stjórnarmenn, þar sem þeir ættu aðeins 38 prósent í öðru féluginu en 100 prósent í hinu. Svo lætur Síminn eins og hann sé hissa á því að aðrir hluthafar, sem höfðu lýst stöðu sinni sem óþolandi, hafi gripið fyrsta tækifæri til að selja sig út.“

- eþa

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Stjórnmalamenn geta ekki skorast undan að ræða lausnir í heilbrigðiskerfinu í víðu samhengi.

Ekki flýta jarðarförinni

Ef rétt er hjá Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra að þingmenn allra flokka séu tilbúnir að „jarða“ án frekari umræðu hugmyndina um að einstaklingum verði gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir læknisþjónustu án þess að það leiði til lakari þjónustu fyrir aðra, þá lýsir það illskiljanleg- um ótta þingheims við að ganga á hölm við stærsta úrlausnarmál stjórnmalanna með opnum huga.

Stigvaxandi útgjöld til heilbrigðismála eru brýnasta vanda- mál þróaðra þjóða um allan heim. Ár eftir ár hefur til dæmis komið fram í skoðanakönnunum að Bretar telja heilbrigðismálin mikilvægasta einstaka málaflokkinn og í nýlegri könnun dag- blaðsins Wall Street Journal og NBC-sjónvarpsstöðvarinnar kom í ljós að einungis stríðið í Írak veldur bandarískum almenningi og stjórnmalamönnum meiri áhyggjum en sífellt hækkandi kostnaður við heilbrigðiskerfið.

Hér á landi fara um það bil fjórutíu prósent af samneyslu þjóðarinnar til heilbrigðismála, og eins og í öðrum vestrænum löndum hækka þau útgjöld umfram þjóðarframleiðslu milli ára. Í þessum málaflokki er um slík grundvallaratriði að ræða að stjórnmalamenn geta ekki skorast undan þeirri ábyrgð að ræða lausnir í víðu samhengi.

Vissulega er hugmyndafræðin að baki jöfnum aðgangi allra að heilbrigðisþjónustu falleg, og það er enginn að tala um að henni eigi að breyta þegar kemur að slysa- og bráðapjónustu, þann rétt ber að verja með klóm og kjafti. En ef jafn aðgangur felst í því að allir búi við sömu löngu biðlistana og hafi það fyrir vikið jafn slæmt er það ekki staða sem er þess virði að viðhalda. Sérstaklega þegar haft er í huga að líklegast myndi það beinlínis stytta biðlista ef þeir sjúklingar sem eru borgunarmenn gætu sjálfir greitt fyrir aðgerðir sínar, í stað þess að þurfa að bíða vegna þess að fjárhagsáætlun viðkomandi stofnunar leyfir aðeins tiltekinn fjölda aðgerða, óháð því hver raunveruleg geta hennar er.

Það má því allt eins stilla málinu upp þannig að ein afleiðing sé að þeir sem geti borgað fyrir aðgerðir sínar fái ekki aðeins fyrr bóta meina sinna heldur líka hinir þar sem biðlistarnir stytta- ast. Allir gætu því mögulega notið góðs af þessu fyrirkomulagi.

Algjört lykilatriði er að greiddur forgangur á ekki að leiða til lakari þjónustu við aðra sjúklinga og getur því ekki annað en verið framför frá núverandi ástandi.

Einn háværaasti andmælandi þessarar hugmyndar er Ögmundur Jónasson, þingflokksformaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, en hann lét eftirfarandi orð falla í umræðum um málið á Alþingi í gær: „Það eitt að leyfa einstaklingum að kaupa sig fram fyrir röð er ávísun á mismunun - jafnvel þótt tekið sé fram að það eigi ekki að bitna á öðrum sjúklingum.“

Umræður um heilbrigðismál munu lítið þokast áfram ef þau eru í ætt við hvernig rætt er um trúarbrögð.

Það er hin pólitíska kúnt að koma hjálpinni til þeirra sem mest þurfa á henni að halda. Ef eitt af tækifærunum til þess felst í því að leyfa þeim sem hafa rúm fjárrád að taka meiri þátt í kostnaði við læknisþjónstuna er engin ástæða til að útiloka þann möguleika. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS		
Jörðum hugmyndina „Nú er bara eftir að jarða hugmyndina um tvöfalt heilbrigðiskerfi og segja amen á eftir efninu,“ sagði Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra fagnandi á Alþingi í fyrradag. Hún hafði komist að því í umræðum að enginn flokkur og enginn þingmaður léði máls á því að efnafólk gæti keypt sig fram fyrir biðraðir í heilbrigðiskerfinu. Samt var málshefjandinn vinstrigræni, Ögmundur Jónasson, ekki viss og þótti „ópægilega“ margir tala um markaðsvæðingu grundvallarþjónustunnar. „Aukum vægi einkareksturs í heilbrigðisþjónustu“ væri til að mynda yfirskrift greinar eftir Ágúst Ólaf Ágústsson, varaformann	Samfylkingarinnar, í lok september í fyrra. „Það getur vel verið að í þessu felist einhver sóknarfæri fyrir markaðs- öflin,“ sagði Ögmundur en lét vel yfir því að menn væru nú að þvo hendur sínar af Jónínuskýrslunni. Eiginlega var það gott hjá Jónínu Bjartmarz og félögum að slengja fram hugmynd um forgang efnafólks í heilbrigðiskerfinu. Öðruvísi hefði þessi ríka samstaða gegn slíkum forgangi ekki orðið nýja heilbrigðisráðherranum ljós.	á þá braut að skipuleggja heilbrigðis- þjónustuna á grundvelli viðskipta mun það óhjákvæmilega leiða til félagslegrar mismununar jafnvel þótt félagslega sé staðið að fjármögnun kerfisins.“ Svo er þetta dýrara og óhagkvæmara að mati Ögmundar. - Vera má að enn sé líf í hugmyndinni um tvöfalt heilbrigðiskerfi og ótímabært sé að jarða hana. Björgvin G. Sigurðsson, flokksbróðir Ágústs, sækir stuðning í Þorstein heit- inn Gylfason heimspeking. Þorsteinn taldi hvorki réttlátt né sanngjarnt að auðmaður mætti kaupa sig fram fyrir þann efnaminni. „Auðmaðurinn hefur í engu meiri verðleika til að bera en sá fátæki til að fara fram úr honum í forgangi auðsins til að öðlast heilsu og hamingju. Þar á auðurinn ekki að ráða heldur verðleikar einstaklinganna og verðleikar þess ríka eru í engu meiri en hins efnaminni.“ johannh@frettabladid.is
Hugmynd kviksett Samfylkingin þvær hendur sínar af einkavæðingaráráttu. í téðri grein Ágústs Ólafs segir meðal annars: „Ekki er verið að mæla fyrir einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu þar sem einstakl- ingar eða einkatryggingar greiði fyrir þjónustuna.“ Ögmundur blæs á svona útleggingar og segir: „Ef við förum út		

Ísland færirst austur

Margt hefur verið skrifað og sagt í kjölfar yfirlýsingar bandarískra yfirvalda um að herþoturnar fjór- ar verði sendar burt frá Íslandi næsta haust. Nokkur áhugaverð atriði standa vissulega upp úr varðandi varnar- og öryggismála- þáttinn, eins og það að þeir Hall- dór Ásgrímsson og Geir Haarde telja ástæðu til að fara í einhverj- ar víðræður um framhaldið - víð- ræður sem munu úr því sem komið er ekki geta snúist um margt annað en tæknilega útfærslu á brottför hersins og niðurskurði eða endurskoðun á varnarsam- ingnum frá 1951. Málflutningur stjórnarandstöðunnar hefur hins vegar verið frekar fyrirsjáanleg- ur en í sjálfu sér rökréttur og sér- staklega er eðlilegt og þarft að hún hamri á því enn einu sinni að skilgreina hefði þurft fyrir löngu varnarþörfina, einkum þörfina á loftvörnum.

Hins vegar má segja, að öðrum ólöstuðum, að ein áhugaverðasta greiningin á því sem gerðist hafi komið frá Íslandsvininum Michael T. Corgan, prófessor í Boston. Corgan hefur oft átt áhugaverð innlegg í íslenska þjóðfélagsm- ræðu, ekki síst varðandi utanríkis- mál, enda er hann þar á heimavelli í fagi sínu. Hann dró í viðtali við Kristín Hrafnsson á NFS fram þrjá ná tengda þætti, sem skipta máli þegar ákvörðunin um þoturn- ar er skoðuð. Í fyrsta lagi hve dónaleg aðferðafræðin sem beitt var er gagnvart íslenskum stjórn- völdum. Í öðru lagi að í valdatog- streitunni milli Pentagon og utan- ríkisráðuneytisins í bandarískri stjórnsýslu hefði Pentagon nú yfirhöndina, sem aftur þýddi að hugmyndafræði diplómatíunnar hefði vikið fyrir hugmyndafræði haukanna. Samhliða bæri ákvörð- unin þess æpandi vitni hversu erfið staða Bandaríkjamanna varðandi mannafla og tæki væri í Írak. Í þriðja lagi benti Corgan á þá mikilvægu afleiðingu sem væri rof í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna í varnarmálum og

Í DAG
EVROPA OG
ÖRYGGISMÁL

BIRGIR
GUÐMUNDSSON

Í þriðja lagi benti Corgan á þá mikilvægu afleiðingu sem væri rof í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna í varnarmál- um og að Ísland myndi snúa sér í vaxandi mæli að Evrópu- stoðinni í NATO og Evrópusam- bandinu.

að Ísland myndi snúa sér í vaxandi mæli að Evrópustoðinni í NATO og Evrópusambandinu.

Það er þetta þriðja atriði í greiningu Corgans sem er sérstak- lega athyglisvert og markar mikil- væg tímamót í íslenskri utanríkis- málafestnu ef það gengur eftir. Tilviljun réði því að utanríkisráð- herra hefur verið á ferð í Evrópu og í Frakklandi síðustu daga og mætir þar miklum áhuga á stöðu Íslands og varnarhagsmunum, sem er til marks um áhugann fyrir málinu í Evrópu. Lok kalda stríðs- ins kölluðu jú á grundvallarbreyt- ingu á varnarskilgreiningum í Evrópu, og böndin yfir Atlantshaf- ið og varnarsamstarfið sem á þeim byggðust hafa breyst verulega. Evrópusambandið leggur nú mikið kapp á að byggja upp og endur- skilgreina utanríkisstefnu sína, ekki síst öryggismálin, en hefur þó talsvert aðrar áherslur en Bandaríkjamenn. Forusta Bandaríkjanna á þessu sviði innan NATO er ekki lengur eins ótvíræð og hún var fyrir fimmtán eða tuttugu árum.

Það er þetta endurmat sem ekki

hefur farið fram með formlegum og skipulegum hætti hér á landi og skilgreiningar á varnarþörfum miðast enn við fjórar orrustuþot- ur. Rökin fyrir þessu mati byggja ekki síður á því að þoturnar kalla á þyrlusveit og heimikið annað stuðningslið, en að í þotunum kunni að vera vörn við hugsan- legri ógn. Hins vegar má fastlega reikna með að ef öryggisógnir okkar væru skilgreindar upp á nýtt kæmi í ljós að landamæra- varsla og hvers kyns öryggiskerfi séu jafnvel enn mikilvægari fyrir okkur en hefðbundnar loftvarnir. Að SIS-upplýsingakerfi Schengen- samstarfsins sé í raun mikilvæg- ara en F-14 þoturnar! Schengen- samstarfið beinist austur og innan þess erum við nánast eins og full- gildir meðlimir í ESB og tökum þátt í ákvarðanatöku innan yfir- þjóðlegra stofnana hinnar svoköll- uðu fyrstu stoðar Sambandsins. Ef og þegar öryggismálaumræðan og skilgreiningar almennt breytast, er ekki eðlilegt að menn horfi þá frekar til austurs en vesturs um samstarf? Það er því rétt hjá Corg- an að tíðindin við brothvarf þotn- anna felast í þeirri staðreynd að gengisfall varnarsamstarfsins vestur um haf hefur fært Ísland austur á bóginn á þessu sviði.

Þetta er svo aftur mikilvægt fyrir samhengi hinnar almennu stjórn málaumræðu á Íslandi. Hall- dór Ásgrímsson forsætisráðherra hefur í tvisgang með stuttu milli- bili lýst framtíðarsýn sinni þannig að Ísland gangi inn í ESB innan áratugs og Valgerður Sverrisdótt- ir viðskiptaráðherra hefur viljað ræða og skoða kosti og galla þess að taka upp evruna. Hugmyndin um Evrópusambandsaðild hefur verið í pólitískri klakabrynju und- anfarin ár, en upp á síðkastið hefur verið að brotna og bráðna úr þess- ari brynju. Hrun diplómatíunnar í Bandaríkjunum og brotthvarf orrustuþotnanna munu trúlega - þegar til lengri tíma er lítið - verða einn meginþátturinn í því að brjóta þessa ísbrynju endanlega. ■

BÍLL DAGSINS ISUZU TROOPER 3.0

Nýskr. 01.02 - Sjálfskiptur - Ekinn 124. þús. - Allt að 100% lán.



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugadaga kl. 12:00 -16:00.

ÞAU VORU Í FRÉTTUNUM


Eitthvað fyrir herinn

Mikið mæðir á Árna Sigfússyni, bæjarstjóra í Reykjanesbæ, um þessar mundir. Mörg störf hverfa með hernum og það stendur upp á bæjarstjórnann að redda málunum. Árni hefur lagt til að hinar og þessar ríkisstofn- anir verði fluttar á Reykjanesið og ekki væri ónýtt að fá eins og eitt álver í Helguvík í leiðinni.



Andri og Alcoa

Andri Snær Magnason rithöfundur virðist hafa komið við kaunin á álfyrirtækinu Alcoa með bók sinni Draumalandið - sjálfs- hjálparbók handa hræddri þjóð. Bókin hefur hins vegar slegið í gegn meðal lesenda, sem rífa hana úr hillum bókaverslana. Aðeins tveimur dögum eftir útgáfu var Drauma- landið komið í efsta sæti metsölulista Pennans.



Sótt að Siv
Siv Friðleifsdóttir
heilbrigðisráðherra



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafatlið 24, 105 Reykjavík AÐALSMÍÐI: 550 5000 SÍMBRÉF A FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimilum á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlögnum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböðum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

allt

matur o.fl.

Gulrætur eru ekki ræktaðar á Íslandi í apríl og maí. Þess vegna fer hver að verða síðastur að næla sér í íslenskar vorgulrætur en næsta uppskera kemur ekki í hús fyrr en í júní.




„við mælum með þessu“

GREIFINN
-fyrir alla

Greifinn veitingahús, Glerárgötu 20 600 Akureyri, Sími 460 1600



Betty Crocker

Fáðu fimm stjörnur hjá kökugagnrýnendum!

Midjardarhafs matseðill

	Verð f/einrétt	verð f/þrírétta
Kremuð Portobello súpa m/„Chantilly di menta“	990.-	
Beikonvafin nautalund m/marsala sósu, kartöflur „Puentenuevo“ og paprikumousse	3.700.-	4.690.-
Saltfiskur „Donostiarra“ á kartöflubeði og með paprikuprennu	2.690.-	4.190.-
Volg jóгурttert með mango og myntu ís	990.-	

Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27
Madonna síðan 1987 Borðapantanir í síma 562 1988 www.madonna.is



SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*

*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

SÓMI

Nánari upplýsingar á somi.is

Flott, sniðugt og öðruvísi

Súkkulaði sem flýtur í stríðum straumum í súkkulaðigosbrunnnum á mörgum hæðum er ein af þeim nýjungum sem boðið er upp á í veislupjónustubransanum.

„Þetta hefur spurst ótrúlega út og ég veit varla hvernig á að bregðast við þessu,“ segir Gunnlaugur Örn Valsson hjá Sælkeradreifingu, sem á og leigir út nokkra súkkulaðigosbrunnna sem hafa vakið lukku í ýmsum veislum undanfarið.

Gunnlaugur segist mikill súkkulaðikarl og fer mikið á sýningar erlendis enda flytur hann inn talsvert af súkkulaði. Hann hafði nokkrum sinnum rekist á súkkulaðigosbrunnna á þessum sýningum og ákvað svo að kaupa nokkra slíka. „Síðan hefur þetta farið sjálf út og við höfum ekkert þurft að auglýsa,“ segir Gunnlaugur, sem telur gosbrunninn henta í alls konar veislur til dæmis pinna- og smáréttaveislur. „Þetta er aðallega hugsað sem smá sætindi eftir matinn. Þá gefur þetta rosalega góða lykt sem fólk heillast af.“

Gosbrunnurinn er um sjötíu sentimetrar á hæð með nokkrum bylgjum. Þegar Sælkeradreifing leigir út pottana fylgja með tæp fjögur kíló af svissnesku hágæðasúkkulaði frá Felchlin auk kakósmjörs en hægt er að nota alls konar gerðir; dökkt, rjómasúkkulaði eða jafnvel hvítt. Leiga á slíkum brunni kostar þrettán þúsund krónur yfir helgi.

Til að fá rétta áferð á súkkulaðið í gosbrunninum er það brætt í vatnsbaði ásamt kakó-



Það er falleg sjón að sjá súkkulaðið flæða í stríðum straumum.



Gunnlaugur Örn Valsson við súkkulaðigosbrunninn sem hefur vakið mikla lukku undanfarið.

smjörinu en ekkert mál er að gera það í heimahúsi. Heita fljótandi súkkulaðimassanum er síðan hellt í brunninn og hann settur af stað. Hitinn á súkkulaðinu helst þá í 40 gráðum og flýtur yfir barma brunnsins og myndar skemmtilega stemningu.

Gunnlaugur býður fólki einnig upp á að kaupa fallega pinna sem til eru í mörgum mismunandi gerðum. Þeim er síðan hægt að stinga í jarðarber, litlar kransakökur eða hvaðeina sem fólki dettur í hug. Skemmtilegt er að

raða þessu upp á bakka þannig að auðvelt sé fyrir gesti að stinga pinnunum inn í súkkulaðibununa og síðan ilmandi hlýju súkkulaðinu beint í munninn.

Vinsældir brunnanna hafa verið með þeim hætti að Gunnlaugur sér fram á að þurfa að fjárfesta í fleirum. „Fólk hefur meira að segja keypt af okkur brunnana eftir að hafa prófað þá,“ segir Gunnlaugur, sem er hrifinn af þessari nýjung. „Þetta er bara hrikalega flott og mjög öðruvísi,“ segir hann glaður í bragði.

Fræðsla



Margt ætílegt er að finna í fjörum landsins.

Söl

Nýting þörunga til manneldis og fleiri nota er þekkt um allan heim. Þar má telja þang, þara, marínkjarna, purpurahimnu og söl. Af þessu eru sölin þekktust hérlendis sem fæða, enda voru þau um aldir mikilvægur þáttur í fæðu landsmanna. Söl eru enn nýtt og í vaxandi mæli til sölu á innanlandsmarkaði. Erlendis eru söl þekkt neysluvara og hafa þau verið flutt út frá Íslandi en aðeins í smáum stíl. Sölin eru auðug af kolvetnum, próteinrík, fitusauð, steinefnarík og innihalda nokkuð af vítamínum.

Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Sítrusmaríneraður skötuselur með vínberjum

Það er magnað hvað gott og einfalt hráefni getur gert mikinn galdur í matreiðslu. Það veit Hulda B. Ágústsdóttir skartgripahönnuður. Þessi frábæra og frískandi uppskrift er gjöf frá henni.

500 g skötuselur
2 sítrónur
1 límóna
2 rauðir laukar
3 stórir stíllkar sellerí
3 msk. sojasósa
1 bolli græn vínber

Skerið skötuselinn frá beininu og marinerið hann í safanum af sítrónunum og límónunni í um klukkustund. Saxið laukinn og selleríð smátt og steikið í 1 msk. af ólífuolíu þar til það mýkist upp.



Þegar skötuselurinn hefur marinerast, skerið hann í bita og setjið út á pönnuna. Steikið í 2-3 mínútur. Setjið þá sojasósuna og marinerunguna út í ásamt vínberjunum og steikið áfram á lágu hita í um 4 mínútur. Borðið með stökku og góðu salati og stökkvið svo út í vorið!

DROSTDY-HOF: Aðlaðandi og vinsæl vín

Afrískir dagar standa nú yfir í Vínbúðum og má finna fjölmörg vín á kynningarverði. Engin vín frá Suður-Afríku hafa náð viðlíka vinsældum og vínin frá Drostdy-Hof, sem hafa verið í hópi söluhæstu vína hérlandis undanfarin ár. Fyrstu vín Drostdy-Hof komu á markað fyrir þrjátíu árum og var lagt upp með það að leiðarljósi að bjóða vinnuendum upp á vönduð blönduð vín sem mætti treysta á að hældust stöðug frá ári til árs og þyrftu ekki langa geymslu fyrir neyslu. Allt hefur þetta gengið eftir og þykja Drostdy-Hof vín Suður-Afríku til sóma á alþjóðamarkaði, sérstaklega ef borin eru saman verð og gæði.

Drostdy-Hof Cabernet Sauvignon: Suður-afrísk cabernet sauvignon vín hafa löngum haft gott orð á sér fyrir að vera tannisk og sýrumikil og henta því ágætlega til geymslu. Við framleiðslu á Drostdy-Hof er hins vegar lögð áhersla á vín er blómstrar í æsku með aðlaðandi og þægilegum ávexti og mjúkum og mildum tanninum. Yndislegt vín þar sem aðaláherslan er lögð á að fá fram aðlaðandi vín með góðu jafnvægi. Kynningarverð á afrískum dögum 990 kr.

Drostdy-Hof Chardonnay: Til að ná fram sem mestum ávexti eru notaðar vinnþrúgur frá svalari svæðum. Vínin eru látin fá mikla snertingu við þrúguhýðin við gerjun og stór hluti vinsins er geymdur „sur lie“, (ósíað með botnfallinu) í þrjá mánuði. Í nefi má greina ferskjur og hnetur en í munni er vinið mjúkt og rjómakennt með sterkum frísklegum ávaxtatönnum. Kynningarverð á afrískum dögum 890 kr.



Orðabók sushi-áhugamannsins

Margir lenda í miklum vand-ræðum þegar panta á sushi af matseðli. Tengdur sushi er fjöldinn allur af japönskum orðum og orðasamböndum. Hér birtast útskýringar á helstu hugtökum sushi-mat-argerðarinnar þannig að fólk geti vitað hvað það er að fá sér næst þegar það pantar sér þetta lostæti.

- Nori – Þurrkaður þari sem er notaður til þess að halda sushi-inu saman.
- Wasabi – Græna sterka maukið sem oftast er blandað út í sojasós-una eða beint á sushi-ið. Gert úr rótum wasabi-plöntunnar, sem er tegund af piparrót og er nánast út dauð. Á flestum stöðum utan Jap-ans er wasabi-ið gert úr hreðku, lit-arefnum og wasabi-olíu bragðefni.
- Gari – Sætt niðurskorið engifer. Notað til þess að hreinsa bragð-laukana á milli bita.
- Sashimi – Ferskir sjávarréttir sem eru bornir fram hráir. Getur líka verið annað ferskmeti, til dæmis kjöt.
- Sushi-Su - Edikið sem er bland-að við hrísgrjónin til þess að gefa þeim bragð og láta þau festast saman.
- Miso – Gerjaðar sojabauur, leystar upp í soði. Oftast forréttur.
- Nigiri – Eitt algengasta formið



Hér sjást ýmsar tegundir sushi. Yst er nigiri og innar koma hefðbundnar maki-rúllur. Þar má einnig sjá kappamaki (rúllur með agúrku). Í miðjunni má svo sjá gari og í hornunum er grænt wasabi.

á sushi. Koddi af hrísgrjónum með ákveðnu hráefni ofan á, langoftast hrár sjávarréttur en getur verið hvað sem er. Oft er einnig mjór nori-borði utan um bæði grjónin og hráefnið til þess að halda því saman.

- Gunkan-maki – oft einnig nefnt battleship roll eða orrustuskip. Mjög álíkt Nigiri nema nori í kring.
- Maki – Hin hefðbundna sushi-rúlla, maki þýðir einfaldlega rúlla. Hrisgrjónum og hráefni er rúllað upp í nori. Rúllan er síðan skorin niður í bita.
- Futomaki – Stærri gerðin af maki. Oftast með tveimur eða þremur fyllingum auk hrísgrjóna. Hráefnin eru oftast valin saman eftir lita- og/eða bragðsamsetningu.
- Uramaki – Öfugsnúið maki, nori-ið er utan um miðjuhráefnið en ekki grjónin. Oft er ysta lagið sesamfræ sem festast við hris-grjónin.
- Kappamaki – Lítil rúlla með agúrku. Nefnt eftir goðsagnaver-unni Kappa.
- Omakase – Val kokksins.



Sushi hefur verið gríðarlega vinsælt að undanförmu og þykir algjört lostæti.

Uppskrift }

Gazpacho-súpa Soffíu og Hauks

- 4 brauðsneiðar án skorpu
- 4 msk. vínedik
- 4 msk. ólífuolía
- 4 stórir tómatar
- 1 græn paprika
- 1/2 gúrka
- 2 hvítlauksrif (ekki of stór)
- 1 lítill laukur
- salt
- vatn

Allt hráefnið fer í matarkvörn og blandað saman þar til það er orðið að safu. Súpan er síðan kæld vel áður en hún er borinn fram. Farið varlega í notkun á hvítlauknum, sem er ráðandi í bragðinu, og eins ræðst þykkt súpunnar af vatnsmagninu sem er notað og þar geta auka tómatar sýlað með.

ÚTSALAN

ENN Í FULLUM GANGI

25-60% AFSLÁTTUR

Skeifunni 11d - 108 Reykjavík
Reykjavíkurvegur 64
220 Hafnarfirði
www.aman.is

Þúsundeyjasósa...

... þegar vindur hvín!

Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktaðum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Hvítlaukssósa...

... þegar sólin skín!

Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

allt

bílar

Alla laugardaga

allt

tilboð

o.fl.

Fjarðarkaup býður Pepsi og Pepsi max 500 ml með 60 pró-senta afslætti til 26. mars. Dósin lækkar úr 95 krónum í 35 krónur.

60%

Svefn & heilsa



www.svefn.is



Allir á skauta
skautaholl.is

GÍTARINN

Ópö: Mán-Fös: 10-18
Lau: 11-18



Da Capo
Þjóðlagagítar
Poki, Stillitæki, Gítarneglur

Verð Kr.
15.900,-
Verð áður: 20.590,-

Meiraprófsbílstjóri óskast til framtíðar-starfa. Verktakafyrirtæki á höfuðborgar-svæðinu vill ráða reglusaman og dug-legan bílstjóra á vörubíl, vinnuvélapróf kostur en ekki skilyrði. Uppl. í síma 892 0989.

Bakariíð Hagamel 67

Óskar að ráða röska og ábyrga mann-eskju til afgreiðslustarfa. Um er að ræða 70% starf sem er unnið á vöktum. Nán-ari uppl. veitir Gunnar í s. 897 8101 & Anna Rósa í s. 869 3320.

Jámsmiður / Verkamaður

Óskum eftir að ráða jámsmið eða mann vanan járn-smiði til starfa sem fyrst. Gott væri ef viðkomandi er með vinnuvélaréttindi.

Uppl í síma 8925616

Starfsfólk óskast í ræstingar vandvirkni og heiðarleiki.

Uppl í s. 866 8154

Okkur vantar góðann mann vanann flatningsvélum sem getur byrjað strax.

Uppl. s. 892 5522.

Bakarí

Sveinsbakarí óskar eftir starfskrafti til af-greiðslustarfa hálfan daginn og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára. Upp-lýsingar í síma 820 7370.

Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar aug-lýsir eftir lagermanni, starfið innifelur í sér viðhald og pöntun á lager, jafnframt að halda utan um handverkfæri í eigu fyrirtækisins ásamt sendiferðum. Við hvetjum endilega fólk á besta aldri að sækja um, framtíðarstarf í boði fyrir rétt-an aðila, nánari upplýsingar veittar á skrifstofutíma í síma 565 1240. Hluta-starf gæti einnig komið til greina

Óskum eftir að ráða smiði og vana byggingaverkamenn

Uppl í s 861 3435 og 898 8734

Kebabhúsið óskar eftir starfsfólki í fulla og aukavinnu. Ekki yngri en 18 ára. Áhugasamir hringi í síma 588 2020 & 693 4460.

Hellulagnir

Garðabráæður óska eftir duglegum starfsmönnum í hellulagnir o.fl. Góð laun í boði. Uppl. í s. 898 3094.

Vertu Veraldarvinur. Farðu utan í sumar og gerðu gagn. Verkefni í 120 löndum: hjálparstarf á Indlandi, kastalabygging í Frakklandi, skjaldbökur í Mexico og fl. Veraldarvinir s. 551 8222 www.wf.is

Sunna, Þórgötu 26, óskar eftir her-bergisþernum í helgarvinnu og til sum-arstarfa, lágmarksaldur 20 ára, vakta-vinna. Upplýsingar og umsóknareyðu-blíð á staðnum.

Vantar vanan vörubílstjóra á 4 öxla bíl strax. Áhugasamir hafið samband í síma 662 3458.

Starfsfólk óskast í útteild. Uppl. hjá ræstingarstjóra í s. 892 5915 og á www.hreintogfint.is

Sólbaðstofa

Óskum eftir starfsfólki í hlutastarf. Upp-lýsingar á staðnum. Sólbaðstofan Sæl-an, Bæjarlind 1. S. 544 2424.

Atvinna óskast

Ég er 35 ára kk og vantar vinnu við akst-ur, er með meirapróf. Uppl. í s. 821 6625.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Hlutastarf - Málninga-verlsun

Óskum eftir eldri manni til af-greiðslustarfa frá kl. 15-18. Vin-samlegast sendið umsóknir á im@islandsmalning.is

Íslandsmálning, Sætúni 4, s. 517 1500.

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík.

Ýmislegt

Miðasala hafin á Montyroberts. Hestar og menn.

Einkamál

TANTRA

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORDNA OPID MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD, 12:00 - 18:00 FÁKAFENI 11 HLÍÐASMÁRA 13 SÍMI 588 6969 / 587 6969 WWW.TANTRA.IS

Leikir

Í dag fá 30 miðaeigendur milljón hver. Drögum klukkan 16. Fáðu þér miða í síma 800 6611 eða á hhi.is Happprætti Háskólans.

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vínabær.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vínabær, Skip-holti 33.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stór-markaður í stofunni heima.

ÞÖNTUNARSÍMI 550 5000 EDA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

MÁLARI

VIÐHALD

PÍPULAGNIR

LOFTNET

allt

... sem þig vantar í nýja húsnæðið

PRÍF

VIÐGERDIR

Flóra/ÍSA

visir

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

FERÐIR

Útivist og upplifun í Slóveníu

Erum að bóka í ferð 8. –17. maí. Sjá nánar á www.isafoldtravel.is

Ferðaskrifstofan Ísafold. Sími 544 8866 Litlir hópar - lifandi ferðir

ISAFOLD



Hluthafafundur í Kögun hf.

Stjórn Kögunar hf. boðar til hluthafafundar föstudaginn 7. apríl 2006 kl 10:00. Fundurinn verður haldinn á Hótel Nordica, fundarsal I.

Dagskrá:

- Kosning nýrrar stjórnar og varamanna í stjórn
- Önnur mál

Reykjavík 23. mars 2006

Stjórn Kögunar hf.



Aðalfundarboð Gílfélagsins Akureyri

Stjórn Gílfélagsins boðar til aðalfundar þann 7. apríl 2006, kl 20.00. Fundurinn verður haldinn í Deigluinni, Kaupvangsstræti. Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf.

Dagskrá fundar:

- skýrsla stjórnar
- endurskoðaðir reikningar lagðir fram
- ákvörðun árgjalds
- kosning formanns og stjórnar
- önnur mál

Stjórn Gílfélagsins

Nýjung!

Hef opnað einkarekna hjúkrunarráðgjöf fyrir sykursjúka sem eru á insúlíni (pennum eða insúlíndælum).


Móttaka opin frá 8-17:00 mánud.- fimmtud.

Tímarpantanir í síma 663-4328 og á netfangi lg@hive.is



Linda Hrönn Eggertsdóttir
hjúkrunarfræðingur.
Certificated Insulinpump trainer.

Betri blóðsykurstjórn – bætt líðan



Kópavogsbær. Hafnarbraut 29. Úthlutun á byggingarrétti.

Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar við Hafnarbraut 29 á athafnasvæði Kópavogshafnar. Á lóðinni sem er rúmír 6.000 m² að flatarmáli, má reisa atvinnuhúsnæði á 1-2 hæðum að samarlögðum gólfleti um 3.300 m². Hámarkshæð útveggja er 5 metrar. Í skipulaginu er sá möguleiki fyrir hendi að skipta lóðinni í tvær einingar a og b. Bæjaryfirvöld áskilja sér þann rétt að úthluta byggingarréttinum til eins aðila eða að skipta byggingarréttinum milli tveggja aðila þ.e. að nýta sér þann möguleika að skipta lóðinni í tvær einingar samanber ofangreint.

Skipulagsupprættir ásamt umsóknareyðublöðum fást afhent á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2 hæð frá kl. 8-16 mánudaga til fimmtudaga og 8-14 á föstudögum. Umsóknnum skal skilað á sama stað fyrir kl. 15:00 miðvikudaginn 5. apríl 2006.

Vakin er sérstök athygli á því að umsóknnum einstaklinga um byggingarrétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi. Ef um fyrirtæki er að ræða þá ber þeim að skila ársreikningi sínum fyrir árið 2005 árituðum af löggiltum endurskoðendum.

Byggingarréttinum verður úthlutað með fyrirvara um samþykkt deiliskipulag.

Bæjarstjórinn í Kópavogi.



AÐALFUNDUR


Verkstjórafélags Reykjavíkur 2006

verður haldinn í dag föstudaginn 24. mars 2006, í Hvammi á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38 og hefst fundurinn kl. 18:30.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundastörf skv. lögum félagsins

Stjórn Verkstjórafélags Reykjavíkur.



KÓPAVOGSBÆR

AUGLÝSING UM SKIPULAG Í KÓPAVOGI

Dalsmári 7. Kópavogsvöllur. Deiliskipulag.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Kópavogsvallar, Dalsmára 7. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 12-1500 manna áhorfendastúku vesta Kópavogsvallar. Hámarkshæð (miðað við kjallarahæð) er áætluð 15 metrar, breidd allt að 20 metrar og lengd allt að 90 metrar. Í í kjallara er gert ráð fyrir búningasklefum og á 2. hæð veitingasal. Tillagan er sett fram á uppdrætti 1:1000 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 16. febrúar 2006. Nánar vísast til kynningargagna.

Kópavogsbraut 79. Deiliskipulag.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að deiliskipulagi Kópavogsbrautar 79. Í tillögunni felst heimild til að rífa íbúðarhús með risi og kjallara og tveimur íbúðum byggt 1961 og í þess stað reisa fjögurra íbúða hús á tveimur hæðum auk kjallara og tveimur bílskúrum. Samanlagður gólfhlötu hússins er áætlaður liðlega 700 m², nýtingarhlutfall lóðar er áætlað um 0,8 og hámarkshæð hússins er fyrirhuguð 6,2 metrar miðað við aðkomuhæð. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:200 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 17. febrúar 2006.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 28. mars til 2. maí 2006. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 þriðjudaginn 16. maí 2006. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

ATVINNA



Óskum eftir sveini/meistara í bílamálun til starfa sem fyrst hjá okkur á Réttingaverkstæði Jóa.

Upplýsingar í síma 564-5255 á vinnutíma.

Málarar óskast....



HS MÁLVERK óskar eftir nokkrum vönum mönnum í málningarvinnu. Góð framtíðarstörf í boði hjá traustu fyrirtæki. Upplýsingar í síma 660 0220, 660 0221 & 660 0222.

SÖLUFÓLK

Góð laun í boði og tryggar tekjur. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá kl. 17-22 virka daga og frá kl. 13 um helgar.

Nánari upplýsingar veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá á lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is.

Glæst framtíð

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið.



365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

KAUPVENJUR

Kaupi sjaldan föt

Gunnar Helgason, leikari og leikstjóri, hugsar málið vel áður en hann hættir sér í fataleiðangur.

Hver er upphaldsbúðin þín?

Það er Nesti við Lækjargötu og allar veiðiverslanir.

Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?

Það er alltaf gaman að kaupa veiðivörur.

Verslar þú í útlöndum?

Já, ég hef gert svolítið af því, sérstaklega þegar krónan er svona. Það hefur þá mest verið barnaföt.

Eru einhverjar venjur við innkaup?

Nei, ég get ekki sagt að ég fylgi neinum sérstökum venjum.

Tekurðu skyndiákvarðanir í fatakaupum?

Nei, það geri ég ekki. Ég kaupi svo sjaldan föt og þegar ég geri það tek ég mér langan tíma í að hugsa. Þá ákveð ég hvað mig vantar og fer svo og kaupi það.



Gunnar hefur keypt svolítið af barnafötum í útlandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

h ö n n u n a r k i t e k t ú r m y n d l i s t

80% útskrifaðra
nemenda halda
áfram í list- eða
hönnunarnám á
háskólastigi

MYNDLISTAR- OG HÖNNUNARSVIÐ

1 árs
undirbúningur
fyrir nám á
háskólastigi!

UMSÓKNARFRESTUR

Fyrri inntökupróf 8.apríl - Skilafrestur umsókna 27.mars
Seinna inntökupróf 27.mai - Skilafrestur umsókna 17.mai

www.myndlistaskolinn.is

MYNDLISTASKÓLINN
Í REYKJAVÍK



TOPP FIMM PJ HARVEY

1. Rid of Me (1993). Tekin upp á um tveimur vikum í stúdíói í Minnesota af Steve Albini, sem hefur meðal annars unnið með Pixies, Nirvana, Slint, Breeders og Ensími. Myndin á framhlið plötualbúmsins hefur meðal annars að geyma tilvísun í Medúsu, kynjaveru úr grískum goðsögnum. Þegar platan var gerð var PJ Harvey tríó. Platan fékk 10 af 10 hjá tónlistartímaritinu Spin.

2. To Bring You My Love (1995). Upptökum á plötunni stjórnaði Flood, sem hefur einnig unnið með U2 og Smashing Pumpkins. Stærsti smellur PJ Harvey frá upphafi er án efa Down by the Water, sem er á þessari plötu. Platan sjálf náði meðal annars upp í 12. sæti breska plötusöluhlustans. Var valin plata ársins af til dæmis Rolling Stone, New York Times, USA Today og People.

3. Stories from the City, Stories from the Sea (2000). Án efa bjartasta plata PJ Harvey. Fékk í kjölfar útgáfu plötunnar hin eftirsóttu Mercury-verðlaun, sem voru afhent 11. september árið 2001 en þá var Harvey einmitt stödd í Washington. Thom Yorke kemur fram á þremur lögum á plötunni, meðal annars syngur hann dúett með Harvey í laginu This Mess We're in.

4. Is This Desire? (1998). Að eigin sögn hennar upphaldsplata en Harvey lokaði sig frá umhverfinu við upptöku á plötunni sem fór fram í heimabæ hennar, Yeovil. Fékk Grammy-tilnefningu fyrir plötuna.

5. Uh Huh Her (2004). Tók sjálf upp alla plötuna og spilaði einnig á öll hljóðfærin sjálf, fyrir utan trommur. Sú plata sem hefur náð hæst á plötusöluhlustanum í Bandaríkjunum. Platan var samin og tekin upp á tveggja ára tímabili í Los Angeles og Dorset.

STÓRSÝNING

VÖRUBÍLAR & VINNUVÉLAR

Að Krókhálsi 16, laugardaginn 25. mars nk. kl.10.00-16.00

Sýnum einnig úrval notaðra tækja ásamt nýjum lyfturum og margar stærðir af kerrum!

VÉLAVER Krókhálsi 16 ♦ 110 Reykjavík ♦ Sími 5882600 ♦ Fax 5882601 ♦ www.velaver.is

Hjúkrunarrými í stað skattalækkunar



UMRÆÐAN
HEILBRIGÐISMÁL
KRISTINN H. GUNNARSSON
ALPINGISMAÐUR

Valið fyrir þá sem greiða skatta er hvort þeir vilja frekar bæta hag aldraðra eða sinn eigin.

Eitt af brýnustu úrlausnarefnum í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir er að skapa öldruðum mannsæmandi aðbúnað og lífskjör. Að sönnu er margt sem vel hefur

áunnist undanfarin ár, en sumt er engu að síður ekki ásættanlegt. Þar ber hæst mikinn skort á hjúkrunarrýmum. Það mál verður hér til umfjöllunar.

Samkvæmt bestu fánlegum upplýsingum eru um 350 einstaklingar í brýnni þörf fyrir hjúkrunarrými. Að auki eru um það bil 950 einstaklingar sem deila herbergi á hjúkrunarheimili með öðrum en maka sínum. Þörfin er því um 1300 rúm sem vantar strax. Það er verkefni stjórnvalda að leysa vandann.

Að auki mun öldruðum fjölga á næstu árum. Ef horft er til næstu 10 ára mun þeim, sem eru eldri en áttæðir, fjölga úr 7.300 í 9.700 samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar. Miðað við að fjórðungur

þeirra þurfi hjúkrunarrúm kallar fjölgunin á 600 ný rúm að 10 árum liðnum. Að jafnaði má segja að 60 ný rúm þurfi á hverju ári næsta áratuginn.

Kostnaðurinn er mikill, það fer ekki milli mála. Miðað við daggjöld skv. RAI 1.0 eru þau um 14 þúsund krónur á hverjum sólarhring. Bráðavandinn upp á 350 rúm kostar því um 1,8 milljarða króna á ári. Einsetning í herbergi kostar mun minna vegna þess að þegar er greitt daggjald vegna einstaklinganna, en áætla má að rekstrarkostnaður aukist um 25% pr. einstakling við það að hver verður einn í herbergi. Það kostar um 1,2 milljarða króna fyrir 950 einstaklingana sem deila herbergi í dag með öðrum en maka

sínum. Samtals er kostnaður við það sem kalla má bráðavandann um 3 milljarðar króna á ári.

Kostnaðinn vegna fjölgunarinnar næsta áratug má áætla upp á 3 milljarða króna á ári í lok tímabilsins þegar 600 ný rúm verða komin í notkun. Ég hef ekki gert ráð fyrir kostnaðaraukningu vegna launa-hækkunar hjá starfsfólki eða aukinnar þjónustu. Það getur vel verið að það verði talið nauðsynlegt, en ég lít svo á að það falli frekar undir almenna stefnu stjórnvalda en úrlausn þess vanda sem við blasir í hjúkrun aldraðra.

Þá er komið að því að finna peninga til þess að veita þjónustuna. Ég vil taka undir þær hugmyndir sem áður hafa komið fram, að

hætta við lækkun tekjuskattsprósentunnar um 2% um næstu áramót og hafa lækkunina aðeins 1%. Það gefur ríkissjóði 5-6 milljarða króna í tekjur á hverju ári. Horft til næstu 10 ára munu þær tekju duga til þess að greiða allan kostnað við rekstur nýju hjúkrunarrúmma og stofnkostnaðinn einnig.

Þetta er skýr og einföld tillaga og hún leysir vandann. Spurningin er aðeins: er pólitískur vilji til þess að hrinda henni í framkvæmd? Valið fyrir þá sem greiða skatta er hvort þeir vilja frekar bæta hag aldraðra eða sinn eigin. Ég er ekki í vafa um að yfirgnæfandi meirihluti skattgreiðendanna vill borga skattinn og veita öldruðum betra ævikeöld.

Pyrlustöð á Akureyri



UMRÆÐAN
BROTTFÖR HERSINS
LÚÐVÍK GIZURARSON
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

Nú er tækifæri til að setja upp sameiginlega pyrlustöð sem Ísland, Noregur og Danmörk rækju saman fyrir hafsvæðið milli Grænlands og Noregs, en með aðalhöfuðstöð á Akureyri. Þetta gæti verið góð byrjun á samstarfi þessara þjóða þegar bandaríski herinn er farinn frá Íslandi og líklega alfarinn. Við fáum okkar land aftur frá Könum og ráð þess. Ísland verður sjálfstætt.

Líka má hafa samstarf á Keflavíkurlugvelli með þessum sömu Norðurlandþjóðum. Með sama hætti má taka Svíþjóð með. Þetta er skrifað til að benda á margt hagræði sem er af för hersins. Ný tækifæri koma handa okkur. Vinir okkar á Norðurlöndum geta hjálpað að koma skikk á þetta. Allt mun verða betra með brottför hersins. Þeir fóru og kvöddu ekki einu sinni. Þeir sögðu ekki takk.



Ekki bara sæt
Að því hefur verið látið liggja að eitt helsta hlutverk fegurðarsamkeppna sé að búa til fyrirmyndir fyrir ungt fólk[...]. En hvað felst í því að vera góð fyrirmynd? Ég held að það sé frekar góðra fyrirmynnda að kenna fólki að sýna frumkvæði, vera ákveðinn og fylginn sér en að brosa og vera sætur. Það er ekki síður mikilvægt fyrir ungar konur þar sem það er auðvitað staðreynd að enn hallar víða á konur í samfélaginu, við fáum til dæmis að meðaltali lægri laun og erum síður ráðnar til þess að gegna stjórnunarstöðum en karlar.

Helga Tryggvadóttir á murinn.is

Guðbergur og Laxness
Þjóðmál fjalla bæði um stjórnmál og menningu, þó stjórnmálin séu fyrirferðarmeiri. Sú grein blaðsins sem mesta athygli mun sennilega vekja mun þó teljast menningarmegin, en hinn þjóðkunni rithöfundur, Guðbergur Bergsson, skrifar tæpitungulausa grein um Halldór Kiljan Laxness. Mun mörgum vafalaust koma dómar Guðbergs um Laxness á óvart en hingað til hafa gagnrýnendur Laxness orðið að láta sér þau svör ein nægja að þeir séu hartnær ólæsir hægrimenn með lítið sem ekkert vit á bókmenntum.

Vefþjóðviljinn á andriki.is

Þið reynduð með Auðun
Það er athyglisvert að sjá svo augljóslega hvað pólitískar skoðanir fréttamanna líta frásagnir þeirra mikið. Svo mikið að sama mál snýr upp á einum miðli, niður á þeim næsta og út á hlið á þeim þriðja. Í mínum huga er vald fjölmiðlanna ógnvænlegt og hafa Framsóknarmenn góð þess til langs tíma, að hafa ekki potað sínu fólki að í réttar stöður á fjölmiðlunum.

Helga Sigrún Harðardóttir á timinn.is

VELKOMIN AFTUR!!!

AXA er komið aftur í verslanir á Íslandi

Ertu líka orðinn þreyttur á því að vera of þung/ur og úr formi?
Prófaðu AXA músli. Gott gæðamúslí þegar þú vilt dekra við sjálfan þig og borða eitthvað gott og um leið jafnvel missa nokkur kíló.
Farðu inn á <http://www.axasportsclub.dk> - Hér færðu hugmyndir af heilsusamlegum lífsstíl og hvernig þú setur saman máltíðir. Dekraðu við þig með AXA hunangsristuðu músli og borðaðu um leið heilsusamlega. Ekki gleyma því að samanlagður dagskammtur sé með hæfilegt fitumagn og innihaldi ekki of mikinn sykur. Blandir þú saman skammti af AXA hunangsristuðu músli með t.d. ávöxtum og fitulitilli mjólkurafurð er útkoman heilsusamleg máltíð.

p.s. Vissir þú að Peter Jackson leikstjóri Lord of the Rings og King Kong losnaði við 30 kíló þökk sé músli og jógúrti?
„.....ég skipti hamborgurunum út og tók jógúrt og músli inn í staðinn. Það virðist hafa virkað.“

TOPPSKÓRINN OUTLET
HEFUR OPNAÐ Á NÝJUM STAÐ Í
GRAFARHOLTINU
(VIÐ HLÍÐINA Á HÚSASMÍÐJUNNI)



30-90%

AFSLÁTTUR AF VÖLDUMSKÓM!

FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ
DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR



PETER KAISER

ECCO®



LLOYD

ZINDA

Toppskórinn
outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109



OPÍÐ: MÁN.-FÖS. 11 - 18, LAU. 10 - 16

JULES VERNE (1828-1905) LÉST
PENNAN DAG

„Allt sem einn maður
getur ímyndað sér geta
aðrir gert raunverulegt.“

Franski rithöfundurinn Verne tók
lesendur sína umhverfis jörðina á
áttatíu dögum.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST > 24. MARS 1973

Kjarvalsstaðir opnaðir á Miklatúni

Á þessum degi árið 1973 voru Kjarvalsstaðir teknir í notkun. Safnið var reist í minningu eins mesta listamanns sem Íslands hefur alið, Jóhannesar S. Kjarvals. Því var valinn staður á Miklatúni í hjarta Reykjavíkur en smíði safnsins hófst árið 1966 við það að Jóhannes S. Kjarval tók sjálfur fyrstu skóflustunguna. Kjarval var því miður ekki enn á lífi þegar byggingu safnsins lauk en hann lést 13. apríl 1972.

Kjarvalsstaðir eru teiknaðir af Hannesi Davíðssyni arkitekt og skiptast í tvær meginálmur með tengibyggingu á milli. Í safninu er nú varðveitt listaverkakeign Reykjavíkurborgar sem telur meðal annars stórt safn verka listamannsins ástsæla sem safnið er nefnt



eftir. Áhersla safnsins er á samtímalist með sýningum á verkum eftir íslenska sem útlenska listamenn. Þó eru málverk Kjarvals ávallt til sýnis í austursal safnsins.

MERKISATBURÐIR

- 1603** James fjórði, konungur Skotlands, tekur við enska hásaetinu eftir fráfall Elisabetar fyrstu.
- 1945** Billboard-listinn yfir mest seldu plötur vikunnar birtist í fyrsta skipti og var það King Cole Trio með bandaríska söngvaramum Nat King Cole sem vermdi efsta sætið.
- 1959** Reglugerð er sett um öryggi í bifreiðum og er þar meðal annars kveðið á um notkun stefnuljósa.
- 1974** Varðskipið Týr kemur til landsins frá Árósum þar sem það var smíðað.
- 1989** Olíuflutningaskipið Exxon Valdez strandar við strendur Alaska og 41 milljón lítra af olíu hellist út í sjóinn.
- 1999** Atlantshafsbandalagið hefur loftárásir á Kósóvó.

AFMÆLI



Þórólfur Árnason fyrrverandi borgarstjóri er 49 ára.



Skúli Björn Gunnarsson staðarhaldari á Skriðuklaustri er 36 ára.



Halla Margrét Jóhannesdóttir leikkona er 41 árs.



Þórhallur Þórhallsson uppistandari og útvarpsmaður er 23 ára.

JARÐARFARIR

13.00 Kristinn Richardsson, Sunnuvegi 15, verður jarðsúnginn frá Áskirkju.

13.00 Bára Eyfjörð, áður til heimilis í Hraunbæ 96, verður jarðsúngin frá Fossvogskirkju.

13.30 Jón Halldór Harðarson verður jarðsúnginn frá Akureyrarkirkju.

15.00 Hólmfríður Jónsdóttir frá Mjóabólí, síðast til heimilis í Hvassaleiti 58, verður jarðsúngin frá Grensáskirkju.

15.00 Snæbjörg Ólafsdóttir, Hraunbæ 30, Reykjavík, verður jarðsúngin frá Árbæjarkirkju.

15.00 Guðný Ingveldur Benediktsdóttir verður jarðsúngin frá Fossvogskirkju.



HERDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR Er félagi í Matvæla- og næringarfræðifélagi Íslands sem heldur upp á afmælið sitt í dag. Afmældisdagskráin hentar vel árrisulur matvæla- og næringarfræðingum og hefst klukkan hálf átta í Öskju.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐIFÉLAG ÍSLANDS: 25 ÁRA

Harðfiskur í stað prótíndufts

Í dag heldur Matvæla- og næringarfræðifélag Íslands upp á að tuttugu og fimm ár eru liðin frá stofnun félagsins. Kennsla hófst í matvælafræði árið 1977 og var félagið stofnað við útskrift fyrstu nemanna. Herdís Guðjónsdóttir er félagi í MNÍ og hún segir að matarvenjur Íslendinga hafi breyst ótrúlega mikið á þessum tuttugu og fimm árum.

„Úrvalið á tilbúnum og hálf tilbúnum mat var ekki orðið jafn mikið og í dag. Fólk er farið að elda miklu minna úr ferskum hráefnum og borðar líka meira fyrir utan heimilið en gert var hér áður fyrr. Fyrir tuttugu og fimm árum fór fólk ekki út að borða nema á tyllidögum og þá voru ekki jafn margar veitingastaðir.“ Matarvenjurnar eru líka allt aðrar enda er samfélagsmunstrið frábrugðið því sem var fyrir tuttugu og fimm árum. „Auðvitað gefur fólk sér minni tíma því það er að vinna langa vinnudaga og með skóla og vill þess vegna fá næringu á sem skemmstum tíma. Af þessu leiðir að kunnátta týnist og fáir kunna leng-

ur að búa til mat alveg frá grunni.“

Ekki kemur því á óvart að könnun sem núverandi Lýðheilsustöð lét gera fyrir nokkru sýnir að ótrúlegur munur er á mataræði ungs fólks og þeirra sem eldri eru. Sérstaklega borðar eldra fólk í sveitum landsins mat sem er ólíkur því sem unga fólkíð lætur inn fyrir varir sínar. Herdís segir að nokkurn tvískinningshátt sé að finna í neyslumynstri ungs fólks. „Það er verið að hvetja fólk mjög mikið til að borða grænmeti og ávexti, borða reglulega, hreyfa sig og hugsa um heilsuna. Unglingspiltar drekka samt einn til einn og hálfan lítra af gosi á dag svo þetta eru dálitlar öfgar,“ segir Herdís. Hún nefnir líka að koma fæðubótaefna og prótíndufts hafi haft áhrif á matarvenjur ungs fólks. „Fólk er farið að trúa miklu meira á að það geti fengið heilsu og hreysti með töflum og dufti í staðinn fyrir að borða harðfisk eða velja vel samsett mataræði.“

Með fjölbreyttara samfélagi kemur líka fjölbreyttara nám og Herdís segir að frá því að kennsla hófst í matvæla-

fræði árið 1977 hafi margt breyst. Nú sé mögulegt að fara fjölda leiða í matvælafræði, næringarfræði og líftækni-fræði svo eitthvað sé nefnt. Valið hefur þó komið niður á greininni því hún er ekki jafn vinsæl og áður. „Nú er orðið svo fjölbreytt val í Háskólanum að það eru ekki svo margir sem fara í fullt nám matvælafræði. Við erum að vinna í því núna að reyna að sýna hvað námið hefur fram að færa og gefur marga og fjölbreytta starfsmöguleika.“

Því má búast við að matvæla- og næringarfræðingar í ýmsum greinum og stöðum samfélagsins komi saman í Öskju og taki þátt í afmældisdagskránni, sem hefst á morgunverði klukkan hálf átta. „Við ákváðum að hafa þetta á þeim tíma sem allir geta komist. Á dagskrá eru stuttir fyrirlestrar sem hefjast klukkan átta þar sem verður imprað á nokkrum efnum,“ segir Herdís og bætir við að matvæla- og næringarfræðingar séu sannarlega árrisulir enda borði þeir svo hollan mat. ■

ANDLÁT

Ingi Elias Valdmarsson húsasmíðameistari, Álfaheiði 8a, Kópavogi, lést á Landakotsspítala mánudaginn 20. mars.

Ingólfur Guðmundsson fyrrum bóndi frá Króki, Ásahreppi, lést á dvalarheimilinu Lundi, Hellu, aðfaranótt þriðjudagsins 21. mars.

Páll S. Kristinsson trésmíður, búsettur í Flórída, varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 24. febrúar.

Sverrir Sigurðsson, Hlíðargötu 41, Fáskrúðsfirði, lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 19. mars.



80 ára afmæli

27. mars nk. verður

Lilja Hallgrímsdóttir

Vallatröð 4, Kópavogi, 80 ára. Af því tilefni verða börn hennar með heitt á könnunni laugard. 25. mars að Hafnarstræti 17 (Champagne Club) milli kl. 15 og 17.



Elskulegur föðurbróðir okkar og vinur,
Erlendur Guðlaugsson
Meiðastöðum, Garði,

verður jarðsúnginn frá Útskálakirkju laugardaginn 25. mars kl. 14.00.

Björg Sæland Eiríksdóttir
Sigríður Sæland Eiríksdóttir
Guðrún Hafðís Eiríksdóttir
Guðlaugur Eiríksson
Ásta Ellen Eiríksdóttir
Ásta Vilhjálmsdóttir



Elskulegur faðir okkar, afi, langafi og tengdafaðir,

Kristján Símonarson
fyrirv. flugumferðarstjóri,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 16. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 27. mars kl. 15.00.

Kolbrún Kristjánsdóttir
Hrafnhildur Kristjánsdóttir
Steinþórunn Kristjánsdóttir
Rúna Lís Ómarsdóttir
og fjölskyldur.



Eiginkona mín og móðir okkar,
Ólöf Jónsdóttir Egilsson

andaðist þriðjudaginn 14. mars sl. á sjúkrahúsi í Chicago.

Valur Egilsson og börn.

Gleðidagur Maníu

Manía, félag fólks með geðraskanir í Háskóla Íslands, stendur fyrir gleðidegi og málþingi í dag. Dagurinn hefst á kynningu á starfsemi félagsins í anddyri Odda milli klukkan tíu og tólf. Þar er fólk boðið velkomið að skrá sig í félagið og ræða við stjórnarmélimi.

Málþingið hefst svo klukkan tvö eftir hádegi en þar kynni Sveinn Magnússon starfsemi Geðhjálpar, Þórarinn Tyrtingsson ræðir um SÁÁ og Þórhildur Egilsdóttir heldur fyrirlestur um líf innan fjölskyldu og geðraskanir.

Félagið Manía var stofn-



FRÁ STOFNFUNDI MANÍU Kristín Ingólfssdóttir rektor heldur ræðu.

að síðasta haust með það að markmiði að bæta hag fólks með geðraskanir innan HÍ, hvort sem það eru kennarar, stúdentar eða annað starfsfólk. ■

Montana

linchansen
sørensenfurniture



Erik Jørgensen® 


TRANEKÆR FURNITURE

HÚSRÁÐ FYRIR LENGRA KOMNA

ERLENDIR RÁÐGJAFAR,
FRUMSÝNING OG
SÝNIKENNSLA

OPIÐ
HÚS

Allir þeir sem vilja gera heimilið sitt fallegra eru sérstaklega velkomnir í opið hús hjá okkur í Epal 24. og 25. mars. Erlendir ráðgjafar frá heimspekkum framleiðendum verða á staðnum tilbúnir til skrafs og ráðagerða með þér. Þá mun Erla Sólveig frumsýna nýjan stól auk þess sem boðið verður upp á sýnikennslu í sápu meðhöndlun á massífum borðplötum, líklega í fyrsta skipti á Íslandi.

Þeir ráðgjafar sem heiðra Epal með komu sinni á fimmtudag og föstudag eru frá Montana, Erik Jørgensen, Carl Hansen, Tranekær og Hansen og Sørensen. Nú eru góð ráð ekki dýr. Nýttu þér tækifærið!



Vectavir krem er áhrifarkit lyf til meðferðar á frunso af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá stingi eða æðasíttar til biðru. Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsvæðið á 2 klst fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofeyrslu, kvef eða influensu eða í mikilli sói (t.d. á sköðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovir, famciclovir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittimi stytst. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Otrivin nefúðinn og nefdroparnir innihalda xylometasolin sem vinnur gegn bólgu, nefstíflu og slímmyndun vegna kvefs og bráðar bólgu í enniss- og kinnholum. Otrivin virkar fjótt og áhrifin vara í 6-10 klst. Otrivin getur valdið aukaverkunum, s.s. ertingu í slímhuð og sviðatífinningu. Einnig ógleði og höfuðverk. Otrivin má nota þrisvar á dag en ekki lengur en í 10 daga í senn. Varúð: Langtímanotkun Otrivin getur leitt til þurrks í nefslímhuð. Sjúklingar með glöku eða þeir sem hafa ofnæmi fyrir xylometasolin ættu ekki að nota Otrivin. Kynnið ykkur vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Strepsils töflur eru látnar renna í munni og leysast þar hægt upp. Þannig nást fram staðbundin sótthreinsandi áhrif í munni og koki. Auk þess hafa bragðefnin væg kælandi áhrif sem slá á ertingu. Venjulega er ein tafla látin leysast hægt upp í munni á 2-3 klst fresti. Lyfið þarf venjulega að nota í 3-4 daga og stundum í allt að eina viku. Einnig má leysa upp 1-2 töflur í heitu vatni og drekka sem heitan drykk. Notkun lyfsins hefur engin áhrif á önnur lyf sem notuð eru samtímis. Ofnæmi eða ofnæmislik viðbrögð geta komið fyrir en eru afar sjaldgæf. Hver pakk af Strepsils inniheldur 24 munnsogstöflur, sem eru í hentugum þynnapökkningum. Hverri pökkningu fylgja víðurkenndar leiðbeiningar á íslensku um notkun lyfsins, sem gott er að kynna sér vel. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Voltaren Dolo® (diklófenak kalíum) 12,5 mg töflur. Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem höfuðverk, tanpinu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugamarsár eða skerta líffræstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetýlsalisýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafraðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

KVEF?



NEFÚÐI



FRUNSUKREM



VERKJALYF



HÁLSTÖFLUR

Lyf & heilsa

Við hlustum!

Austurstræti · Austurveri · Domus Medica · Firði, Hafnarfirði
Fjarðarkaupungur · Glæsibæ · Hamraborg Kópavogi
JL-húsinu · Kringlunni 1. hæð · Kringlunni 3. hæð · Melhaga · Mjódd
Mosfellsbæ · Salahverfi · Eiðistorgi · Hellu · Hveragerði · Hvolsvelli
Kjarnanum Selfossi · Vestmannaeyjum · Þorlákshöfn · Dalvík
Glerártorgi Akureyri · Hrísalundi Akureyri · Ólafsfirði · Akranesi · Keflavík

STUÐ MILLI STRÍÐA Margvísleg markmið

EMILÍA ÖRLYGSDÓTTIR HEFUR ÞAÐ AÐ MARKMIÐI AÐ NJÓTA LÍFSINS.



Markmið geta verið ágæt og það er ekkert að því að setja sér verðug markmið og reyna að ná þeim. Frá því að ég man eftir mér hef ég verið að setja mér margs konar markmið, misverðug reyndar, og keppst við að ná þeim. Undirliggjandi er alltaf sú hugsun að lífið verði á einhvern hátt betra og ég verði ánægðari þegar ég hef náð markmiðunum. Vandamálið er hins vegar að þegar ég er búin að ná einu markmiði hef ég ekki tíma til þess að njóta þess af því að ég er farin að keppast við að ná nýjum markmiðum.

Ég hef heldur aldrei orðið vör við neina gjörbreytingu á lífi mínu þrátt fyrir að ég hafi náð flestum þeim markmiðum sem ég hef sett mér hingað til og stundum held ég að við einblínum allt of mikið á að ná alls konar markmiðum. Af hverju ætti líf okkar að verða eitthvað betra þó að við missum fimm kíló, fáum nýja vinnu, eignumst einhverja flotta skó, klárum BA-próf, söfnum hári, eignumst kærasta eða kærustu, hættum að borða kjöt, eignumst íbúð eða lærum japönsku ef við kunnum ekki að njóta þess? Ef við höldum alltaf að eitthvað meira en við höfum þurfi að koma til svo að við verðum hamingjusöm verðum við það sennilega aldrei. Breytingar á sjálfum okkur

eða nánasta umhverfi breyta ekki endilega viðhorfi okkar til lífsins eða færa okkur hamingju.

Lífið ætti að vera frábært óháð því hversu mörgum af markmiðum okkar við höfum náð því hverjum degi fylgja óvæntar gleðistundir. Markmiðsáráttan gerir það hins vegar að verkum að við erum alltaf að hugsa fram í tímann og bíða eftir því að eitthvað gerist en lífum ekki fyrir daginn í dag, sem er einmitt það sem þarf að gera til þess að njóta lífsins.

Í dag ætla ég þess vegna ekkert að hugsa um öll langtíamarkmiðin sem ég er búin að setja mér og hafa það eitt að markmiði að njóta hverrar stundar. Ég er líka viss um að þetta verður góður dagur.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Overli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Pú og pa

Eftir SÖB



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott





GÓÐAR BYLGJUR Í LOFTINU

BYLGJAN

20 ÁRA

Í tilefni af 20 ára afmæli Bylgjunnar hafa ýmsar breytingar verið gerðar á útliti og starfsemi Bylgjunnar. Bylgjan hefur fengið andlitslyftingu með nýju merki og hljómar nú enn betur. Létt 96,7 heitir nú Létt Bylgjan, en einnig hafa bæst við nýjar stöðvar, Gull Bylgjan og Ný Bylgjan. Þú getur fundið þína Bylgju á bylgjan.is eða Digital Ísland.

Bylgjan heldur sínu striki eftir 20 ára starfsemi með fréttum, fróðleik og bestu tónlistinni. Bylgjan er send út á FM 98,9, bylgjan.is og Digital Ísland.

BYLGJAN
989

LÉTT
BYLGJAN
967

Létt Bylgjan hefur starfsemi sína á grunni Létt 96,7 og spilar þægilega tónlist, með stuttum innkomum dagskrágerðarmanna sem gott er að hlusta á í amstri dagsins. Létt Bylgjan er send út á FM 96,7, bylgjan.is og Digital Ísland.

GULL
BYLGJAN
VEFRADIO

Á Gull Bylgjunni munu gömlu góðu lögín frá 1960 til 1980 hljóma á öllum tímum dagsins. Gull Bylgjan er send út á vefnum og er hægt að hlusta á hana á bylgjan.is og Digital Ísland.

NÝ
BYLGJAN
VEFRADIO

Ný Bylgjan spilar nýbylgjutónlist frá áttunda áratugnum til þess nýjasta í dag. Ný Bylgjan er send út á vefnum á bylgjan.is og Digital Ísland.



Kl. 12.10

Rakel Pétursdóttir safnafræðingur fjallar um nokkur málverk á sýningum Gunnlaugs Blöndal og Snorra Arinbjarnar í Listasafni Íslands. Erindið er hluti af fyrirlestraröð safnsins sem ber heitið „Bankar um myndlist - spurt og spjallað“ og er aðgangur öllum opin.

menning

menning@frettabladid.is

Meira rokk á Akureyri

Guðjón Davíð Karlsson leikur aðalhlutverkið í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á Litlu hryllingsbúðinni eftir Howard Ashman sem verður frumsýnd í kvöld. Hann segir að mikill galdur sé að verða til í Samkomuhúsinu á Akureyri.

„Þetta er búið að vera geysilega gaman, þetta er náttúrliga æðisleg saga - skemmtilegur söngleikur og frábær lög,“ segir Guðjón, sem hefur verið að gera það gott norðan heiða í vetur en mikill uppgangur hefur verið hjá Leikfélagi Akureyrar undanfarið og gríðarleg aðsókn á sýningarvetrarsins.

Söngleikurinn hefur verið settur upp nokkuð oft hérlendis og kveðst Guðjón Davíð hafa séð verkið áður, en hann skilur alla þá reynslu eftir heima og undirstrikar að þetta sé ekkert „copy/paste“ dæmi heldur fersk sýning og rokkaðri en



GUÐJÓN DAVÍÐ KARLSSON
LEIKARI Leikur Baldur í Litlu hryllingsbúðinni.

fyrir. „Þetta er heljarinnar umgjörð og sýningin er tæknilega flókin, mikið af brellum og slíku,“ áréttar hann. Lögin í sýningunni eru komin út á geisladisk svo forvitnir söngleikja-aðdáendur geta tekið forskot á sæluna og lagt eyrun við lög eins og „Þar sem allt grær“ og „Þú verður tannlæknir“. Með hlutverk skaðræðisplöntunnar fer söngkonan Andrea Gylfadóttir. „Hún er alveg mögnuð,“ segir Guðjón Davíð. „Það er rosalegt. Maður verður alveg skíthræddur við hana. Þó maður viti alveg að þetta er í plati þá bregður manni samt þegar hún byrjar að syngja.“

Með önnur helstu hlutverk í sýningunni fara Vígdis Hrefna Pálsdóttir sem leikur hina ástríku Auði og Jóhannes Haukur Jóhannesson sem leikur tannlækninn knáa með kvalalostann.

> Ekki missa af...

Barnaleikritinu um Dimmalimm í Möguleikhúsinu á sunnudaginn. Einleikurinn er byggður á einni af vinsælustu barnabókum allra tíma, ævintýrinu samnefnda eftir myndlistarmanninn Mugg.

Hádegiserindi Rakelar Pálsdóttur sagnfræðings um málverk Snorra Arinbjarnar og Gunnlaugs Blöndals í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg kl. 12.10 í dag.

Tónleikum með Hostile, Morðingjunum & Thing Tak á Bar 11 í kvöld, gleðin ku hefjast kl. á 22.00 og svo tekur Dj Óli Dóri við á miðnætti.



SVART OG SYKURLAUST Starfaði á árunum 1983 til 1986.

Svört og sykurlaus afmælisveisla

Götuleikhúsið Svart og sykurlaust fagnar 23 ára afmæli um þessar mundir og af því tilefni er boðið í þrjúbío í Galleríi humri eða frægð á morgun. Þar verða sýndar áður óbirtar upptökur eftir Þór Elís Pálsson og Rósu Mörtu Guðnadóttur frá æfingum og uppákomum leikhópsins árið 1984 auk þess sem forsvarsmenn leikhópsins segja frá tilurð, starfsemi og afdrifum hans.

Svart og sykurlaust starfaði á árunum 1983 til 1986 og er talið fyrsta alvöru götuleikhúsið á Íslandi. Leikhúsið var í anda spænska leikhópsins Els Comediantes sem hingað kom á Listahátíð árið 1980 og bandaríska leikhóps-

ins Bread and Puppet Theatre sem hingað kom 1982. Upphaflega var hugmyndin að vekja athygli á húsnæðisskortri atvinnuleikhópa, en hópurinn hélt áfram að starfa á götunni. Hann ferðaðist víða um land og fór einnig í leikferð til Ítalíu.

Fjöldi listamanna kom að hópnum en lengst af voru Kolbrún Halldórsdóttir, Guðjón Pedersen, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, Guðjón Ketilsson og Brynhildur Þorgeirsdóttir.

Leikminjasafnið stendur að sögusýningu um leikhópinn í Galleríi humri eða frægð á Laugavegi 59 sem lýkur 23. apríl. Þrjúbíoíð hefst klukkan 15 á morgun.

Að finna og brjóta reglur

Halla Ólafsdóttir danshöfundur vinnur með skráðar og óskráðar reglur í verkinu sínu „Hollí who?“ en það verður sýnt í sal nýja Sjóminjasafnsins í kvöld.

Verkið er unnið í samvinnu við danssmiðju Íslenska dansflokksins en að þessu sinni vinna fjórir ungir og uppnennandi danshöfundar með í þremur smiðjum á vegum flokksins, þau Gunnlaugur Egilsson, Valgerður Rúnarsdóttir, Aðalheiður Halldórsdóttir og Halla.

Þessar danssmiðjur miða að því að gefa ungum danshöfundum tækifæri til þess að þróa verk og æfa tækni en afraksturinn er meira í ætt við gjörninga eða tilraunir en fullmótuð dansverk.

„Þetta er búið að vera mjög áhugavert tímabil,“ segir Halla en þetta er í fyrsta skipti sem hún tekur þátt í danssmiðju Íslenska dansflokksins. Hún hefur samið dansverk m.a. fyrir DANSleikhúsið 2005 og tekið þátt í danshöfundakeppnum erlendis. Halla lauk námi frá Ballettakademíunni í Stokkhólmi árið 2004 en hefur mestmegnis starfað sem dansari í Danmörku og Svíþjóð.

„Þetta verk er unnið algjörlega út frá spuna en ég ákvað að gefa vinnuferlinu tíma og nota það sem kemur út úr spunanum. Þess



HALLA ÓLAFSDÓTTIR DANSHÖFUNDUR OG DANSARI Semur spunadansverk um skráð og óskráð boð og bönn.

vegna er ég ekki að pressa á útkomuna og verkið er síbreytilegt og aldrei eins.“ Halla rekur hugmyndina að baki verkinu til hugmynda fólks um stjórn og stýringu. „Það er t.d. hugmyndin um hreiðrið og alls kyns veraldlega hluti. Hvenær eru hlutir farnir að stjórna okkur,“ spyr Halla „og hvað stjórnar hverju?“

Verkið er tilraun sem hverfist að hluta til um leikreglur barnaleikja. „Allt er bundið í reglur, það eru ósagðar reglur og í okkar vinnu reynum við að finna þessar

reglur og spyrja síðan af hverju við hlýðum þeim,“ segir Halla og áréttar að það sé líka spennandi að komast að því hvað gerist þegar reglurnar eru brotnar. Tónlistina við verkið semur Ben Frost en hann tók einnig þátt í hugmyndavinnunni og hefur fylgt þróun verksins frá upphafi. Þrír dansarar koma fram í sýningunni sem fer fram á nokkuð óvenjulegum stað í sal nýja Sjóminjasafnsins við Grandaveg 8 og hefst sýningin kl. 21.00.

krstrun@frettabladid.is

GEYM VEL ÞAÐ EI GLATAST MÁ

01 - 8654

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Þú finnur þjóðlegar og skemmtilegar fermingargjafir í Safnbúð Þjóðminjasafnsins.

Fermingargjafir

fyrir poppara, rappara og rokkara...

Trommuset
frá 36.500 kr.

Kassagítarar
frá 10.900 kr.

Hljómborð
frá 23.900 kr.

Gítarmagnarar
frá 9.900 kr.

Rafmagnsgítarar
frá 15.900 kr.

Mbox með Pro Tools
frá 41.500 kr.

HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

ÓPERUSTÚDÍÓ

NÓTT Í FENEYJUM

EFTIR JOHANN STRAUSS

NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS

Frumskýning mið. 29. mars kl. 20

2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – **UPPSELT** – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20

4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20

6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - **SÍÐASTA SÝNING**

GLITNIR

Glitnir er bakhjarl
Óperustúdíós íslensku óperunnar

www.opera.is

opera@opera.is

Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.

Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

Belgíska Kongó

Carmen

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

WOYZECK

Stóra svið

Nýja svið / Litla svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Lau 25/3 kl. 14 **UPPS.** Su 26/3 kl. 14 **UPPS.**

Lau 1/4 kl. 14 **UPPS.** Su 2/4 kl. 14 **UPPS.**

Lau 8/4 kl. 14 **UPPS.** Su 9/4 kl. 14 **UPPS.**

Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30

Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14

Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14

ÓSÓTTAR PANTANIR SELÐAR DAGLEGA

BELGÍSKA KONGÓ

Fi 6/4 kl. 20 **UPPS.** Fö 7/4 kl. 20

Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20

Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Í kvöld kl. 20 **UPPS.** Lau 25/3 kl. 20 **UPPS.**

Fi 30/3 kl. 20 **UPPS.**

Fö 31/3 kl. 20 **100. SÝNING**

Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20

ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK

CARMEN

Lau 25/3 kl. 20 **SÍÐASTA SÝNING!**

TALAÐU VIÐ MIG -ÍÐ-

Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20

SÍÐUSTU SÝNINGAR!

KALLI Á ÞAKINU

Fi 13/4 kl. 14 skírdagur **UPPSELT**

Lau 15/4 kl. 14 **UPPSELT**

Má 17/4 kl. 14 annar í páskum

Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti

Lau 22/4 kl. 14

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP

Su 30/4 kl. 20 **UPPS.** Má 1/5 kl. 20 **UPPS.**

Þri 2/5 kl. 20 **UPPS.** Mi 3/5 kl. 20 **UPPS.**

Su 7/5 kl. 20 **UPPS.** Má 8/5 kl. 20 **UPPS.**

Þr 9/5 kl. 20 **UPPS.** Fi 18/5 kl. 20 **UPPS.**

Fö 19/5 kl. 20 **UPPS.** Fö 19/5 kl. 22:30

Su 21/5 kl. 20 **UPPS.** Fö 26/5 kl. 20 **UPPS.**

Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20

Fi 1/6 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20

FORDIST OKKUR

Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20

Fi 6/4 kl. 20 **UPPS.** Fö 7/4 kl. 20

Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20

Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20

Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20

KERTALJÓSATÓNLEIKAR

HARÐAR TORFA

FIMMTUDAGINN 6/4 KL. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

Þjóðleikhúsið

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

Frumskýning fös. 31/3 **uppseLT**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus

TÚSKILDINGSÓPERAN

Sun. 26/3 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

VIRKJUNIN

Lau. 25/3 nokkur sæti laus. **Allra síðasta sýning.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Í kvöld fös. 24/3 örfá sæti laus, lau. 25/3 kl. 17:00 **uppseLT**, sun. 26/3 **uppseLT**, fim. 30/3 **uppseLT**, fös. 31/3 **uppseLT**, lau. 1/4 **uppseLT**, sun. 2/4 nokkur sæti laus, fim. 6/4, fös. 7/4 nokkur sæti laus, lau. 8/4 nokkur sæti laus.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld fös. 24/3 **uppseLT**, lau. 25/3 **uppseLT**, mið. 29/3 **uppseLT**, lau. 1/4 kl. 16:30 örfá sæti laus, sun. 2/4 kl. 17:00 **uppseLT**, þri. 4/4 **uppseLT**, mið. 5/4 örfá sæti laus, fim. 6/4 **uppseLT**, fös. 7/4 **uppseLT**, lau. 8/4 **uppseLT**, sun. 9/4 **uppseLT**, fös. 21/4 **uppseLT**, lau. 22/4 **uppseLT**, sun. 23/4 **uppseLT**, mið. 26/4 **uppseLT**, fim. 27/4 **uppseLT**, fös. 28/4 **uppseLT**, lau. 29/4 **uppseLT**.

Aukasýningar í mai: lau. 6/5 **uppseLT**, sun. 7/5 örfá sæti laus.

DÓMSALURINN

Lau. 25/3 kl. 21:00 **Hindarleikur** - Danshöfundasmiðja Íslenska dansflokksins og dansbrautar leiklistardeildar LHÍ í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Nánari upplýsingar á heimasíðu Íslenska dansflokksins www.id.is

LEIKHÚSKJALLARINN

Hugleikur - Þetta mánaðarleiga. Sun. 26/3 kl. 21:00.
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS

AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.

MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Glögggt er gests augað

Max Schmid er svissneskur ljósmyndar sem fyrst kom til Íslands árið 1968 en nú á dögum kemur út bókinn Ísland - óbeisluð öfl með landslagsmyndum eftir hann.

Ljósmyndarinn víðförli hefur sérstakt dálæti á Íslandi vegna náttúru landsins. „Á Íslandi er sérstök náttúra en sérstaðan er auðvitað fyrst og fremst jarðfræðileg og landfræðileg,“ segir Max. Hann vill síður gera upp á milli staða en nefnir þó að svæðið í kringum Torfajökul sé í sérstöku uppáhaldi. „Landslagið þar er mjög sérkennilegt,“ segir Max en hann segist hrífast af andstæðunum og forn- eskjunni í náttúru Íslands.

„Það er pirrandi hvernig Íslendingar fara með landið sitt,“ segir Max og vísar til umræðunnar um framtíð hálendisins og virkjanaframkvæmda við Kárahnjúka. „Þetta er slæmt mál,“ segir hann. „Auðvitað á maður að hugsa um framtíðina og efnahaginn en mér finnst þetta skammsýni, það eru örugglega aðrir möguleikar til.“ Þótt Max finnst Íslendingar stundum ekki nógu tillitssamir við landið sitt skynjar hann breytingar í hugsunarhætti fólks núna. „Fyrir 10-20 árum hefðu fáir mót- mælt þessum framkvæmdum.“

MAX SCHMID LJÓSMYNDARI Hefur dálæti á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

ÚR NÝRRI LANDSLAGSMYNDABÓK Sýnir litbrigði og andstæður í íslenskrí náttúru.

Þetta er fimmta bókinn um Íslands sem Max gefur út en sú fyrsta sem kemur út á íslensku. Dálæti hans á Íslandi nær ekki eingöngu til landslagsins heldur talar hann einnig góða íslensku. Undanfarin 10-12 ár hefur hann komið hingað til lands næstum árlega en staldrar ekki lengi við í einu. „Ég er bara hérna í eina til tvær vikur á ári og þess vegna veit ég að það vantar smá í íslensk-

una mína,“ útskýrir hann. Max Schmid leiðist ekki að ferðast. Hann segir þó að það hafi verið tilviljun að hann byrjaði að mynda. „Ég var í flísalögnum,“ segir hann spóskur. „Þá var ég ekki viss um hvað ég vildi gera. Svo fór ég í fyrstu ferðina mína til Tyrklands og síðan til Íslands,“ segir hann og útskýrir að eftir það hafi boltinn byrjað að rúlla.

- khh

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
21 22 23 24 25 26 27

Föstudagur

■ ■ TÓNLEIKAR

☐ 17.30 Tónlistarmaðurinn **Nathan Amundsson (Rivulets)** heldur tónleika í **Galleríi humri eða frægð.**

☐ 20.00 **Lisa Ekdahl** heldur tónleika í **Háskólabíói** ásamt hljómsveit. Systkinin **KK** og **Ellen Kristjánsbörn** hita upp. Húsið opnað 19.45.

☐ 22.30 Hátíðartónleikar í tilefni af brottför hersins verða haldnir á **Dillon**. Fram koma **Vax** og **Days of our Lives**.

Zappa plays Zappa

Miðasala hefst 2. apríl

Le Sing

Syngjandi þjónar

Ein vinsælasta leiksýning landsins.

Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY

Sími: 533-1100

■ ■ SKEMMTANIR

☐ 22.00 Hljómsveitin **Úlfarnir** leikur föstudag og laugardag í **Vélsmiðjunni** á Akureyri.

■ ■ OPNANIR

☐ **Valur Sveinbjörnsson** opnar myndlistarsýningu sína, Margræðir heimar, í **Gerðubergi**.

■ ■ FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Anna Einarsdóttir** heldur fyrirlestur um staðfesta samvist í fyrirlestraröð **Samtakanna '78**, Fyrirlesturinn fer fram í **Odda**.

☐ 12.15 **Dr. Edward Maloka** og **Dr. Vasu Gounden** fjalla um mannréttindi, friðargæslu, sátta- umleitunir og stjórnmálaþróun í Afríku. Fundurinn er haldinn á vegum **Alþjóðamálastofnunar** og **Mannfræðistofnunar HÍ** í stofu N-132 í **Öskju**.

■ ■ LEIKLIST

☐ 20.00 **Halaleikhópurinn** sýnir Þókók eftir **Jökul Jakobsson** í leikstjórn **Vilhjálm Hjalmarssonar** í húsnæði leikhópsins að Hátúni 12.

■ ■ SÝNINGAR

☐ **Fríðrik Örn** sýnir verk sín í **Ljósmyndasafni Reykjavíkur** á 6. hæð í **Grófarhúsinu** við Tryggvagötu.

■ ■ SÍÐUSTU FORVÖÐ

☐ Síðasta sýningarhelgi á verkum **Önnu Guðjónsdóttur** í galleríinu **Suðsuðvestur** að Hafnargötu 22 í Reykjanesbæ.

■ ■ FÉLAGSLÍF

☐ 10.00 **Manía**, félag fólks með geðraskanir í **HÍ** og áhugamanna um málefnið, heldur gleðidag og málþing í **Odda**.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Allra síðasta sýning sunnudagskvöld!

Þjóðleikhúsið

KRINGLUKRÁIN

Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti

Borðapantanir í síma 568 0878

www.kringlukrain.is

Sixties í kvöld

HILMIR SNÆR GUÐNASON

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR

föstudagur	24.03	UPPSELT
laugardagur	25.03	UPPSELT
laugardagur	01.04	UPPSELT
föstudagur	07.04	SÍÐASTA SÝNING UPPSELT

MÍÐASALA: WWW.MÍÐI.IS OG Í IÐNÓ S. 562 9700

Landsbankinn

Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar.

HIMNARÍKI

Goðskólin gamanleikur eftir Anna Rosen

SÍÐUSTU SÝNINGAR Á HIMNARÍKI

Lau. 25. mars. kl. 20
Fös. 31. mars. kl. 20
Síðasta sýning.

VIÐTALIÐ

eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

Miðapantanir í síma 555 2222 og á mÍÐI.is

"Áhrif" - DV "Hóttar jafn tí barna - sem fullorðna" - Morgunblaðið "Skafaga ísling" - Fréttablaðið

HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

Sun 19.03 kl: 13.30
Sun 26.03 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á mÍÐI.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
sími : 551 4700

IsMedia

GERÐUBERG

Verið velkomin á opnun sýningar í dag kl. 17.00

Margræðir heimar

Valur Sveinbjörnsson

Sýningin er í Boganum og stendur til 30. apríl

Söngur og sund í síðasta sinn á sunnudaginn Jón Ásgeirsson tónskáld

Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður sjá www.siminn.is/steinunn

www.gerduberg.is

Nína og Geiri

söngbók Björgvins Halldórssonar
Leikstjórn: Gunnar Halgason

25. mars. F3 borð laus 22. apríl. Uppseft.

6. maí. AUKAUFTRING

Ógreiddir miðar seldir hálftímannuði fyrir viðbútt.

5331100
Netfang: midasala@broadway.is

Aðeins þessar sýningar

ALLRA SÍÐASTA SÝNING 25. MARS.

Carmen

SÖNGLEIKUR BYGGÐUR Á ÓPERU EFTIR BIZET

"Veisla fyrir auga" S.S/Fréttablaðið

KB BANKI BORGARLEIKHÚSIÐ

NASA

FÖSTUD. 24. MARS. 2006

LOKAÐ

VEGNA EINKASAMKVÆMIS

LAUGARD. 25. MARS. 2006

GUS GUS

ATH. SÍÐUSTU TÓNLEIKAR ÞEIRRA Í BILI FRAM KOMA ÁSAMT GUS GUS

DJ MARGEIR

12EXOS & BIGGI VEIRA

MÍÐAVERÐ KR.1500 HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA

FORSALA Á NASA FÖSTUDAGINN 24.MARS MILLI KL.13-17

NÁNARI UPPLÝSINGAR

NASA.IS

ÞAR SEM ÍSLENDINGUM FINNST SKEMMTILEGAST AÐ DJAMMA

Bækur sem vit er í

14.980
verð áður 19.980.-

Hin eina sanna íslenska orðabók.

14.980
verð áður 19.980.-

Íslandssagan frá upphafi fram til dagsins í dag.

3.490
verð áður 4.995.-

Skemmtileg og fróðleg bók.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



> Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINN

Sólstafir: Masterpiece of Bitterness, **Högni:** Morning Dew, **Donald Fagen:** Morph the Cat og **Placebo:** Meds.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Yndislegi dagurinn í dag

Fimmta sólóplata trúbadorsins Halla Reynis, Leiðin er löng, kemur út eftir helgi. Lög og textar eru eftir Halla fyrir utan eitt ljóð, Söngur galeiðupræla, sem er eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi.

Síðasta plata Halla, Við erum eins, kom út 2004 og fékk mjög góðar viðtökur. „Ég er bara einn með gítar og munnhörpu,“ segir Halli um nýju plötuna. „Ég veit ekki um aðra svona plötu á Íslandi með einum kassagítar. Þetta er eins og ég er þegar ég er að fara út að spila. Hún er mjög sönn þessi plata. Þetta eru lög sem ég átti og fór inn með plötuna tilbúna en síðan gerðist það óvænta að ég samdi fullt af lögum og tók þrjú ný inn á plötuna,“ segir hann.



Halli segist hafa lagt mikla áherslu á textagerðina. „Ég er að syngja um allt sem er undir sólinni; ástina, yndislega daginn í dag sem mér finnst skipta öllu máli og að sumu leyti er tekinn púlsinn á þjóðfélaginu. Þarna eru líka sögur af fólki sem ég hef hitt á mínu ferðalagi. Þessi plata er mér mjög kær. Ég var búinn að ganga með hana lengi í maganum og fannst tímabært að gera þetta núna.“ Halli hyggur á tónleikahald á næstunni einn með gítarinn til að fylgja plötunni eftir. Hann verður á Kaffi Rósenberg þann 30. mars og á Þinghúsinu á Hvammstanga kvöldið eftir. Frekari upplýsingar um tónleikahald er að finna á hallireynis.com.

> Plata vikunnar

Broken Social Scene: Broken Social Scene

„Farandpartíð frá Toronto í Kanada

kristallast í æðislegri þriðju breiðskífu. Broken Social Scene hefur aldrei hljómað svona vel eða heilsteypt.“

> Popptextinn

„This elevator only takes one down“, she said
„This place, this hotel lounge, it's my daily bread, but I'm underfed.“

Eitt besta lagið af Worst Case Scenario með dEUS, Hotel Lounge, er uppfyllt af munúðarfullu daðri.

SMS UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

Worm is Green: Push Play
„Frumleikinn er horfinn á nýju plötunni sem hefur engu að síður að geyma mörg áhuga-verð en frekar þunglyndisleg popplög.“ **FB**

Blindfold: Blindfold
„Fyrsta plata Birgis Hilmarssonar úr Ampop stendur vel fyrir sínu þar sem draumkennd fegurðin skín í gegn víðast hvar.“ **FB**

Úlpa: Attempted Flight by Winged Men
„Þetta er ágæt plata sem þó nær ekki að halda athyglinni allan tímann. Gítarinn á góða spretti á köflum en því miður dugar það ekki til.“ **FB**

Placebo: Meds
„Nafn Placebo er gæðastimpill sem tryggir hlustendum góða og metnaðarfullar rokkplötur. Það er eins með þessa fimmtu breiðskífu. Formúlan er þó aðeins farin að þynnast.“ **BÖS**

William Orbit: Hello Wave-forms
„Fyrsta breiðskífa upptökustjórans goðsagna-kennnda í sex ár. Stenst allar gæðakröfur og ætti að höfða til allra á einhvern hátt.“ **BÖS**

Arab Strab: The Last Romance
„Sjötta breiðskífa Arab Strab er ekki slæm en heldur ekki góð. Sama tegund af kaffi og síðast, á sama kaffihúsi og menn eru í sömu sætunum að segja sömu brandarana.“ **BÖS**

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

X-DÓMÍNÓSLISTINN TOPP TÍU LISTI X-FM

1. **NO WAY BACK**
FOO FIGHTERS
2. **WORLD WIDE SUICIDE**
PEARL JAM
3. **DON'T LISTEN TO THE RADIO**
THE VINES
4. **GOLD LION**
YEAH YEAH YEAHS
5. **LONELY DAY**
SYSTEM OF A DOWN
6. **7 DAYS 7 WEEKS**
DEUS
7. **I WANT YOU TO STAY**
MAXIMO PARK
8. **FREDINN FÁVITI**
FRÆ
9. **60 SECOND BILLY**
HOFFMAN
10. **SUFFER WELL**
DEPECHE MODE



DAVE GROHL Rokksveitin Foo Fighters er á toppnum með lagið No Way Back. **FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA**



dEUS Belgíska rokksveitin dEUS heldur tónleika á Nasa þann 6. apríl.

Tilfinningaríkir og ágengir

Belgíska rokksveitin dEUS heldur tónleika á Nasa þann 6. apríl. Freyr Bjarnason spjallaði við Tom Barman, söngvara og gítarleikara sveitarinnar, og fræddist meðal annars um skvass-hæfileika hans.

Belgíska indí-sveitin dEUS nýtur mikillar virðingar í tónlistarheiminum fyrir vandaðar og fjölbreyttar lagasmíðar sínar.

Sveitin sló í gegn árið 1994 með sinni fyrstu breiðskífu, Worst Case Scenario, þar sem lögin Suds and Soda og Hotel Lounge hittu rækilega í mark. Sveitin gaf á síðasta ári út sína fjórðu breiðskífu, Pocket Revolution, eftir að hafa legið í dvala í fimm ár, aðdáendum sínum til mikillar armæðu.

Urðu að koma til Íslands

Barman segist hlakka mikið til að koma til Íslands í fyrsta sinn. „Það er erfitt að fara á suma staði og ég þurfti að sannfæra umboðsmenn mína um að fara þangað. Við vorum að spila í Kaupmannahöfn í nóvember og þar var fólk sem kom frá Íslandi til að sjá okkur. Þá hugsaði ég með mér að við yrðum að fljúga til Íslands fyrst Íslendingar gætu flogið að sjá okkur,“ segir Barman.

dEUS hefur verið á tónleikaferð um heiminn til að fylgja plötunni eftir, sem hefur gengið frábærlega að sögn Barman. „Við höfum spilað á 100 tónleikum nú þegar. Við höfum ferðast um alla Evrópu og á þessu ári ætlum við á staði sem við höfum ekki heimsótt áður. Við förum til Austur-Evrópu, vorum í Taílandi um daginn og Ísrael og síðan erum við á leiðinni til Bandaríkjanna,“ segir hann og hljómar mjög spenntur.

Aðspurður segir Barman að dEUS sé kraftmikil tónleikasveit. „Það var mikill spuni hjá okkur í gamla daga en ekki eins mikið núna. Núna eru tónleikarnir meira skipulagðir. Við ákveðum fyrirfram hvað við ætlum að spila og erum mjög háværir. Stundum erum við tilfinningaríkir en stundum ágengir, rétt eins og plöturnar okkar.“

Vildi verða leikstjóri

Barman segir að dEUS hafi ákveðið að taka sér pásu eftir þriðju plötu sína, Ideal Crash, sem hafi orðið að fimm árum. „Gítarleikarinn hætti í sveitinni og ég vildi ekki leita að nýjum strax. Ég samdi stuttmynd á þessum tíma sem varð að langri mynd [Any Way the Wind Blows]. Það tók mig þrjú ár að finna pening og búa hana til. Síðan ferðaðist ég um heiminn og fór með hana á kvikmyndahátíðir. Árið 2004 komum við saman aftur og gerðum Pocket Revolution,“ segir hann.

Að sögn Barmans vildi hann fyrst verða leikstjóri áður en hann keypti sér sinn fyrsta gítar. Eftir að hann svindlaði á prófi í efnafræði var hann aftur á móti rekinn úr kvikmyndaskóla og ákvað þá að einbeita sér að tónlistinni. Til að halda kvikmyndaþekkingunni við hefur hann leikstýrt öllum myndböndum dEUS og því getað prófað sig áfram í kvikmyndagerðinni meðfram tónlistinni.

„Núna hugsa ég lítið um kvikmyndir. Ég vil gera aðra plötu með dEUS strax eftir að þessi tónleikaferð er búin og svo kannski gera aðra kvikmynd. Ég er að safna hugmyndum í aðra mynd en hún verður aldrei að veruleika fyrr en kannski eftir fjögur ár,“ segir hann og fullvissar blaðamann um að engin fimm ár muni líða á milli Pocket Revolution og næstu plötu.

Spiluðu á götunum

En af hverju ætli Barman hafi byrjað í tónlistinni? „Á þessum tíma var pabbi minn veikur og dó skömmu síðar. Ég var mikið í íþróttum og keppti mikið í skvassi. Þarna uppgötvaði ég annað í lífinu eins og áfengi, sigarettur og stelpur þannig að ég ákvað að skipta skvassspaðanum mínum út fyrir eitthvað annað,“ segir hann og hlær. „Ég keypti gítar og fór að spila á götunni. Ég gerði það í þrjú til fjögur ár og hitti þannig hina í hljómsveitinni. Við vorum allir að spila á götunni og þannig byrjaði dEUS.“

Leonard Cohen í uppáhaldi

Að sögn Barmans eru áhrifavaldar hans eldri tónlistarmenn því hann hafi verið mikið í kringum gamalt fólk þegar hann var yngri. Nefnir hann helst Leonard Cohen sem áhrifavald en einnig Neil Young og Bob Dylan.

Hvað varðar uppáhaldstónlist um þessar mundir er hann fljótur að nefna nýjustu plötu Gorillaz sem algjört meistarastykki.

Hann segist lítið gera af því að sækja tónleika með öðrum sveitum. „Ég ætla samt að sjá marga í sumar því við spilum á öllum tónlistarhátíðunum. En ég verð fljótt leiður á tónleikum. Ég get talið tónleikana sem ég hef séð frá byrjun til enda á annarri hendi. Þrjú til fjögur lög er hámark, en annars þarf það að vera Nick Cave, Kraftwerk, Mark Lanegan eða eitthvað annað mjög sérstakt því annars verð ég mjög leiður. Ég vil ekki að dEUS sé þannig og tónleikar með okkur eru aldrei fyrirsjáanlegir,“ segir Barman.

Hljómsveitin Mammút mun hita upp fyrir Deus þann 6. apríl en fyrsta plata sveitarinnar kemur út aðeins þremur dögum fyrir tónleikana.

Harry Potter SM SLEIKUR

OG ELDHÍKARINN

Ö HVER VINNUR

Þú sendir SMS skeytið BTCFHP á númerið 1900. Þú svarar spurningu Þú gætir unnið

Harry Potter & Eldhíkarinn • Fyrsti Harry Potter myndir
• Harry Potter Smáleikur • Fyrsti Kjúpur • Vörðugur
• Smáleikur F12 og Kjúpurinn • Fyllt af sönum DVD
• Smáleikur og Eldhíkarinn og margt fleira

VERÐU AÐ KOMA TIL ÍSLANDS

Vörðugur verður afhentur hjá BT Smáleikur, Kjúpurinn, Með því að taka þútt erfu kortinu í SMS kúðin, 1-800-444-4444.

Nýtt í bíó

STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND

FYRIR DAGA RÓMEÓ OG JÚLÍU VORU

TRISTAN & ISOLDE

JAMES FRANCO SOPHIA MYLES

TWENTIETH CENTURY FOX PRESENTS A SCOTT FREE PRODUCTION AN APOLLO PROMEDIA-ANF TRISTAN & ISOLDE LIMITED-STYLING-BY QUALITY INTERNATIONAL CO PRODUCTION A KEVIN REYNOLDS FILM JAMES FRANCO SOPHIA MYLES "TRISTAN & ISOLDE" RUFUS SWELL
MUSIC BY ANNE DUDLEY COSTUME DESIGNER KATE DOWDY EDITOR ANNE LAI JAN FANTZ EXECUTIVE PRODUCERS MORGAN O'SULLIVAN JAMES FLYNN PRODUCED BY MAURIZIO MILENENTI DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY PETER BOYLE EXECUTIVE PRODUCERS MARK GERAGHTY PRODUCED BY ANTHONY HENNINGHART EXECUTIVE PRODUCERS ROLEY SCOTT TONY SCOTT JIM LEMLEY
EXECUTIVE PRODUCERS FRANK HUNNER JOHN HARDY MATTHEW STILLMAN PRODUCED BY LISA ELLZEY GIOVANNINA FACIO MOSHE DIAMANT ELIE SAMAHIA WRITTEN BY DEAN GEORGIADIS DIRECTED BY KEVIN REYNOLDS
www.TristanAndIsoldeMovie.com



Landsbankinn
Banki allra landsmanna



Allir velkomnir á Vestfirðina

Aldrei fór ég Suður – rokk-hátíð alþýðunnar verður haldin þriðja árið í röð á Ísafirði en þá flykkjast til bæjarins tónlistarmenn af öllum stærðum og gerðum. Freyr Gígja Gunnarsson reyndi að koma sér vestur til að forvitnast meira um málið.

Tilkynnt var um tuttugu mínútna seinkun til Ísafjarðar. Farþegarnir virtust ekki kippa sér mikið upp við þau tíðindi heldur fengu sér einn kaffibolla í viðbót. Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, og Jón Þór Þorleifsson sátu í mestu makindum við hornborðið og rifjuðu upp gamlar draugasögur af samgöngunum vestur. Jón Þór hafði upplifað að vera veðurtepptur fyrir sunnan á aðfangadag. „Komst við illan leik til Ísafjarðar á annan í jolum.“ Loks er þó tilkynnt um brottför og hreyflarnir settir af stað.

Flugstjórinn tilkynnir að flugtíminn sé hálf klukkustund og dagblöðin eru lesin spjaldanna á milli. Þegar loks sést glitta í vestfirsku fjöllin er ljóst að ekki er allt með felldu. Flugvélin snýr frá áætlunarstaðnum og búkurinn hristist og skelfur. „Við gátum ekki lent núna en ætlum að sjá til eftir tíu.“ Flugvélin virðist aldrei ætla að hætta að skjálfa og eftir umræddan biðtíma er gert opinbert að leiðin liggur aftur til Reykjavíkur. Snjó-koma og slæmt skyggni sögð ástæðan.

Grundvöllurinn tryggður Ferðalangarnir eru fegnir þegar báðir fætur eru komnir á fast land. Setjast niður á Prikíð og jafna sig eftir rúmlega eins og hálf tíma flug sem minnti á slæma sjóferð með Herjólf. Panta egg og beikon til að koma maganum aftur í samt lag. Örn sýpur á gosglasinu sínu og rifjar upp söguna af því hvernig þetta allt hófst. „Ég og pabbi vorum á listaspíruhátíð í London og drukkum bjór á bar. Eftir nokkur glös fengum við þá flugu í hausinn hvort ekki væri sniðugt að halda sambærilega hátíð heima á Ísafirði,“ segir hann. „Með góðum mat, góðri stemningu og hæfilegri blöndu af heimafólki og frægu fólki,“ bætir hann við.

Þegar feðgarnir vöknðu daginn eftir hafði hugmyndin lifað kvöldið af og snjóboltinn fór að rúlla. Þremur árum síðar eru vinsældir Aldrei fór ég suður orðnar það miklar að vísa þarf tónlistarfólki frá sem dauðlangar til að koma vestur og spila. 70 hljómsveitir vildu vera með en ákvörðun var tekin um að leyfa ekki fleiri en þrjátíu að koma fram. „Við viljum gefa þeim tónlistarmönnum sem stíga á svið meiri tíma til að njóta sín,“ segir Örn og áréttar að sú regla hafi verið sett að enginn spili tvö ár í röð. „Þetta er líka gert til að halda nýjabruminu við,“ útskýrir Örn.

Þá var í gær skrifað undir samstarfssamning við Símann, Glitni og Flugfélag Íslands sem tryggir rekstrargrundvöll hennar næstu þrjú árin. „Netverjar geta séð hátíðina í beinni útsendingu á vefnum og rifjað upp tónleikana



JÓN ÞÓR OG MUGISON Skrifuðu undir styrktarsamning við þrjú fyrirtæki sem tryggir rekstrargrundvöll hátíðarinnar næstu þrjú árin. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

frá því í fyrra,“ segir Jón Þór. „Þá getur fólk líka nálgast vestfirsku hringitóna,“ bætir hann við og tekur fram að án styrks þessara fyrirtækja væri allt þetta nánast ógjörningur.

Allt auðveldara úti á landi Örn segir að það sé allt öðruvísi andrúmsloft á landsbyggðinni en í höfuðborginni og þar sé mun auðveldara að koma svona hlutum í framkvæmd. „Úti á landi eru allir af vilja gerðir og reiðubúnir að rétta hjálparhönd,“ segir Örn. „Í bænum eru allir svo uppþeknir af yfirdráttarheimildinni og sjálfum sér,“ heldur hann áfram og nefnir sem dæmi þegar hreinsa átti út úr frystihúsi bæjarins svo að hægt væri að nota það sem tónleikahús. „Pabbi og einhverjir vinir hans rændu lyftara og tóku þetta á sig,“ segir Örn. „Síðan var bara spúlað þangað til lyktin var farin,“ bætir hann við og hlær. „Menn eru tilbúnir að leggja ýmislegt á sig og það er ótrúlega fallegt,“ segir Örn og brosir.

Rokkhátíðin skartar að venju fjölbreyttu úrvali listamanna og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Herbert Guðmundsson snýr aftur með Kan, pönksveitin 9/11 segir sitt álit á þjóðmálunum og Mugison og Ragnar Kjartansson svindla sér inn með nýrri sveit svo eitthvað sé nefnt. „Skemmtilegast þykir okkur að áhorfendahópurinn spannar alla

aldurshópa,“ segir Örn og það má til sanns vegar færa. Í fyrra söng karlakór með unglingahljómsveit og í ár ætla nokkrir harmónikkukarlar að flytja lög Deep Purple með aðstoð nokkurra ungmenna.

Gist í fangelsinu Ísafjörður fyllist af fólki yfir páskana enda er rokkhátíðin ekki það eina sem boðið er upp á á Ísafirði. Árleg skíðavika er einnig í gangi og þá sýna listamenn verk sín um allan bæ. Örn segir bæjarbúa taka öllum gestum opnum örmum. „Fyrsta árið komu tíu útlandingar til bæjarins og áttu engan pening fyrir gistingu,“ segir Örn. „Pabbi tók þau upp á sína arma og setti þau í fangelsið þar sem ferðalangarnir fengu að hafa gístiaðstöðu,“ útskýrir hann og skelli hlær. Jón Þór segir aðra sögu af hjónum sem eftir lokun skemmtistaðanna ákváðu að bjóða öllum heim til sín. „Húseigandinn bað fólk vinsamlegast um að muna að þetta væri heimahús en annað skipti ekki máli. Þegar ég taldi voru hundrað og fimmtíu manns inni í húsinu og þar af fjórutíu í Playstation,“ segir Jón Þór. Húsbóndinn stóð víst stoltur á lengdar og dáðist að sterkbyggðu gólfi hússins. „Þetta lýsir stemningunni í bænum hvað best,“ skýtur Örn inn í. „Allir eru tilbúnir að taka á móti þeim sem koma svo lengi sem gestirnir virði heimilið.“ ■



ÓFÆRT Þrátt fyrir heiðarlega tilraun flugmannsins reyndist ófært til Ísafjarðar og var farþegunum boðið upp í frekar „ópægilega“ flugferð.

Leikfélag Mosfellssveitar

Í BEINNI

eftir Hrafnkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ

Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

8. sýning Laugard. 25.mar. kl.20:00
9. sýning Laugard. 01.apr. kl.20:00
10. sýning Laugard. 08.apr. kl.20:00

Leikritið gerist í lokabætti spjallþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óventustu uppkomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggst baksviðs. Þetta er bráðfandið leikrit sem óhætt er að mæla með.

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1800,-
www.leikmos.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

Leiðtoganámskeið fyrir konur í Garðabæ

Leiðtoganámskeið með Ásdísi Höllu Bragadóttur fyrir konur í Garðabæ hefst 28. mars. Þetta er einstakt tækifæri til að efla leiðtogaþæfileika í starfi og einkalífi sem og að kynnast öðrum konum í Garðabæ.

Farið verður yfir mikilvægi þess að skapa sér sýn og setja sér markmið. Fjallað um framkomu, samskipti og árangur í starfi og einkalífi. Kennð verða grundvallaratriði í ræðumennsku og ræðuþjálfun.

Meðal gesta:
Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs sr. **Jóna Hrönn Bolladóttir**, sóknarprestur í Garðabæ
Margrét Pála Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar
Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir, flugfreyja og frambjóðandi
Þórkatla Aðalsteinsdóttir, sálfræðingur

Á lokakvöldi verður hátíðarkvöldverður í Unnarbrunni. Heiðursgestur verður **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, menntamálaráðherra.

NÁMSKEIÐ ER FJÓRSKIPT, HALDIÐ ÞRIÐJUDAGSKVÖLDIN 28. MARS OG 4. APRÍL OG FIMMTUDAGSKVÖLDIN 30. MARS OG 6. APRÍL.

Sjálfstæðisfélagið í Garðabæ



Skráning er á:
www.gardar.is

Námskeiðið er aðeins ætlað konum í Garðabæ. Takmarkað sætaframboð.

Námskeiðið er ókeypis.

Glitnir er aðalstyrktaraðili leiðtoganámskeiðsins



Eitthvað annað en Toyota?

Þú vilt nýjan bíl, japönsk gæði og öruggt bílaumboð. Toyota? Nú er annar góður kostur í boði fyrir þig: Nýr Mazda frá Brimborg. Japönsk gæði Mazda keppa við hvern sem er. Helst Toyota. Gerðu samanburð. Markmið Mazda um að vera betri en aðrir kalla á kröfur um annan stíl, aðra eiginleika, önnur þægindi og annað öryggi. Nýtt verður til. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg. Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Gerðu samanburð á japönskum gæðum

Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring 4 dyra, sjálfskiptum, og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.290.000 kr. á sérstöku tilboði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.400.000 kr.* Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- Álfelgur
- Hraðastillir



Komdu í nýjan sýningarsal
Mazda hjá Brimborg - Bildshöfða 8

Ný heimkynni - Nýtt verð!
Kr. 2.290.000

Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*

Mazda er besta merkið
- Toyota næst besta..!

Mazda er með mestu heildargæðin,
samkvæmt gæðakönnun þýska bíla-
blaðsins Auto Bild. Toyota nr. 2.

AUTO BILD, 5 TBL. 3. FEBRÚAR 2006 OG MBL 17. FEBRÚAR 2006

Nánar á www.mazdabrimborg.is



Við erum Mazda!
Kauptu! Leigðu! Fáðu lán!

Berðu saman verð og búnað Mazda og Toyota.
Kynntu þér þjónustu Brimborgar og betri kjör Lýsingar.

Veldu annan stíl. Núna Mazda.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Mazda í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda.

Aflaðu þér
frekari upplýsinga
www.mazdabrimborg.is



Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri
kjör vegna nýrra heimkynna Mazda á Íslandi.

Skoðaðu úrval
Mazda
í nýjum
húsakynnum



Mazda2
Væntanlegur í mai



Mazda3 Touring 1,6i
5 dyra, 5 girá*

Besta verð 1.690.000 kr.
Bilasamningur 22.945 kr.
Rekstrarleiga 30.414 kr.



Mazda3 Touring 1,6i
4 dyra, 5 girá*

Besta verð 1.720.000 kr.
Bilasamningur 23.353 kr.
Rekstrarleiga 32.140 kr.



Mazda5 Touring 2,0i
7 manna, 5 girá*

Besta verð 2.190.000 kr.
Bilasamningur 29.422 kr.
Rekstrarleiga 39.990 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
4 dyra, sjálfskiptur*

Besta verð 2.290.000 kr.
Bilasamningur 31.130 kr.
Rekstrarleiga 41.800 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
5 dyra, sjálfskiptur*

Besta verð 2.340.000 kr.
Bilasamningur 31.380 kr.
Rekstrarleiga 42.200 kr.



Mazda6 Touring 2,0i
Wagon, sjálfskiptur*

Besta verð 2.390.000 kr.
Bilasamningur 32.500 kr.
Rekstrarleiga 43.800 kr.



Mazda MX-5 Sport 2,0i
2 dyra, 6 girá*

Besta verð 2.750.000 kr.
Bilasamningur 36.944 kr.



Mazda RX-8 High
4 dyra, 6 girá*

Besta verð 3.290.000 kr.
Bilasamningur 44.669 kr.



Mazda6 MPS AWD 2,3i
4 dyra, 6 girá*

Besta verð 3.390.000 kr.
Bilasamningur 45.543 kr.



Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bilasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.myntkarla. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuefritir samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: söluá. Skv. verðlista Toyota mars 2006. **Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluáðgjafar Brimborgar.

FRUMSÝNING

FRELSII! AÐ EILÍFU!

NATALIE PORTMAN
HUGO WEAVING

V FOR VENDETTA

★★★★ KVIKMYNDIR.IS ★★★★★ S.U.S. XFM 91,9 ★★★★★ V.J.V. TOPP5.IS

ÁLFABAKKA

V FOR VENDETTA KL. 5:15-8-10:45 B.I. 16

V FOR VENDETTA VIP KL. 5:15-8-10:45 B.I. 16

THE MATADOR KL. 4-6-8-10:10 B.I. 16

LASSIE KL. 3:50-6

AEON FLUX KL. 6-8-10:10 B.I. 16

SYRIANA KL. 8:10-10:45 B.I. 16

BLÓÐBÖND KL. 4-6-8-10:10

BAMBI 2 ísl. tal KL. 4

KEFLAVÍK

V FOR VENDETTA KL. 8-10:30 B.I. 16

LASSIE KL. 6

AKUREYRI

V FOR VENDETTA KL. 5:40-8-10:20 B.I. 16

LASSIE KL. 6

THE MATADOR KL. 8-10 B.I. 16

ÁLFABAKKI S: 587-8900 AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

piérce bressan
judy kimmer
luke davis

matador

★★★★ topp5.is 91,9

KRINGLUNNI

V FOR VENDETTA KL. 6-8-10-11:20 B.I. 16

LASSIE KL. 3:40-5:50-8-10:10

BAMBI 2 ísl. tal KL. 4-6

KRINGLAN S: 588-0800

FRELSII! AÐ EILÍFU!

NATALE PORTMAN
HUGO WEAVING

V FOR VENDETTA

★★★★ topp5.is 91,9

HÁSKÓLABÍÓ

V FOR VENDETTA KL. 5:15-8-10:45 B.I. 16

THE MATADOR KL. 6-8-10 B.I. 16

THE NEW WORLD KL. 8-10:45 B.I. 12

THE WORLD 'S FASTEST INDIAN KL. 5:30-8

SYRIANA KL. 10:30 B.I. 16

BLÓÐBÖND KL. 6

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

Bandarísk tónlist í Idol – stjörnuleit

Þar sem eingöngu fjórir keppendur eru eftir í Idol – stjörnuleit Stöðvar 2 fá keppendurnir nú að reyna sig við tvenns konar stefnur. Bandaríkin eru í forgrunni en fyrst reyna fjórmenningarnir sig við slagara nokkurra af þekktustu tónlistarmönnum stórveldisins en í þeim seinni fá keppendur að spreyta sig á sveitatónlist. Færri vita það kannski að sveitatónlistin er einhver stærsti markaðurinn í bandarískri afþreyingu.

RAGNHEIÐUR SARA 900 9002 EDA SMS IDOL 2 1918 Ragnheiður Sara fetar í fótspor poppguðsins Michaels Jackson og flytur lagið Ben en Jackson hefur ekki átt sjö dagana sæla að undanförmu. Sveitatónlistarlagið er Jolene sem var upphaflega flutt af hinni barmgóðu Dolly Parton.

BRÍET SUNNA 900 9003 EDA SMS IDOL 3 1918 Ina Valgerður bregður sér í hlutverk kóngsins Elvis Presley og reynir fyrir sér með laginu Always on my Mind en Presley hafði ótrúleg áhrif á rokksgöguna með skaki sínu. Seinna lagið Blue var fyrst flutt af LeAnn Rimes en söngkonan gerði allt brjál- að með laginu Can't Fight the Moonlight.

ÍNA VALGERÐUR 900 9001 EDA SMS IDOL 1 1918 Fyrri lag Ínu er I Want to Dance With Somebody með söngdivunni Whitney Houston sem hefur látið lítið fara fyrir sér að undanförmu en einkalíf hennar hefur verið ívið meira í kastljósi fjölmiðlanna en sönghæfileikarnir. Seinna lagið sem Ina flytur er Something To Talk About með Bonnie Rait.

SNORRI 900 9004 EDA SMS IDOL 4 1918 Rokkhljómssveitin Guns'N'Roses gerði allt brjálað í upphafi tíunda áratugsins með lögum á borð við Paradise City. Snorri setur sig í stellingar Axl Rose og syngur Sweet Child O'Mine en hann valdi Annie's Song eftir John Denver sem sveitalagið sitt.

JAMES SEWELL BALLETTINN Sýning ballett- hópsins hefst í dag klukkan 10.00.

Miðasala á Sewell hafin

Miðasala á sýningu balletthópsins James Sewell í Austurbæ þann 5. maí hefst í dag klukkan 10.00. Allt frá stofnun hefur hópurinn reynt að fara ótroðnar slóðir, sýna frumlega dansa sem storka tækni- legum takmörkum ballettsins, skemmta og hreyfa við áhorfend- um. Miðasalan fer fram á midi.is, í verslunum Skifunnar í Reykjavík, BT á Akureyri og Selfossi og event.is. Miðaverð er 2.900 og 3.900 auk miðagjalds. Sýningin hefst kl. 20.00 og húsið opnar hálf- tíma fyrr. ■

Xit

hárstofa

Sími 564 6444

Hlíðasmára 9

OPIÐ

Alla daga kl. 9-18

miðvikud. kl. 9-20

laugard. kl. 10-14

Zappa plays Zappa

Miðasala hefst 2. apríl

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Í BÍÓ

FRELSII! AÐ EILÍFU!

NATALIE PORTMAN
HUGO WEAVING

V FOR VENDETTA

★★★★ KVIKMYNDIR.IS ★★★★★ S.U.S. XFM 91,9 ★★★★★ V.J.V. TOPP5.IS

KOMIN Í BÍÓ!

HEITASTA MYNDIN Í USA Í DAG. NÝJASTA SNILLDARVERKIÐ FRÁ WACHOWSKI BRÆÐRUM ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR "MATRIX" MYNDIRNAR. EIN MAGNASTA KVIKMYNDAUPPLIFUN ÁRSINS.

www.VforVendetta.com

XFM

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI



Friðrik Ingi áfram

Friðrik Ingi Rúnarsson mun að öllu óbreyttu stýra liði Grindavíkur áfram næsta vetur en hann staðfesti við Fréttablaðið að hann hefði fullan hug á að halda áfram starfi sínu með liðið. Friðrik gerir ráð fyrir því að hópurinn muni breytast mikið enda menn að hætta og aðrir samningslausir.

sport
sport@frettabladid.is

TEITUR ÞÓRÐARSON ÞJÁLFARI KR: STOFNAR UNGLINGAAKADEMÍU HJÁ KLÚBBNUM

Knattspyrnuakademía hjá KR

KR er að setja á fót knattspyrnuakademíu fyrir rjómann af bestu leikmönnum félagsins. Akademían verður stofnuð næsta haust en þar verða útvaldir drengir í 2. og 3. flokki KR en fyrst um sinn verða um það bil fjórtán til tuttugu strákar á æfingunum.

„Hugmyndin er sú að bestu leikmennirnir okkar, sem hafa mikinn metnað, fái nokkrar aukæfingar til að verða enn betri knattspyrnumenn en auk þess æfa þeir með sínum flokki eða meistaraflokknum,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, við Fréttablaðið í gær. „Þarna fara saman knattspyrnulegir hæfileikar og skólageta, það er mikilvægt að strákarnir standi sig vel í skólanum auk þess að standa sig á æfingunum. Það kemur til greina að

leikmönnum verði vísað úr Akademíunni ef þeir standa sig ekki sem skyldi í skólanum, þeir þurfa að sýna fram á góðan námsárangur, en klúbburinn mun fara þess á leit við skóla piltanna að þeir komist á æfingarnar,“ sagði Teitur sem er bjartsýnn á árangur Akademíunnar.

„Ég veit að við munum fá toppknattspyrnumenn út úr þessu. Hjá Brann vorum við með slíka Akademíu og svipað var uppi á teningnum hjá Lyn. Þetta þekkist vel og er ekki nýtt af nálinni erlendis, til að mynda var þetta svona þegar ég var að spila í Frakklandi,“ sagði Teitur.

„Við erum að fara í

gang með mjög spennandi hluti. Þegar ég kom til KR þá sögðum við það strax að við værum að fara í gang með langtíma starf hjá KR. Það byggist mikið á því að fá upp góða unga leikmenn og stór hluti af okkar starfi beinist að því. Akademían er lykkillinn að því að framleiða virkilega góða og efnilega leikmenn sem jafnframt eru margir hverjir uppaldir KR-ingar,“ sagði Teitur.



> Framarar fá þjóðverja

Framarar fá góðan liðsstyrk um miðjan aprílmánuð þegar 32 ára gamall þýskur varnarmaður að nafni Frank Tosch gengur til liðs við Safamýrarfélagið. Tosch hefur spilað með Stuttgart í mörg ár og var lengi vel fyrirliði varaliðs þýska stórliðsins en spilaði í neðri deildunum í Þýskalandi á síðasta ári. Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri félagsins, sagði jafnframt við Fréttablaðið að mjög ólíklegt væri að Andri Fannar Ottósson færi frá félaginu til FH og að Jónas Grani Garðarsson kæmi til liðsins í staðinn. „Þetta var hugmynd sem kom frá FH en það hefur ekkert verið aðhafst í þessu. Við höfum engan áhuga á því að láta Andra frá okkur og því er mjög ólíklegt að af þessu verði,“ sagði Brynjar í gær.



Detroit Pistons burstaði Miami Heat í NBA-deildinni:

Náðu sér niður á Wade

KÖRFUBOLTI Einn eftirminnilegasti leikurinn í NBA-boltanum síðustu ár fór fram þann 12. febrúar síðastliðinn. Þá skoraði hinn magnaði leikmaður Miami Heat, Dwayne Wade, 17 síðustu stig Heat gegn Detroit Pistons og tryggði þeim sigur.

Leikmenn Pistons voru ekki búnir að gleyma þeirri útreið er Wade heimsótti liðið í Detroit aðfaranótt fimmtudags. Pistons gjörsamlega pakkaði Wade saman í leiknum og héldu honum í 13 stigum sem er slakasti árangur Wade í ár.

„Þetta er það sem ég vil kalla Detroit-körfubolti,“ sagði Flip Saunders, þjálfari liðsins, eftir leikinn. „Eftir því sem leið á leikinn fórum við að skilja betur þeirra leik og þess vegna tókum við þetta,“ sagði Saunders, en loka-



DWAYNE WADE Fékk óblíðar móttökur hjá leikmönnum Pistons. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

tölur urðu 82-73 og skoraði Miami aðeins 30 stig í síðari hálfleik.

„Þeir pressuðu mig mjög stíft og þvinguðu mig í erfið skot. Samt er ég vanur að setja svona skot niður. Þetta var ekki minn dagur,“ sagði Wade.

- hbg

ÍSÍ mun bregðast við vanda minnihlutahópa

Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, fagnar allri umræðu um málefni minnihlutahópa innan íþróttahreyfingarinnar. Hann segir ÍSÍ gera sér grein fyrir ábyrgð sinni og segir að brugðist verði við vandanum.

ÍÞRÓTTIR Fréttablaðið hefur í vikunni fjallað um stöðu minnihlutahópa innan íþróttahreyfingarinnar en fram kom á hádegisverðarfundum ÍSÍ á dögunum að staða minnihlutahópa innan hreyfingarinnar væri slæm og mál til komið að brugðist yrði við vandanum.

„Við ákváðum að standa fyrir þessum hádegisverðarfundum því við vissum að hreyfingin hefði mjög gott af því að skoða þessi mál betur. Það er ljóst eftir þann fund að íþróttahreyfingin þarf að skoða málið með opnum augum og við megum örugglega gera betur,“ sagði Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, í spjalli við Fréttablaðið í gær.

„Við munum eiga viðræður við Samtökin '78, sem ég hef reyndar fundað með einu sinni, og þess má geta að ÍSÍ mun gera laga-breytingu sem verður til þess að orðið kynhneigð verður tekið inn í löginn hjá okkur. Svo ætlum við að vera í finu samstarfi við Alþjóðahúsið því við höfum tekið eftir því í Evrópu og á Norðurlöndunum að íþróttahreyfingin spilar mjög stóran þátt í því að hjálpa innflytjendum að komast inn í samfélagið. Við erum kannski ekki komnir langt í okkar vinnu og umræðu en það var nauðsynlegt að opna málið og frábært að heyra þær athugasemdir sem komu fram á fundinum. Það er alveg ljóst að við munum bregðast við þessum vanda,“ sagði Stefán.

Meðal þeirra hugmynda sem kastað hefur verið fram er að ÍSÍ ráði starfsmann sem muni sjá alfarið um málefni minnihluta-



STEFÁN KONRÁÐSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI ÍSÍ Segir fullan hug innan ÍSÍ að rétta stöðu minnihlutahópa innan íþróttahreyfingarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

hópa innan íþróttahreyfingarinnar. Hvernig leggst sú hugmynd í Stefán?

„Við getum ekki klárað það strax í dag sökum fjárhagsáætlana sem eru í gangi. Ég sé samt fyrir mér að við og menntamálaráðuneytið gætum slegið saman í þetta verkefni. Það væri fínt að fá einstakling í að taka út málefni samkynhneigðra og innflytjenda

og koma þeim í einhvern farveg,“ sagði Stefán. Fram undan hjá ÍSÍ er íþróttahópi í lok apríl og Stefán gerir ráð fyrir að á því þingi verði ályktað um málefni minnihlutahópa til að opna hreyfinguna. Í kjölfarið geti hafist vinna og viðræður við þá sem þurfa að koma að málinu. Mikilvægast hafi verið að opna málið og koma umræðunni í gang.

henry@frettabladid.is

Málefnaþing framsóknarmanna í Reykjavík á morgun laugardag

Kjördæmissambönd Framsóknarflokksins í Reykjavík boða til málefnaþings í kosningamiðtöðinni Suðurlandsbraut 24 næstkomandi laugardag 25. mars, frá klukkan 13-16.

Allir flokksbundnir framsóknarmenn í Reykjavík eru hvattir til þátttöku í þinginu.

Á málefnaþinginu verður lögð lokahönd á málefnavinnu Framsóknarflokksins vegna borgarstjórnarkosninganna í Reykjavík 27. maí næstkomandi.



FRAMSÓKNARFLOKKURINN

DV

Hefur þú séð DV í dag?

Skúringakona grunuð um að ræna heimabanka

Tvær milljónir hreinsaðar út af reikningi starfsmanns Brimborgar

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MARS						
21	22	23	24	25	26	27
Föstudagur						

LEIKIR

- ☐ 19.15 Keflavík og Grindavík mætast í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta.
- ☐ 19.15 Fylkir og Stjarnan mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- ☐ 19.15 FH og Þór Ak. mætast í DHL-deild karla í handbolta.

SJÓNVARP

- ☐ 19.30 Meistaradeildin á Sýn. Fréttabáttur.
- ☐ 20.00 Motorworld á Sýn.
- ☐ 20.25 Súpersport á Sýn.
- ☐ 21.30 World Poker á Sýn. Heimsbikarinn í póker í Las Vegas.
- ☐ 23.00 NBA á Sýn. Bestu leikirnir.

Enn eitt kynþáttahatursmálið á Spáni komið upp:

Kynþáttahatrið komið í handboltann á Spáni

HANDBOLTI Það er ljóst að Spánverjar þurfa að taka á sívaxandi kynþáttahatri íþróttahorfenda í landinu. Það þarf vart að fjölyrða um allt sem gengið hefur á hjá Samuel Eto'o, leikmanni Barcelona, síðustu árin en síðast ætlaði hann að ganga af velli þegar svívirðingarnar úr stúkunni gengu algjörlega fram af honum.

Nú er vandinn farinn að láta á sér kræla í handboltanum á Spáni en hinn öflugi franskur varnarmaður Didier Dinart, sem leikur með Ólafi Stefánssyni hjá Ciudad Real, lenti í miður skemmtilegri uppákomu er Ciudad mætti Valladolid.

Dinart fékk nóg af kynþáttahatrinu úr stúkunni, sem var óvenju slæmt að hans mati, og kvartaði hann við dómara og eftir-



DIDIER DINART Tekur hér á Ólafi Stefánssyni í leik Íslands og Frakklands fyrir EM. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

litsmenn en án árangurs. Hann lenti að lokum í rífrildi við áhorfendur og aðstandendur leiksins sem endaði með því að honum var vísað í það með rautt spjald.

Dinart sagðist eftir leikinn aldrei hafa heyrt annan eins viðbjóð úr stúkunni.

- hbg / - aðe

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Iceland-Express deild kvk:

HAUKAR-ÍS 76-66
Stig Hauka: Helena Sverrisdóttir 18, Megan Mahoney 18, Hanna Hálfánardóttir 11, Pálína Gunnlaugsdóttir 9, Unnur Jónsdóttir 8, Sigrún Ámundadóttir 7, Krístrún Sigurjónsdóttir 5.
Stig ÍS: María Conlon 25, Helga Þorvaldsdóttir 20, Signý Hermannsdóttir 7 (9 varin skot), Helga Jónasdóttir 6, Hanna Kjartansdóttir 4, Þórunn Bjarnadóttir 2, Lovísa Guðmundsdóttir 2.

Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Hauka

Andy Cole:
Spilar ekki meira í vetur

FÓTBOLTI Manchester City staðfesti í gær að tímabilinu hjá framherjanum Andy Cole væri lokið þar sem hann hefði gengist undir aðgerð á hné. Cole skaddaði liðbönd í hné í leik gegn Charlton í febrúar. Aðgerðin sem gerð var í kjölfarið skilaði litlu og því varð hann að leggjast aftur undir hnífinn.

Þetta eykur enn á vandræði Stuarts Pearce, Stjóra Manchester City, en í vikunni kom einnig í ljós að hinn funheiti framherji, Giorgio Samaras, verður frá keppni í nokkrar vikur.

- hbg

Úrslitakeppni Iceland-Express-deildar kvenna hófst í Hafnarfirði í gærkvöldi:

Köstuðum sigrinum frá okkur

KÖRFUBOLTI Haukar unnu ÍS í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum Iceland-Express deildar kvenna í gær. ÍS var yfir í hálfleik en slæmur seinni hálfleikur gerði útslagið.

Fyrsti leikhlti var vægast sagt kaflaskiptur. Haukastúlkur komust í 8-0 en ekkert gekk hjá ÍS að koma boltanum í körfuna. Þá tók við svipaður kafli hjá Haukum þar sem ekkert gekk, ÍS tók öll völd á vellinum og tókst að komast yfir í 9-8. Leikar jöfnuðust svo og staðan eftir fyrsta leikhltu var 13-12.

Vörn ÍS var feikilega sterk þar sem Signý Hermannsdóttir var fremst í flokki en hún varði alls sjö skot í fyrri hálfleiknum. Helga Þorvaldsdóttir stal senunni í sókninni en þá skoraði hún átján stig, allt með þriggja stiga skotum úr níu tilraunum. Í hálfleik var staðan 38-30 fyrir gestina sem kom mikið á óvart sé tekið mið af þeirri yfirburðastöðu sem Haukar höfðu í deildinni í vetur.

Haukar byrjuðu síðari hálfleikinn mun betur og náðu að jafna og komust í kjölfarið fjórum stigum yfir án þess að ÍS næði að svara. Gestirnir skoruðu aðeins þrjú stig á fyrstu sex mínútum fjórðungsins



LAGT Á RÁÐIN Það var allt annað að sjá til Haukastúlkna í síðari hálfleik eftir að þjálfarinn Ágúst Björgvinsson hafði lesið yfir þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

og virtust heillum horfnir. Haukar náðu góðu forskoti og voru fimm stigum yfir fyrir síðasta leikhlutann. Í honum voru Haukastúlkur sterkari og náðu upp góðu forskoti sem ÍS tókst aldrei að brúa en lokatölur urðu 76-66, Haukum í vil. „Við klúðruðum þessu sjálf og köstuðum sigrinum frá okkur. Við hendum boltanum hvað eftir annað frá okkur og missum þetta niður vegna eigin klaufaskapar. Við hefð-

um vel getað jafnað þetta undir lokin en það vantaði meiri grimmd og sjálfstraust til að klára þetta,“ sagði Ívar Ásgrímsson, þjálfari ÍS, eftir leikinn. „Einvígið er þó hvergi nærri búið, við fáum annað tækifæri en þá þurfum við að spila jafn vel í fyrri og seinni hálfleik. Ég var mjög ánægður með fyrri hálfleikinn en alveg jafn óánægður með þann seinni.”

- hph



GUÐMUNDUR STEPHENSEN Vann einn leik en tapaði öðrum í gær. Það kom þó ekki að sök. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Guðmundur Stephensen:
Í úrslitaleikinn með Malmö

BORÐTENNIS Guðmundur Stephensen er kominn í úrslitaleikinn í sænsku úrvalsdeildinni í borðtennis með liði sínu Malmö. Liðið vann Halmstad í undanúrslitunum með fimm vinningum gegn fjórum í síðari undanúrslitunum en Malmö vann einnig fyrri leikinn, 5-1. Í úrslitaleiknum mætir Malmö deildarmieisturum Eslövs AI, sem vann Lyckeby 5-1 í hinni undanúrslitaviðureigninni.

Guðmundur spilaði tvo leiki í gær, vann annan 3-1 en tapaði hinum 2-3. Í fyrri viðureign liðanna spilaði Guðmundur einn leik sem hann vann örugglega 3-0.

- hph



GARY NEVILLE Dýrkaður meðal stuðningsmanna United.NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Gary Neville, fyrirliði Manchester United:

500 leikir fyrir United

FÓTBOLTI Gary Neville, fyrirliði Manchester United, markar sport sín í sögu félagsins um helgina þegar hann leikur sinn 500. leik fyrir félagið. Hann verður aðeins sjöundi leikmaðurinn í sögu félagsins til að gera það en Neville á þó enn langt í land með að ná Sir Bobby Charlton sem lék 756 leiki fyrir United á árunum 1956-1973.

Neville varar félagið við því að hann sé hvergi nærri hættur en hann er nánast eini hreinræktaði hægri bakvörðurinn hjá félaginu. Liðið hefur verið orðað við nýja menn í þá stöðu en svar Neville við því er einfalt; „Það er eins gott að hann sé góður þá!“ sagði þessi þritugi baráttuhundur.

„Einhvern tímann verður maður að hætta þessu. Við höfum verið orðaðir við nokkra hægri

bakverði á mínum tíma hjá United, Cafu, Hatem Trabelsi, Cicinho, svo einhverjir séu nefndir en ég man eftir góðu svari sem Ryan Giggs gaf þegar félagið keypti Jesper Blomqvist. Hann sagði: „Það er eins gott að hann sé góður, og því segi ég það nákvæmlega sama þar sem ég er ekkert að fara að gefa sæti mitt eftir svo auðveldlega,“ sagði Neville sem komst í aðallið United árið 1992.

„Það væri góð áskorun ef annar maður kæmi, en ég hef lent í þeim frá því ég var ellefu ára gamall og velt fyrir mér hvort ég væri nógu góður. Ég þarf að halda áfram að spyrja mig þeirrar spurningar þegar ég er búinn að spila yfir 500 leiki fyrir United,“ sagði Neville að lokum.

- hph

LAGERSALA



Verðdæmi

stuttbuxur 500

fótboltaskór frá 500

hlaupaskór frá 2000

síðbuxur 500

eróbikföt frá 500

æfingagallar frá 1000

GÆÐAVÖRUR Á ÓTRÚLEGUM VERÐUM



ÁRMÚLI 17 • sími 581 1212

Opið 10-18 og laugardaga 11-16



IDOL EXTRA LIVE
Í KVÖLD KL 22:00

ÓTRÚLEGIR
HLUTIR GERAST
BAKVIÐ TJÖLDIN!

FYLGSTU MEÐ!



Bæklingurinn gildir frá 23. til 29. mars



RISA

fermingartölvur

2faldur skammtur

MEDION VORTEX III

603815

- Intel Pentium 830 (3.0Hz, 2 MB, FS800)
- Intel SLI motherboard
- GeForce 7800GTX / 256 MB / TV-out / D-SUB/DVI-I
- 500GB (2x250GB Hardir Diskar) (Raid möguleiki)
- 2048 MB DDR2-RAM PC4300 (566MHz)
- DVD-ROM 16x/48x
- 16X Sony DVD Skrifari
- LAN 10/100 Mbit
- IEEE1394/Firewire - DV Ready
- Práðlaust netkort 54Mbps (USB)
- Sjónvarpskort og Fjarstýring
- Medion Media Bay
- Lyklaborð og Mús
- Hugbúnaður --
- Microsoft Windows XP Media Center Edition
- Power DVD 8 channel
- Nero Burning ROM Software
- Nero Recode 2SE (DVD Copy 1:1 Program)
- CA eTrust Antivirus (90 days)
- Mainconcept MPEG2 SW Encoder

6.740*


Pú velur
greiðsluform
sem hentar

19.999**
Vaxtalaust 12 mån.


6.740*
Tölvukauplán 48 mån.

239.988
Staðgreitt

FYLGIR
3.999



nVidia GeForce 7800GTX
Ný kynslóð skjá korta er kominn í
borðtölvur MEDION. Með nVidia
GeForce 7800GTX spilar þú alla
leiki í hámarks gæðum.



DUAL CORE - 2 x 3 GHz
Ný byltning í heimilistölvum - Tveir
örgjörvar á einum og sama kubnum. Allt
að tvöföld afköst í mörgum forritum. Nú
geturðu gert meira á styttri tíma

500GB RAID háhraðadiskur
Tölvan kemur með tveimur 250GB Serial
ATA diskum. Hægt er að spegla diskana til
að tryggja gagnaoöryggi eða þá til að
tvöfalda afköst tölvunnar í diskvinnslu.




2048MB í minni
Keyrðu ögrynni forrita í einu án
hósts með nægu minni og
tveimur örgjörvum. Vertu klár í
framtíðina með Vortex Gamer PC.

SLI tækni 1 -
Bættu við öðru skjá korti
og TVÖFALDAÐU afköstin.
Tryggðu framtíðina með
Medion SLI.




nVidia GeForce 7800GTX
Ný kynslóð skjá korta er kominn í
borðtölvur MEDION. Með nVidia
GeForce 7800GTX spilar þú alla leiki
í hámarks gæðum.

Sjónvarpskort og Fjarstýring
Notaðu tölvuna sem sjónvarp og
upptökutæki. Klippu, geymdu, og
brenndu upphaldssjónvarpsfnið
þitt




DV Ready
Firewire tengi fyrir videovélur
og annan háhraðabúnað.
Notaðu tölvuna sem
klippistúdíó

64 bita örgjörvi
Með nýjustu Intel EM64T
tækninni geturðu keyrt 64 bita
forrit og leiki framtíðarinnar á
mun meiri hraða.



Coolermaster
Ótrúlega öflug en jafnframt
hljóðlátur kælibúnaður með
stjórnborði að framan sem sýnir þér allt sem
skiptir máli varðandi innviði tölvunnar.



310
RMS wött.

FYLGIR
14.999

20" LCD skjár

ViewSonic

4.999*

A MANDI 12 MANDI VAXTALAUST

59.988

+2.299 vaxtalaust með tölvu
Uppfærðu úr 19"!

ViewSonic 20.1" WIDESCREEN LCD
VA2012W

- 1680 x 1050 pixla upplausn
- 8 ms "refresh"
- 300cd/m2 birta
- 600:1 skerpa
- DVI-I tengi
- Innbyggðir hátalarar

24% meira vinnusvæði

Miðað við 19" skjá

Harður diskur

LACIE

301063EK
LACIE 300GB
BRICK USB2 8MB

17.999

Kubbaðu

Taktu afrit af ljósmyndunum!

1. Tengdu diskinn í USB
2. Mappa opnast
3. Þröðu skrárnar/möppurnar yfir.

Fermingartölvur 2006

MEDION V6

607015

MEDION V6 AMD64 3200+

- AMD Athlon64 3200+ (Socket 939)
- nVidia GeForce 6600GT; 128 MB, VGA/DVI-I, TV-out
- 1024 MB DDR-RAM PC3200(4000 MHz)
- 250 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
- FireWire - DV Ready
- Medion Media Bay
- DVD Skrifari
- Hugbúnaður --
- Microsoft Windows XP home
- MS Works 8.5
- Power DVD 8 channel
- Nero Burning ROM Software
- Nero Recode 2SE (DVD Copy 1:1 Program)
- CA eTrust Antivirus (90 days)

DV Ready
Firewire tengi fyrir videovélur og annan
háhraðabúnað. Notaðu tölvuna sem
klippistúdíó

Risa minni!
1GB vinnslu minni tryggir að það er ekkert
hökt í vélinni, þú bara keyrir allt á fljúgandi
hraða. Láttu ekki bjóða þér minna.

Risa Skjá kort!
nVidia GeForce 6000GT- eitt það allra
öflugast í nýjustu leikina! Gerðu kröfur
um það besta.



FYLGIR
4.499

3.525*

3.525*
Tölvukauplán 48 mån.

9.999**
Vaxtalaust 12 mån.

119.988
Staðgreitt

Pú velur
greiðsluform
sem hentar þér



*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða
tölvukaupláni V.I.S. Umsóknin er afgreidd
á staðnum.



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa
og Mastercard skuldbærf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem
bættist við heildarupphæðina og dregist jafnt yfir samningstímann.

Bæklingurinn gildir frá 23. til 29. mars

BT Ferminnar- gjafabók BT

Risavél frá Toshiba!
á litlu verði í BT

Risa örgjörvi!
2.0 GHz Intel Centrino örgjörvi,
allt það afl sem þú þarft á
einum stað. Samþætting við
4GHz Pentium 4 vél í flestri vinnslu.

Risa diskur!
Loksins nóg pláss á
fartölvunni, getur geymt
ögninni kvikmynda og annað sem
tekur mikið pláss t.d. Videovinnslu.

DVD brennari
DVD diskur eru fyrir
löngu orðnir normið í
tölvum í dag, ekki kaup
tölvu án þess!


Veldu Toshiba!
Toshiba fann upp fartölvuna fyrir meira en 20 árum og hefur verið
leiðandi í þróun, hönnun og sölu á þeim alla tíð síðan. Toshiba hefur
ávallt verið þekkt fyrir hæstu gæði og bestu þjónustu sem völ er á -
spurðu þá sem eiga Toshiba.

20th
anniversary

✓ **2GHz** Örgjörvi
✓ **1GB** Vinnsluminni
✓ **100GB** Harður diskur
✓ **ATI X700** Skjákort

Trust
Fartölvutaska

FYLGIR



OPIÐ TIL
22:00
ALLA DAGA
Í BT SKEIFUNNI



TOSHIBA Satellite

- Toshiba Satellite M70-133**
PSM71E-02000LED
- Intel® Pentium® M 760 2.0 GHz (Dothan)
 - 1GB DDR2 (533) vinnsluminni - mest 2GB
 - 100GB (5400rpm) S.M.A.R.T - SATA harður diskur
 - 15.4" TruBrite Breiðtjaldsskjár 1280x800 upplausn
 - MOBILITY™ RADEON® X700 Skjástyring
 - Super DVD Multi brennari
 - MediaBay kortalesari - Les öll helstu minnskort
 - Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
 - i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0 - DV Ready
 - Aðeins 2,71 kg
 - Rafhlöðuending 2:26:00 klst. (Mobile Mark™)
 - 2 ára alþjóðleg ábyrgð



• **4.040***

Þú velur greiðsluform
sem hentar þér

4.040*
Tölvukauplán 48 mán.

11.599**
Vaxtalaust 12 mán.

139.988
Staðgreitt



*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupláni V.I.S.
Úmsóknin er afgreidd á staðnum.



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðarlegar jafnar greiðslur á Visa og Mastercard skuldaþref með
3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dregist jafnt yfir samningstímann.

Lyklaborð

Logitech
967560-0106
LOGITECH
MEDIA KEYBOARD

Nýtt

1.499

Harður diskur

Western Digital
200GB
7200RPM ATA100 8MB

Gerðu verðsamanburð

6.999

Netmyndavél

Trust
14383-TRU
TRUST NETMYNDAVÉL
WB-3400T

Rugl verð

1.999

Prentari

hp
invent
C9045B
HP DESKJET 5440

Rugl verð

6.999

Elder Scrolls 4

Elder Scrolls IV : Oblivion
PC Xbox 360
Loks kemur fjórði kaflinn í þessum
magnaða hlutverkaleik. Stigðu inn í
heim þar sem grafíkinn er hreint
ótrúlega vel gerð og umhverfið
raunverulegra en allt
sem þú hefur áður séð. Einn sá besti

XBOX
PC-LEIKUR

3.999

lendir á föstudag

The Godfather

Godfather er ein besta kvikmynd allra tíma. Sem
ótrúlegur bófi er það þitt hlutverk að framkvæma
allskyns smá verkefni og koma þér inn í aðal
fjölskylduna... Coreleone. Þegar þangað er komið
er verðurðu að gera það sem sem af þér er krafist
til að styrkja Corleone og hans menn í að ná
yfirráðum yfir New York.
Flestir sem prufað hafa leikinn telja hér sé á
ferðinni leikur sem slær út sjálfan Grand Theft
Auto. Hægt er að ferðast frjálst um borgina á alls
kyns bilum ásamt því að taka að sér smáverkefni.

Playstation 2 and XBOX

5.799

4.999
PC verð

Buzz - The Big Quiz

Buzz : The Big Quiz PS2
Nýji Buzz leikurinn er kominn. Nú er
spurningarnar meira í ætt við Trivial
Pursuit... og miklu skemmtilegri ef það
er hægt... Ef þú áttir ekki séns í
Meistarann er þinn tími komin. Sýndu
öllum að þú ert líka uppfullur af alls kyns
fróðleik um allt og ekkert. Nú geta líka
allt upp í 8 spilað saman.

3.999

PlayStation 2

Harry Potter DVD

Harry Potter og Eldbikarinn
(2 diska útgáfa)
M/ Íslenskum texta...
Þegar nafn Harrys Potter kemur upp úr
Eldbikarinn fær hann að taka þátt í
strangri keppni milli þriggja
galdraskóla, eða Prigaldrakeppninni.
En þar sem Harry skræði sig aldrei til
leiks, hver gerði það þá? Áður en svarið
færst eru þrautir sem leysa þarf og ekki
hættulausar.

1.999

PSP tilboð

19.999

22.999

6000 kr.
lækkun í
takmarkaðan tíma

Einn af eftirfarandi
leikjum fylgir með!

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I am the Sherminator, a sophisticated sex robot sent through time to change the future for one lucky lady.“

Svar:
Sherman úr kvikmyndinni American Pie 2 frá árinu 2001

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **BERGSTEINI SIGURÐSSYNI** VAR KOMIÐ Í OPNA SKIÐLDU

Óbærileg lággúra tilverunnar



HEIDI KLUM Lendir í Tískuprættum á miðvikudögum.

Ég vona að hver sem ber ábyrgð á því að þessi þáttur er á dagskrá RÚV hengi haus af hreinræktaðri skömm. Skjár einn og Stöð tvö hafa sér það þó til afsökunar að hafa byrjað að sýna raunveruleikasjónvarp þegar það var nýtt, ferskt og skemmtilegt. Vissulega ætti að vera búið að henda 90 prósentum af því í ruslið núna, en það er sýnu verri hugmynd að setja þætti af þessu tagi á dagskrá í fyrsta sinn árið 2006. Og það á Ríkissjónvarpinu, sem ég vonaði að væri hafið yfir svona hroða. Raunveruleikaþættir í Ríkissjónvarpinu er álíka góð hugmynd og að bjóða upp á kasúlðið minkshræ sem fannst úti í vegkanti í matarboði fyrir bestu vini sína og vandamenn. En svona til að vera jákvæður, þá sá ég líka þýskan þátt um galdrafárið í Evrópu. Hann var finn.

22.10
Kvikmyndir

TAGGART: PENTHOUSE AND PAVEMENT

20.30
Keppni

IDOL – STJÖRNULEIT

22.00
Spjall

IDOL EXTRA LIVE

22.30
Lífstíll

CELEBRITIES UNCENSORED

20.00
Golf

US PGA TOUR 2005

SNÓNVARPIÐ

2

SIRKUS

SKJÁREINN

SÝN

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Ævintýri H.C Andersen (4:26) 18.25 Dala-bræður (9:12)

6.58 Ísland í bitið 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.05 Það var lagið 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05

Home Improvement 13.30 The Comeback 13.55 Joey 14.25 Secrets of New York's Luxury Homes 15.15 Night Court (16.00 Nýja vonda nomin 16.25 Skrimslaspiðið 16.45 Scooby Doo 17.10 Litlu vélmennin 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.10 Latibær
20.40 Disneymyndin – Litlu njónsarnarir (Little Spies) Bandarísk fjölskyldu-mynd frá 1986 um krakka sem reyna að bjarga hundi úr þrú.
► 22.10 Taggart – Pakhýsi og gangstétt (Taggart: Penthouse and Pavement) Skosk sakamálamynd þar sem vösk sveit rannsóknarlögreglumannna í Glasgow fæst við snúið sakamál. Vinsæll spennusagnahöfundur finnst myrtur morguninn eftir útgáfuteiti og lögg-urnar verða að reyna að finna morð-ingjann áður en fleiri liggja í valnum. Bönnuð börnum.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.00 Ísland í dag
20.00 Simpsons (11:21)
► 20.30 Idol – Stjörnuleit Fjórir eru eftir í Idol-stjörnuleitinni og keppa til úrslita í beinni útsendingu og verður það á valdi áhorfenda að skera úr hverjir komast áfram með simakosningu.
22.00 Punk'd (16:16)
22.25 Idol – Stjörnuleit (Smáralind 9 – atkvæðagreiðsla) Úrslit simakosninga.
22.50 Listen Up (22:22) (Takið eftir) („Last Vegas“) Þegar ákveðið er að senda Tony og Bernie til Las Vegas til að kynna íþróttapáttinn sér Tony fyrir sér skemmtilega strákaféð.

23.25 Skiðamót Íslands (2:4) 23.45 Óvinur við borgarhlíðin (Stranglega bönnuð börnum (e)) 1.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

23.15 Black Point (Str. b. börnum) 1.00 Veronica Guerin (B. börnum) 2.35 Dinner Rush (Str. b. börnum) 4.10 Simpsons 4.35 Fréttir og Ísland í dag 6.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

18.30 Fréttir NFS
19.00 Ísland í dag
20.00 Sirkus RVK (e)
20.30 Fabulous Life of (17:20) Í þessum frá-bæru þáttum er farið á bak við tjöldin með þotuliðinu í Hollywood.
21.00 Splash TV 2006 (e)
21.30 Idol extra 2005/2006 (e)
► 22.00 Idol extra Live Bein útsending frá Smáralindinni þar sem Svavar Örn fer með okkur á bak við tjöldin á meðan þjóðin kys sitt upphald.
22.30 Supernatural (6:22) (e) Zach, vinur Sam, er sakaður um morð. Þegar Sam hittir Rebekku, systur Zach,segir Rebekka Sam að Zach hafi verið með sér þegar morðið var framið. Bönnuð börnum.

23.15 X-Files (e) 0.00 Laguna Beach (14:17) (e)

19.00 Cheers
19.20 Fasteignasjónvarpið
19.35 Everybody loves Raymond (e)
20.00 One Tree Hill Þættirnir gefa trúverð-uga mynd af lífi og samskiptum nokk-urra ungmenna í bænum One Tree Hill, þar sem stormasamt samband hálfbræðranna og fjandvinanna Nathans og Lucasar er rauður þráður.
20.50 Stargate SG-1
21.40 Ripley's Believe it or not!
► 22.30 Celebrities Uncensored í Celebrities Uncensored er hægt að fylgjast með upphalds stjórnum sínum eins og maður hefur aldrei séð þær áður.

23.15 Sigtíð (e) 23.45 Strange (e) 0.45 Law & Order: Trial by Jury (e) 1.30 The Bachelor VI (e) 2.20 Sex Inspectors (e) 2.55 Tvöfaldur Jay Leno (e) 4.25 Östöðvandi tónlist

18.00 Íþróttaspjallið 18.12 Sportið

18.30 US PGA 2005 – Inside the PGA T (US PGA í nærmynd) Víkulegur fréttabáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt.
19.00 Gillette World Sport 2006 (Gillette Sportpakkinn) Íþróttir í lofti, láði og legi.
19.30 UEFA Champions League (Meistaradeild Evrópu fréttabáttur) Allt það helsta úr Meistaradeildinni.
► 20.00 US PGA Tour 2005 – Bein útsending (The Player's Championship)

23.00 World Supercross GP 2005-06 0.00 NBA 2005/2006 – Regular Season (Indiana – Detroit)

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Life as a House (B. börnum) 8.05 Wish-ful Thinking 10.00 The Importance of Being Earne 12.00 Pelle Politibil 14.00 Wishful Thinking 16.00 The Importance of Being Earne 18.00 Pelle Politibil 20.00 Life as a House Arkitektinn George Monroe, 45 ára, stendur á krossgötum. Bönnuð börnum. 22.05 Blood Work Terry McCaleb er fyrrverandi alríkislög-reglumaður. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 8 Mile (B. börnum) 2.00 Jackass: The Movie (Str. b. börnum) 4.00 Blood Work (Str. b. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story 13.00 E! News 13.30 Gastineau Girls 14.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 18.00 Gastineau Girls 18.30 Gastineau Girls 19.00 E! News 19.30 Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad 20.00 The E! True Hollywood Story 21.00 101 Most Shocking Moments in Entertainment 22.00 Rich Kids: Cattle Drive 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 E! News 0.30 Extreme Close-Up 1.00 Style Star 1.30 Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad 2.00 The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endur-sýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

7.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ 8.00 Að leikslokum 14.00 West Ham – Portsmouth frá 18.03 16.00 Bolton – Sunder-land frá 18.03 18.00 Man. City – Wigan frá 18.03
20.00 Upphitun
20.30 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e)
21.30 Arsenal – Charlton frá 18.03
23.30 Upphitun (e) 0.00 Fulham – Chelsea frá 19.03 2.00 Dagskrárlök



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Idol – stjörnuleit

Stöð 2, kl. 20.30

Best klæddu dómarar landsins verða á staðnum og meta frammi-stöðu keppenda.



Amerískt rokk, popp og kántrí í Idol – stjörnuleit

Nú þegar aðeins fjórir keppendur eru eftir þá hefur verið ákveðið að bjóða upp á tvö þema í einum og sama þættinum. Þar með munu keppendur syngja tvö lög hver. Fyrra þemað er helgað bandarískri tónlist. Munu krakkarnir þá taka lög með nokkrum af allra skærustu stjórnnum bandarískrar popp- og roksögu og feta í fótspor ekki ómerkari söngvara en Elvis Presley, Michael Jackson, Whitney Houston og Axl Rose úr Guns’n’Roses. Í síðara þemanu halda þau sig í vestrinu, setja upp kúrekahatt og spora og syngja lög vel þekktra söngva sem jafnan eru kenndir við kántrítónlist. Má því með sannri segja að þá reyni ræki-lega á breidd og fjölbærni keppanda meðan hljómsveitin Ísafold leikur undir.



► 21.10

Fréttir

48 HOURS



7.00 Ísland í bitið 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþrótt-fréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisd-fréttaviðtal 13.00 Íþróttir/lífsstíll 14.00 Hrafnáþing/Miklabraut 15.00 Fréttavaktin eftir hádegi

18.00 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir/veður 20.00 Fréttir 20.10 Kompás (e) Íslenskur fréttaskýringar-þáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. 21.00 Fréttir ► 21.10 48 Hours (48 stundir)(Bookies Wife) Bandarískur fréttaskýringaþáttur. 22.00 Fréttir Fréttir og veður 22.30 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjáSigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/Íþróttir/veður 0.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.50 Bæn 7.05 Morgunvaktin 9.05 Óskastundin 9.45 Leikfimi 10.13 Sagnaslóð 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Fréttir 12.45 Veður 12.50 Dánarfregnir 13.00 Vitt og breitt 14.03 Útvarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Uppá teningnum 16.13 Fimm fjórðu 17.03 Viðsjá 18.25 Spegillinn 19.00 Lög unga fólksins 19.30 Samfélagið í nærmynd 20.30 Kvöldtónar 21.00 Sögumenn: Ég fann lyktina af kaffinu 22.15 Lestur Passíu-sálma 22.22 Pipar og salt 23.00 Kvöldgestir 0.10 Útlarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunþáttur Rásar 2 9.05 Brot úr degi 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.00 Fréttir 16.10 Síðdegisútlarpið 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Geymt en ekki gleymt 22.10 Næturvaktin 0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitið 9.00 Ívar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN FM 99,4 ÚTLARP SAGA FM 95,7 Effemm / Zúuber tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

3	1	5	2	4	9	6	8	7
7	8	9	3	5	6	1	2	4
2	4	6	8	1	7	5	9	3
1	7	3	9	2	4	8	6	5
8	9	4	5	6	3	7	1	2
6	5	2	1	7	8	3	4	9
9	3	1	7	8	2	4	5	6
4	2	8	6	3	5	9	7	1
5	6	7	4	9	1	2	3	8

					3		2	
2			5			4		
	1			9	8			
5		9					3	
		2				9		
	8					7		2
			7	4			6	
		8			5			9
	6		3					

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



Heyrumst!

IDOL-STJÖRNUR ÁRITA Í VERSLUN OG VODAFONE Á GLERARTORGI Á MORGUN KL. 11:30 - 13:00

ÞITT ATKVÆÐI TELUR

AMERÍSKT POPP, ROKK OG KÁNTRÍ

4 manna úrslit í Idol-Stjörnuleit – í kvöld kl. 20:30 og 22:30



GOTT FÓLK MCGANN



HRÓSIÐ

...fá Þröstur, Þórhallur og Stefán, sem eru nemendur í Kennaraháskóla Íslands, fyrir að halda styrktartónleika fyrir Blátt áfram í stað þess að gera hefðbundið lokaverkefni.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 örverpi 6 austurland 8 örn 9 fjör 11 vafi 12 dá 14 óbundið mál 16 skammstöfun 17 saur 18 struns 20 númer 21 terta. LÖÐRÉTT 1 rétt 3 guð 4 fargið 5 tikk 7 avó-kadó 10 samstæða 13 net 15 innýfla 16 ris 19 karlkyn.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 urpl, 6 al, 8 arf, 9 tæp, 11 ef, 12 trans, 14 prós, 16 þe, 17 tað, 18 ark, 20 nr, 21 kaka. LÖÐRÉTT: 1 satt, 3 ra, 4 pressan, 5 tí, 6 þá, 7 lápera, 10 par, 13 nó, 15 löra, 16 þak, 19 kk.

[VEISTU SVARIÐ]

Svörin við spurningum á síðu 8

- 1. Páll Magnússon.
- 2. Spáni.
- 3. Örn Elías Guðmundsson.

Zappa plays Zappa

Miðasala hefst 2. apríl

REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR VILL LEGGJA LÖGBANN Á VERKFÖLL HEILLADÍSANNA

Góðir hlutir henda þá sem bíða!

Það er svo furðulegt hvað sumir dagar geta verið manni óhagstæðir. Þá er það sennilegast vegna þess að staða tunglanna er eitthvað úr takti eða tunglið sjálft jafnvel fullt. Þá virðist sem svo að allt sem maður gerir eða segir komi rangt út og maður óskar þess að hafa aldrei farið fram úr rúminu eða opnað á sér munninn þann daginn. Ég lenti í einum svona óheilladegi um daginn þar sem heilladísirnar virðast hafa verið í verkfalli.

Ég fór á smá tjútt með vinkonunum þennan fræga föstudag. Klæddi mig í hvítan blúndukjól yfir gallabuxurnar og vandaði mig við að setja ekki einn dropa í hann. Svo fórum við niður í bæ í leigubíl til að halda áfram tjúttinu. Þegar við vorum komnar á skemmtistaðinn segir ein mér að eitthvað undarlegt sé á seyði aftan á mér. Þá hafði blessaður leigubílstjórinn verið svo vænn að skilja súkkulaði eftir í farþegasætinu þar sem ég sat og stimplað svona líka hressilega á mér bossann. Ég lýsti yfir neyðarástandi og við rukum inn

á snyrtinguna til að bjarga því sem bjargað varð. Nýja dressið heppnaðist reyndar undarlega vel.

Í bjartsýni minni hélt ég áfram að skemmta mér og trúði því að óhöppin þann daginn væru yfir gengin. Þegar langt var liðið á nóttina héldum við á pizza-stað til að fá okkur smá bita fyrir svefninn. Þar hitti ég einn myndarlegan og hressan mann. Við höfðum alltaf verið svolítið spennit fyrir hvort öðru og hann fór að tala við mig. Til að vera svaka sætur bauð hann mér lakkrísmola sem hann var með í poka. Ég veit reyndar ekki hvað hann var að gera með nammipoka fullorðinn maðurinn svona um miðja nótt. En ég þorði ekki annað en að segja já takk og brosa. Þegar ég hafði stungið molanum upp í mig og tuggið hann spurði hann mig hvað væri að fréttu og ég svaraði. Nema hvað að mér tókst einhvern veginn að frussa einum litlum bita á öxlinu á honum. Við urðum bæði hálfkjánaleg en þóttumst hvorugt hafa tekið eftir þessu litla frusslsýsi. Svo var mér rétt pizzasneið og

þegar ég þakkaði vinkonunni fyrir hana skellti hún upp úr. Þá var ég með lakkrísklessur á milli allra framtannanna. Á þessum tímapunkti ákvað ég að þetta væri einfaldlega ekki minn dagur, gafst upp og hélt heim á leið.

Eftir þennan hrika-lega óskemmtilega dag tók ég þá ákvörðun að hér eftir, ef ég fyndi að heilladísirnar væru vant viðláttnar, væri best að halda sig inni. Það er öllu öruggara að bíða bara og láta svo ljós sitt skína við betra tækifæri. Einhver sagði líka að góðir hlutir hendi þá sem bíða!



MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR Sendi á föstudaginn sakleysislegan póst til vina og vandamanna þar sem hún bað um hagnýta hluti sem senda mætti til Namibíu en viðbrögðin voru meiri en hún átti von á.

FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA

MARÍA KRISTJÁNSDÓTTIR: Í HLOTVERKI HRÓA HATTAR?

Útrás í þágu góðs

Á föstudaginn sendi María Kristjánsdóttir, leikskólakennari í Hafnarfirði, bestu vinum sínum tölvupóst þar sem hún bað þá um að athuga hvort þeir ættu einhverja hluti sem gætu nýst í Namibíu. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og hinn sakleysislegi póstur undir nafninu „Útrás í þágu góðs“ fór eins og eldur í sinu á milli netverja. Í tölvupóstinum kom fram að nokkrar konur væru að reyna koma af stað leiksóla og hefðu fengið húsnæði en allt annað vantaði.

Síminn hafði ekki stoppað hjá Maríu þegar Fréttablaðið náði tali af henni við skipið í Reykjavíkurböfn. Reyndar var hún að drífa sig upp í Árbæ þar sem hennar biðu ritföng og fleira. „Það var eigin-

lega hending að ég svaraði símanum núna,“ segir hún og hlær. „Þetta er búið að vera þvílíkur dagur og ég er alveg í skýjunum,“ bætir hún við. Forsagan er sú að fyrrverandi eiginmaður Maríu hefur búið átta ár í Namibíu og rekur þar útgerð ásamt syni þeirra. Þeir festu nýlega kaup á þriðja skipinu sem á að gera út þaðan en þegar María skoðaði fleyið fannst henni allt rýmið sem á að vera undir fiskinn vera heldur illa nýtt. Namibía er mjög fátækt ríki og fjöldi fólks á þar sárt um að binda og því ákvað María í samráði við feðgana að slá tvær flugur í einu höggi og nýta ferðina til að koma þangað hlutum sem nýst gætu þeim sem vilja bæta hag barna og kvenna. „Þetta er eigin-

lega alveg lyginni líkast,“ segir María. „Fólk hefur verið að bjóða okkur heilu dánarbúin og frystikistur,“ útskýrir hún og segist helst þurfa að hafa áhyggjur yfir því að eitthvert pláss verði eftir fyrir skipverjana sem sigla með skipinu. „Mér líður eiginlega eins og Hróa Hetti,“ bætir María við en hún og dóttir hennar höfðu setið sveittar við að svara símanum frá gjafmildum almenningi allan daginn.

Sjálf hefur María aldrei farið til Namibíu og telur ekki miklar líkur á að það gerðst í bráð, allavega fari hún ekki með skipinu og afhendi gjafirnar sjálf. „Ég myndi ekki fara nema hægt væri að keyra þangað,“ segir hún og hlær.

- freyrgigia@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hallgrímur Geirsson óskaði sem kunnugt er eftir því á dögnum að stjórn Árvakurs, útgefanda Morgunblaðsins, veitti honum lausn frá störfum sem framkvæmdastjóri félagsins. Hallgrímur lét það fylgja ósk sinni að hann væri sannfærður um að nú væri rétti tíminn fyrir hann að axla sín skinn. Hallgrímur hefur verið viðloðandi yfirstjórn Árvakurs árum saman og þýkir

ákvörðun hans til marks um það að breytinga sé að vænta hjá Mogganum sem hefur átt undir högg að sækja á fjölmiðlamarkaði síðastliðin ár. Leitin að eftirmanni Hallgríms er hafin og sá kvittur er kominn á kreik að Sigurður G.

Guðjónsson, stjórnarformaður Árs og dags, útgáfufélags blaðsins Blaðsins, sé tilvalinn til starfans. Sigurður hefur margsannað sig sem öflugur og nútímalegur stjórnandi og þess er skemmt að minnast að hann kom Stöð 2 á réttan kjöl fyrir nokkrum misserum þegar stöðin var komin

að fótum fram og öll sund virtust lokuð. Árvakur væri þá heldur ekki að leita langt yfir skammt þar sem félagið eignaðist

á dögnum helmings hlut í Ari og degi og Sigurður G. er því nú þegar nánast innmúraður í Árvakursveldið. - þþ

LEIÐRÉTTING

Í frétt um ljósmyndasýningu Friðriks Arnar Hjaltested ljósmyndara sem birtist í Fréttablaðinu 22. mars, var það nokkuð á reiki hvar sýningin er haldin nákvæmlega. Það er því hér með áréttað að ljósmyndasýningin 10.000 stendur nú yfir í sýningarsal Ljósmyndasafns Reykjavíkur á 6. hæð Grófarhússins í Tryggvagötu 15 sem einnig hýsir aðalsafn Borgarbókasafns Reykjavíkur. Við þetta má svo bæta að aðsóknin að safninu hefur tuttugufaldast á síðustu fimm árum eftir að það flutti í Grófarhús.

Hættur að eltast við fræga fólkið

Kristján Þorvaldsson er hættur á Séd&Heyrt en hann hefur rittstýrt tímaritinu allt frá stofnun þess. Kristján tók sér vetrarfrí og segir að á meðan hann var í fríinu hafi hann áttað sig á að það væri tíma-bært að hætta.

„Ég sagði því upp með þriggja mánaða fyrirvara frá og með næstu mánaðamótum en sá strax að það er ekkert vit í því í þessum bransa að vera að vinna einhverja þrjá mánuði og ákvað að hætta strax.“

Kristján handsalaði starfslokin við stjórnendur Fróða, sem gefur Séd&Heyrt út, fyrir skömmu en gekk formlega frá málinu í gær. „Fyrirtækið gerði ágætlega við mig,“ segir Kristján og hefur litlar áhyggjur af framtíðinni. „Það er

ofboðslega góð tilfinning að vera laus enda var ég farinn að ihuga þetta fyrir rímu ári en hugsaði þá að það væri helvíti flott að klára tíu ár og sá áfangi náðist núna í mars.“ Hvað framtíðina varðar segir Kristján að það sé ekkert fast í hendi en hugurinn stefni ekkert sérstaklega til frekari starfa í blaðamennsku. „Það er ekki útilokað en það eru aðrir hlutir sem ég horfi til,“ segir Kristján sem saknar þess ekkert sérstaklega að atast í fallega og fræga fólkinu. - þþ

KRISTJÁN ÞORVALDSSON Kveður Séd&Heyrt eftir tíu ára starf en hefur engar áhyggjur af blaðinu. „Það féll strax í kramið og hefur fest sig í sessi. Ég efaðist aldrei um að það væri grundvöllur fyrir útgáfunni þó að ýmsir hefðu ekki verið á sama máli.“



TÚNFISKUR SKÖTUSELUR ÞORSKHNAKKAR HÖRPUKSEL

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnóðarvogi 44, sími 588 8686

opið alla laugardaga 10-14



Mitt kort með þinni Idolstjörnu

Nú geturðu fengið Idolstjörnuna þína á Mitt kort.
Allar myndirnar eru á landsbanki.is



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is





BAKANKAR
SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR


Íslenska heims- veldiskrónan

Alltaf er öfundin söm við sig. Ekki erum við fyrr farin að kaupa Danmörku en eitthvert dusilmenni í Danske Bank rifur upp á sér skoltinn og brúkar munn. Það á að girða niður um svona pilta, leggja þá á stokk og hýða þá. Hin íslenska króna að veikjast? Ekki nema það þó!

ÍSLENSKA krónan er hörð og sterk. Maður þarf ekki annað en bíta í hana til að vita það og það er sama hvað maður þaplar á henni, hún gefur sig ekki. Hinn danski falsspámaður ætti að skyrpa henni út úr sér. Hún fer ekki vel í kjafti hans. Það eru til mýkri efni handa honum. Og þegar sá dagur kemur að við sýnum Dönum miskunn og bjóðum þeim að flytja á Holtavörðuheidi vegna þess að þeir buðu okkur Íslendingum einu sinni að flytja á Jótlandsheidiar, þá legg ég til að pilturinn verði gerður að fjárhirði. Sauðkindin er það eina fé sem honum er treystandi fyrir.

Á meðan höldum við okkar kúrs, kaupum líka England, Lúxembúrg, Búlgaríu og Eystrasaltslöndin. Litháar ku eiga slíkar fúlgur í fórum sínum að við getum lagt niður félagslega kerfið þegar við höfum komið höndum yfir þær. Vinir okkar, Frakkar, setjast að á Miðnesheiði fyrst amríski herinn, svo réttsýnn og rogginn, er hættur að rétta okkur eitthvað í gogginn. Verst hvað franska eldhúsið er allt mun rýrara en það ameríska. En það er allt í lagi. Með mætti krónunnar stækkum við það bara. Hver vill ekki frekar fullan disk af foi gras með flösku af góðu rauðvíni en hamborgurum og frönskum með kókglassi? Hver vill ekki full sjónvörp og bíóhús af frönskum framhaldsbáttum og kvikmyndum þar sem menn láta gáfulega dæluna ganga svo smurt að þeir þurfa ekki að eyða dýrmætum tíma okkar í öndun og kúnstpásur? Svo kaupum við Ameríku eftir sextíu og tvö ár fyrir íslenska krónu. Það hefur skapast hefð fyrir slíku hér.

EN það er ekki nem von að Dönum sé brugðið. Þarna dundu þeir sér árum saman við að þjarka um það hvort þeir ættu að tilheyra Evrópusambandinu og lögdust svo yfir það vonlausa verkefni að stauta sig fram úr skýrsluhlöðum frá því bandi, vitandi að þeir hafa aldrei botnað baun í útlendum tungum. Svo loksins þegar einn þeirra leit upp var Ísland á leiðinni að verða heimsveldi. Davíð búinn að leggjast undir feld að hætti Þorgeirs ljósvetningagoða og tilkynna þjóðinni í kjölfarið að hún yrði aldrei þéð á Evróputaflborðinu. Auðvitað ekki. Við erum heimsveldi framtíðarinnar. Við erum handhafar þeirrar einu sönnu sterku krónu sem finnst á byggðu bóli. Gamla herraþjóðin verður bara að venjast því. Svo kennum við henni bara að jarma til að hún skilji sauðkindina.



Viðskiptalögfræði á Bifröst

Námið samþættir með markvissum hætti viðskipta- og lögfræðigreinar. Frá upphafi er því stefnt að sérhæfingu innan lögfræðinnar með því að veita nemendum traustan grunn á hagnýtu sviði viðskiptalífsins.

Stjórnendanám. Hugmyndin á bakvið viðskiptalögfræðina er að búa nemendur undir að takast á við þau fjölbreyttu verkefni sem biða stjórnenda í atvinnulífinu. Þar þarf að fást við viðfangsefni sem krefjast þekkingar, jafnt í viðskiptafræði sem og lögfræði.

Frekari upplýsingar:

www.bifrost.is

311 Borgarnes | Sími 433 3000

Námið er sex annir. Þú getur lokið BS námi á sex önnum. Metnaðarfullir nemendur geta lokið sex önnum á tveimur árum. Mikið er lagt upp úr verkefnavinnu í smærri hópum og raunhæfum verkefnum. Reynslan hefur sýnt að útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir starfskraftar viðsvegar í atvinnulífinu og eru m.a. vel undir það búnir að hefja feril sinn hjá fjármála, endurskoðenda- og ráðgjafafyrirtækjum.

Framhaldsnám. Þeir sem hyggja á frekara nám eftir viðskiptalögfræðina geta tekið MS gráðu í viðskiptalögfræði. Standi hugur fólks til þess að stunda málflutningsstörf er hægt að taka ML gráðu í lögum sem framhaldsnám.

